



Sámur

BLAÐ HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

2. tbl. 38. árg. september 2014 • verð 999.- kr.



„Árangur kemur
ekki að sjálfum sér”

Tegundarkynning:
Chihuahua

Blóðmítlar

Hvað er góður
sýnandi?

Tvöföld afmælistýning og alþjóðleg sýning HRFÍ



ENNEMM / SIA / ANS46

Hundavernd VÍS tryggir hundinn þinn

Hið óvænta gerir ekki boð á undan sér og því er mikilvægt að hafa hundana rétt tryggða. Líftrygging er góður kostur fyrir þá sem vilja líftryggja hundinn sinn. Sjúkrakostnaðartrygging færir hundinum bestu meðhöndlun sem völ er á ef hann veikist eða

slasast. Auk líf- og sjúkrakostnaðartrygginga býður VÍS upp á afnotamissistryggingu, umönnunartryggingu og ábyrgðartryggingu fyrir hunda. Dýravernd VÍS tryggir einnig hesta og ketti og hún kostar minna en þú heldur.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS



Stjórn HRFÍ

Formaður:

Jóna Th. Viðarsdóttir

Varaformaður:

Herdís Hallmarsdóttir

Gjaldkeri:

Arinbjörn Friðriksson

Meðstjórnendur:

Arinbjörn Friðriksson,

Brynja Tomer,

Guðmundur A. Guðmundsson,

Ragnhildur Gísladóttir og

Sóley Halla Möller

Ábyrgðarmenn:

Fríður Esther Pétursdóttir

Jóna Th. Viðarsdóttir

Ritstjóri:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Auglýsingar:

hrfi@hrfi.is

Ritnefnd:

Anja Björg Kristinsdóttir

Guðrún Helga Harðardóttir

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Heiðrún Finnsdóttir

Heiðrún Villa

Inga Björk Gunnarsdóttir

Jóhanna Reykjalín Þórunn

Inga Gísladóttir

Prófarkalestur:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Umbrot:

Linda Björk Jónsdóttir

Prentun:

Prentmet

Sámur kemur út tvisvar sinnum á ári í 2000 eintaka upplagi. Blaðið er fyrst og fremst sent skuldlausum félögum HRFÍ. Auk þess fá erlend hundaræktarfélög, fjölmiðlar, sjúkrastofnanir og bókasöfn blaðið sent til sín. Tímaritið er einnig selt í lausasölu. Aðsent efni í blaðið er á ábyrgð höfundar og þarf ekki að lýsa skoðun ritnefndar eða stefnu félagsins. Eftirprentun er bönnuð nema að fengnu leyfi höfundar.

Útgefandi:

Hundaræktarfélag Íslands

Síðumúla 15

108 Reykjavík

Sími: 588-5255

Vefsíða: www.hrfi.is

Netfang: hrfi@hrfi.is

ISSN 1027-4235

Sámur 2. tbl 38. árg 2014

Frá ritstjóra

Dómarar hafa það oft á orði að íslenskir ræktendur standi sig gríðarlega vel í ræktun þrátt fyrir þær fjölmörgu hindranir sem verða á vegi þeirra. Þessar



hindarnir eru, eins og flestir vita, mikill kostnaður við innflutning, einangrun landsins og sú staðreynd að hundar þurfi að fara í sóttkví í 4 vikur. Því miður er ekki jafnauðvelt fyrir okkur eins og ræktendur úti í heimi að fá lánaðan hund í ræktun eða flytja inn nýjar línur til að bæta ræktun og stækka genapollinn. Á Íslandi eru fjölmargir hundar á heimsmælikvarða og ósjaldan tala dómarar um það að þeir gætu unnið hvar sem er í heiminum. Einnig hafa þeir nefnt nokkrar tegundir sem eru af meiri gæðum á Íslandi en annars staðar. Við getum svo sannarlega verið stolt af þessu og vonandi hvetur þetta ræktendur til að stefna ávallt að því að gera enn betur í ræktun.

Hundaræktendur- og eigendur erlendis hafa í auknum mæli flutt inn hunda ræktaða á Íslandi, bæði sýningarhunda og veiðihunda. Undanfarin ár hef ég heyrt af fjölmörgum hundum, ræktuðum á Íslandi, sem hafa staðið sig afar vel bæði í sýningarhringjum og á veiðiprófum. Þetta er svo sannarlega gleðiefni fyrir íslenska ræktendur.

Þessu ber að fagna og því langar mig að nota þetta tækifæri og biðja fólk um að senda til blaðsins upplýsingar um íslenskt ræktaða hunda sem hafa náð frábærum árangri erlendis, hvort sem er á sýningum eða í veiði. Upplýsingar ásamt mynd má senda á netfangið auja83@gmail.com

Höldum áfram á þessari braut!

Kær kveðja,

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritstjóri.



Forsíðu Sáms að þessu sinni prýðir stigahæsti hundur ársins 2013,

langhundurinn,

ISShCh ISW-13 RW-13

Sundsda's Wee Kind Of Magic.

Hann er í eigu Arinbjarnar Friðrikssonar og Margrétar G. Andrésdóttur.

Sóley Ragna Ragnarsdóttir tók myndina.

Efnisyfirlit:

Tegundarkynning	4
Blómadropar fyrir hunda	8
Íslenskur ræktandi	10
Pósturinn Páll.	12
Viðtal	13
Blóðmítlar	16
Temple Grandin	17
Vinnuhundadeild	20
Heimsóknarvinur	22
Undaneldisrakkar	24
Tvöföld afmælisýning	26
Alþjóðleg sýning	33
Hvað er góður sýnandi?	38
Síðanefnd HRFÍ	41
Nýir meistarar	42
Frá HRFÍ	43
Deildarfréttir	44



Tegundarkynning: Chihuahua



FINUCh RUCb Sanflai de Pakkinnan Helenes. Ljóm. Sigurdór Sigurðsson.

Chihuahua í 20 ár

Höfundur: Klara Símonardóttir

Um tegundina

Chihuahua eru þekktastir fyrir að vera minnsta hundategund í heiminum. Tegundin er upprunnin í Mexíkó og kemur í tveimur feldafbrigðum, síðhærðu og snögghærðu. Chihuahua er frekar forvitinn vakthundur sem fylgist vel með því hverjir fara um svæðið hans og lætur vita telji hann ástæðu til. Oft hefur það orðspor vilja loða við þessa hunda að þeir séu taugaveiklaðir gjammarar en það má þá helst rekja til þeirra eigenda sem ekki hafa farið með tegundina eins og hunda. Þeir þurfa góða umhverfisþjálfun hjá ræktanda og eigendur verða að halda áfram með þá vinnu. Vel ræktaður og uppalinn chihuahua er frábær félagi sem er þekktur fyrir mikla aðlögunarhæfni.

Uppruni tegundarinnar

Uppruni chihuahua er ekki þekktur en ýmsar vísbendingar um hann hafa komið fram. Olmekar í Mexíkó áttu hunda sem fundust á svæðinu um 1300-400 f.kr. Á útskurði Tolteka frá 9. öld er sýnd mynd af nokkuð smáum hundi, síðhærðum með reist eyru og skott. Sá hundur hefur verið nefndur Techichi og er talinn forfaðir chihuahua og annara mexíkanskra og mið-amerískra tegunda. Toltekar ræktuðu þessa hunda líklegast aðallega til átu. Aztekar nýttu svo þessa sömu hunda fyrir ýmsar trúarathafnir en ekki sem selskapshunda. Í kringum 1500 hvarf veldi Azteka af spjöldum sögunnar og einnig Techichi en í kringum árið 1850 fundust villtir smáhundar í stærsta héraði Mexíkó, Chihuahua. Þeir hundar hlutu nafn sitt af fundarhéraðinu og voru um margt líkir Techichi hundinum nema munurinn er helst sá að nútíma-chihuahua kemur í tveimur feldafbrigðum, síðu og snöggu, og

er einnig nokkuð smærri en Techichi miðað við fornleifar sem sýna myndir af tegundinni. Einnig virðist Techichi hafa verið með lengri feld. Í Evrópu má fyrst sjá hunda sem líkjast chihuahua hjá ítalska málaranum Botichelli en á einni af freskunum sem hann málaði má sjá manneskju halda á snögghærðum smáhundi sem líkist mjög chihuahua. Chihuahua var mjög fágæt hundategund allt til ársins 1900 en þá hófst ræktun á tegundinni en tók þó langan tíma að byggja upp stofninn. Í fyrstu var tegundin aðeins ræktað í Mexíkó og Bandaríkjunum en á



ISCh Vindsvala Góa.

Ljóm. Halldóra Lind Guðlaugsdóttir.

tímabilinu 1930-1950 fluttu nokkrir frumkvöðlar tegundina til Bretlands og Bretar hafa síðan þá verið leiðandi í ræktun á tegundinni ásamt Ítölum og Skandinöfum síðustu ár. Það var svo ekki fyrr en upp úr 1960 sem chihuahua náði almennum vinsældum og komu þær í kjölfar sjónvarpsumfjöllunar um tegundina. Vinsældirnar hafa aukist gífurlega síðustu ár og stundum á kostnað góðrar ræktunar. Það var svo sérstaklega þegar chihuahua fór að birtast reglulega í sjónvarpi sem fylgihlutur stjarnanna að tegundin fór sumsstaðar að verða líkt og fjöldaframleidd og markaðssetningin var sú að ekkert þyrfti að hafa fyrir þeim og að þeir væru hin fínustu töskudýr. Chihuahua hefur breyst nokkuð í útliti síðustu áratugi en í upphafi voru hundarnir háfettari og ekki eins þéttbyggðir og þeir eru í dag en alltaf hefur aðalsmerki tegundarinnar verið eplalagað höfuð, reist eyru og skottið borið í boga eða hálfhring yfir baki.



C.I.B. ISCb Íslands Ísafoldar Angantýr.

Tegundin á Íslandi

Fyrstu chihuahua-hundarnir voru fluttir til landsins frá Norðurlöndunum árin 1994 og 1995 og hefur því tegundin verið hér í 20 ár. Sjö hundar mynda grunninn að tegundinni hér á landi, þeir eru; Bonny-Bell Stay Happy go Lucky,

Mars-Viola Canina, Bubbelina's Empty Pockets, Hollanli's Christal Estevan, Tiddy's Panama, Bonny-Bell Masked Bandito og Bel Ami Chis's I'm the Boss. Fyrsta gotið á Íslandi fæddist að Brjánsstöðum árið 1995 en upp úr því fór að bera mun meira á tegundinni en þó mest síðustu ár enda stofninn orðinn mun stærri með auknum innflutningi og ræktun. Frá upphafi skráningar hafa yfir 500 chihuahua-hundar verið skráðir með ættbók frá HRFÍ og má áætla að stofnstærðin sé um 300 dýr í dag. Sigursælasti chihuahua-hundur á sýningum HRFÍ var Íslands-Ísafoldar Angantýr, hann náði þeim árangri að verða tvisvar besti hundur sýningar (BIS) en það var árin 1998 og 2000.

Útlit

Aðalsmerki chihuahua er eplalagað höfuðið, reist eyrun og skottið sem er borið í boga eða hálfhring yfir bakið. Hundurinn skal vera þéttbyggður og örlítið lengri en hann er hár. Mjög eftirsótt er að fá fram hund sem er nánast ferhyrndur, þá sérstaklega rakka en tükurnar mega vera aðeins lengri. Trýnið á að vera stutt og beint og ennið að bunga örlítið yfir rót trýnisins. Bitið skal vera skærabit eða tangarbit (jafnt bit) en undirbit, yfirbit eða hvers konar óeðlilegt bit er verulega óæskilegt. Augun skulu vera stór en ekki útstæð, sýna mikil svipbrigði og vera mjög dökk. Ljósari augu eru leyfileg en ekki eftirsótt. Eyru eiga að vera stór, upprétt, vel opin og með 45° halla. Eins og áður segir skal hundurinn vera þéttbyggður og sterklegur, þá sérstaklega rakkarnir, með nokkuð stutt beint bak, mitti og brjóstkassinn á ekki að vera tunnulaga. Skottið skal vera sett hátt, breitt við rót og mjökka fram og ætíð skal það vera uppi á hreyfingu en aldrei á milli fótanna eða hringað fyrir neðan baklínu. Chihuahua á hreyfingu

skal vera orkumikill, árvökull og bera bæði höfuð og skott hátt. Stærð chihuahua er aðeins mæld í þyngd og skal hundurinn vega frá 500 gr upp að 3 kg en kjörþyngd er á milli 1,5-3 kg. Hundar yfir 3 kg eru afar óæskilegir í ræktun. Einnig er ekki mælt með því að rækta undan tókum sem vega ekki meira en 1800 gr. Oft er chihuahua ekki kominn í fulla þyngd fyrr en á milli 2 og 3 ára aldurs en þá kemur vöðvafyllingin oftast fram.



Sjörnuskins Kormákur og Íslands-Ísafoldar Jamm Jamm. Ljós. Bjarki Már Gunnarsson.

Allir litir eru leyfðir í tegundinni og allar litasamsetningar en búið er að banna svokallaðan „merle-lit“ sem er í raun frekar genagalli en litur í þessari tegund og er ekki upprunninn náttúrulega í tegundinni. Mikið hefur borið á þessum lit í Bandaríkjunum ásamt ræktun á tebolla-chihuahua og einnig á svokölluðum dádýrs-chihuahua. Ræktun á „merle-hundum“ er mjög vandasöm enda eru hvolpar undan þeim í mun meiri áhættu að glíma við heyrnar- og sjónvandamál. Tebolla-chihuahua eru dvergvaxnir, oft mjög fingerðir og brothættir ásamt því sem ýmsir heilsufarskvillar fylgja slíkri ræktun, svo sem hjartagallar og vatnshöfuð. Dádýrs-chihuahua (Deer Type Chihuahua) er ræktun á hundum sem líta hreint ekki út eins og chihuahua skal líta út og eru mjög óæskilegir í alla ræktun. Tegund er meira en bara nafnið eitt, tegund lýsir ákveðnu útliti hunda, ákveðnum eiginleikum og skapgerð.



*Hrimmis Litli Vargur.
Ljós. Sveinn Magnússon.*

Skapgerð

Chihuahua hefur oft verið sagður stór hundur í litlum líkama enda með eindæmum hugrakkur og lætur óhikað alla vita að hann er stærstur, mestur og bestur. Chihuahua skal vera hugrakkur, snöggur, líflægur og árvökull. Hann er hinn besti vakthundur og fylgist vel með öllu. Chihuahua á hvorki að vera árásgjarn eða mjög feiminn en hvort tveggja getur orðið ef hundurinn fær ekki næga umhverfisþjálfun á hvolpsaldri. Felst umhverfisþjálfun í því að kynna hvolpinn fyrir sem flestu í umhverfi hans. Chihuahua er ekki vinnuhundur en á Íslandi hafa nokkrir staðið sig vel í hundafimi og einn hefur lokið bronsprófi í hlýðni. Auk þeirra er einn mjög virkur heimsóknarhundur hjá Rauða Krossi Íslands og heimsækir reglulega langveik börn og vitað er um fleiri sem eru hjálparhundar eigenda sinna. Chihuahua getur verið dyntóttur og tekur oft sinn tíma í hlutina, til dæmis það að koma sér að matnum. Chihuahua eru ekki taldir heppilegir barnahundar enda smáir og ekki þolinmóðasta hundategundin gagnvart áreiti, þó alltaf séu á því undantekningar.

Heilsufar

Chihuahua hefur löngum verið talin einstaklega heilsuhraust tegund en síðustu ár hafa komið upp ýmis heilsufarsvandamál. Ekki er víst hvort þau séu ný af nálinni eða einfaldlega nýlega uppgötvuð. Almenn heilsufar flestra chihuahua-hunda er gott og fæstir þurfa að fara mikið oft til dýralæknis en

í almennar sprautur og skoðanir. Hundar af þessari tegund hafa náð allt að 20 ára aldri en algengara er að þeir lifi til ca. 13 ára aldurs. Helsta vandamálið í dag er hnéskeljalos sem hrjáir suma hunda, vægt hnéskeljalos háir almennt ekki hundinum en séu hnéskeljarnar mjög lausar getur það háð þeim í samræmi við það. Skylda er að augnskoða chihuahua áður ræktað er undan þeim en augnsjúkdómar teljast þó ekki algengir í tegundinni. Þeir geta fengið míturhljóð í hjarta en það greinist sjaldnast fyrr en um og eftir 8 ára aldur. Tannleysi er ekki algengt í tegundinni og þá bæði vegna erfða og einnig vegna þess hve tegundin er gjörn á að safna tannstein sem leiðir svo til tannholdsbólgu og tannmissis.



*Misty Meadow's What a Kiss.
Ljós. Bjarki Már Gunnarsson.*

Umhirða

Eins og áður sagði er umhverfisþjálfun mjög mikilvæg fyrir chihuahua til þess að þeir virki sem best í umhverfinu.

Chihuahua þarf mjúkan aga og ekki þýðir að beita þá hörku eða fara að þeim með offorsi. Þeir þurfa stundum tíma til að taka út aðstæður og þá er best að gefa þeim þann tíma. Lítil feldhirða fylgir tegundinni en gott er að burstu þá annað slagid og venja þá við handfjötun svo að heimsóknir til dýralæknisins verði auðveldari. Einnig þarf að klippa klær reglulega. Gott er að gefa chihuahua-hvolpum að borða þrisvar til fjórum sinnum á dag og fullorðnum hundum tvisvar sinnum til þess að halda blóðsykri stöðugum. Nauðsynlegt

er að fylgjast með tönnum hundsins, að þær safni ekki tannsteini og sjá til þess að hann sé hreinsaður. Algengt er að chihuahua séu frekar matgrannir fram á fullorðinsaldur og frekar renglulegir enda ná þeir ekki fullri fyllingu fyrr en á milli 2 og 3 ára aldurs. Chihuahua þarf reglulega hreyfingu til þess að líða vel og fullorðinn hundur í góðu formi þolir vel styttri fjallgöngur og góða göngutúra. Hvolpa ætti að hreyfa stutt í einu til þess að leggja ekki of mikið álag á liði og bein í vexti. Mikið er til af fatnaði gerðum fyrir tegundina sem er þó oftast ónaúsynlegur fyrir þá síðhærðu en þeir snögghærðu eru iðulega meiri kuldaskræfur og getur verið gott að eiga hlýtt vesti til þess að sannfæra þá um að fara út á veturna.

Ræktun

Innan HRFÍ hefur verið haldið vel utan um ræktun á tegundinni og hefur verið gott samstarf milli Chihuahua-deildarinnar og stjórnar HRFÍ um kröfur um heilsufarskoðanir sem nauðsynlegar eru fyrir þörun. Einnig hefur deildin verið í samstarfi við chihuahua klúbba Norðurlandanna, sótt sameiginlega stefnumótunarfundi og verið með þeim fyrstu til að innleiða nýjar reglur í ræktun og reglulega eru gerðar kannanir á heilsufari.



*Íslands-Ísafoldar Kolka og Perluskins Casper
Dínó. Ljós. Klara Simonardóttir.*

Chihuahua er ekki fyrir alla en þeir sem kynnast tegundinni heillast iðulega af henni enda eins og sannur chihuahua myndi segja; chihuahua - stærstir, mestir og bestir!

100% ÁBYRGÐ
líti ykkur ekki við fóðrið
fæst full endurgreiðsla



Hágæða hráefni, frábært bragð

100%
af því sem þarf

0%
af því sem þarf ekki

Það er leiðin til betra lífs



MÆLT MEÐ AF
DÝRALÆKNUM
UM ALLAN HEIM



Blómadropar fyrir hunda (R-S)

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Í þessu tölublaði Sáms er áfram fjallað um notkun blómadropa fyrir hunda. Dropana má nota við margs konar kvillum en langalgengast er að þeir séu gefnir við andlegu ójafnvægi en stundum þó líka við líkamlegum einkennum. Ef einhver óvissa er um ástand hundsins er vitaskuld skylda hvers hundeiganda að hafa samband við dýralækni. Í 2. tbl. Sáms 2012 var fjallað mjög stuttlega um tilurð blómadropanna, framleiðsluhátt, blöndun og hvernig á að gefa þá og er vísað í það blað til viðbótar þessari grein. Ef fólk vill kynna sér efnið enn ítarlegar eru til fjölmargar bækur um þetta efni sem og fræðslufni á netinu.

Red Chestnut

Þessir dropar eru fyrir hunda sem eru hræddir eða kvíðafullir vegna annarra og verja heimili sitt eða eiganda á ofsafenginn hátt. Droparnir koma á öryggistilfinningu og auka traust til annarra. Einnig er gott að gefa þá til að róa fólk eða hunda við neyðaraðstæður.

- » Fyrir hunda sem eru yfir sig áhyggjufullir vegna eigin afkvæma eða barna húsbóndans.
- » Fyrir tíkur sem sinna hvolpum sínum á öfgafullan hátt, til dæmis sleikja þá of mikið, verja hvolpana fyrir fólki og venja þá ekki af spena.
- » Fyrir tíkur sem er verið að venja hvolpa undan og afhenda á ný heimili. Einnig gott að gefa tikinni ef þarf að taka hvolp frá henni tímabundið, til dæmis vegna heimsóknar til dýralæknis.
- » Fyrir hunda sem sýna ótta þegar eigandinn fer að

heiman. Hundurinn reynir að koma í veg fyrir að eigandinn fari eða reynir með öllum ráðum að fá að koma með.

Red Chestnut er venjulega blandað við aðra blómadropa sem virka vel á hræðslu og kvíða, til dæmis Aspen og Mimulus. Alltaf ætti að skoða ástæðuna fyrir hegðun hundsins. Hundar eru næmir á líðan eigandans og andrúmsloftið á heimilinu og því gæti hegðun og áhyggjur hans átt upptök sín þar. Í slíkum tilvikum ætti að hafa í huga að eigendurnir tækju einnig þessa dropa.

Rock Rose

Þessir blómadropar eru fyrir ofsafengna hræðslu. Droparnir eru gagnlegir fyrir hunda sem eru skelfingu lostnir því þeir stuðla að kjarki og yfirvegun.

- » Þegar hundurinn sýnir merki ofsafenginn ótta, er kaldur viðkomu og skelfur.
- » Gagnlegir við aðstæður þegar ótti hundsins veldur ógn við hann sjálfan og nærstadda.
- » Fyrir hunda sem þora ekki að fara út fyrir hússins dyr.
- » Fyrir hunda sem verða ofsahræddir við þrumur, eldingar og flugelda.
- » Fyrir hunda sem hefur verið farið illa með.

Ef skelfing hundsins veldur því að ekki er hægt að handsama hann eða handfjatra þá er hægt að blanda dropana út í vatn og spreya á hann.

Einkenni skelfingarinnar eru mun meiri og sterkari en hræðslueinkennin sem eiga við notkun Mimulus-dropana. Þessa dropa er líka gott að nota ef hundurinn er mjög hræddur við heimsókn til dýralæknisins og hræddur við að ferðast á einhvern vissan hátt, til dæmis í flugvél.

Rock Water

Rock Water virkar gegn ósveigjanleika og undirokun. Droparnir koma á sveigjanleika, aðlögunarhæfni og þýðleika.

- » Fyrir allar tegundir ósveigjanleika; líkamlegan, andlegan og hegðunarlegan.
- » Góðir fyrir hunda sem eru stíðir, erfiðir í þjálfun, eiga erfitt með að læra og sýna óviðráðanlega hegðun, til dæmis yfirráðasemi.
- » Fyrir hunda sem eiga erfitt með að aðlaga sig að breyttri rútínu og sýna streitueinkenni vegna þess.
- » Fyrir hunda sem eru þrjóskir.
- » Fyrir hunda með liðagigt.

Rock Water er gagnlegt fyrir þá hunda sem krefjast göngutúrs á sama tíma hvers dags, burtséð frá veðri eða aðstæðum eigandans. Þeir eru erfiðir í þjálfun og það tekur langan tíma að kenna þeim nýja hegðun. Þeir reyna að fordast að taumur sé settur á þá. Þeir vilja bara eina tegund af mat, úr einni tegund matardalla - sem sagt fyrir hunda sem sýna einstrengishátt.

Rock Water má blanda við Rock Rose ef hundurinn sýnir

mikla hræðslu eða með Beech ef hann sýnir merki um yfirráðasemi og grimmd. Gott er að blanda Rock Water við Oak ef hundurinn er mjög vanafastur og gengur á sjálfan sig vegna þess. Ef hundurinn verður uppgefnir vegna hegðunar sinnar má blanda Rock Water við Olive-dropana og við Walnut ef auka þarf aðlögunarhæfni, til dæmis vegna breytinga á lífsháttum.

Scleranthus

Þessir dropar virka á ófyrirsjáanleika og ójafnvægi og koma á stöðugleika og jafnvægi.

- » Fyrir hunda sem eru með ófyrirsjáanlegt skapferli, stundum lýst af eigendum sínum sem „gedklofa“. Gedslag þeirra sveiflast öfganna á milli. Stundum öruggir en í annan tíma feimnir. Stundum manneliskir en stundum árásargjarnir, hlýðnir einn daginn en óhlýðnir þann næsta. Borða yfir sig en vilja svo ekkert borða.
- » Fyrir hunda sem eru lengi að ákveða hvar þeir eigi að leggjast. Þeir vafra um og máta hina og þessa staðina áður en þeir ákveða að leggjast niður og hvílast.
- » Fyrir hunda sem þjást af sjúkdómi sem er óútskýrður og með mismunandi einkenni, til dæmis stundum harðlífi og stundum niðurgangur. Hundurinn vill engan mat eða óendanlega mikinn mat. Einkenni sem stundum hverfa en koma svo aftur. Heilsan er ýmist góð eða slæm, hún sveiflast öfganna á milli.
- » Fyrir hunda sem virðast vera áttavilltir eða ruglaðir og reika um stefnulausir.
- » Fyrir hunda sem virðast fá störu, sjá ofsjónir eða heyra ofheyrnir. Gelta út í loftið að einhverju sem enginn sér eða heyrir til. Þeir geta líka sleikt sig eða nagað af áfkafa.
- » Fyrir hunda sem eru með vandamál í innra eyra og þjást af jafnvægisleysi.
- » Fyrir hunda sem eru bílveikir.
- » Fyrir hormónaójafnvægi.

Scleranthus blandað við Walnut er oft gefið hundum sem virka eina stundina við dauðans dyr en eru fullir af lífi þá næstu. Þeir eru einnig góðir fyrir eigandann sem er að takast á við upp- og niðursveiflur í meðferð hundsins og tilfinningarússibanann sem því fylgir.

Gott er að gefa tükum sem eru með skapbreytingar vegna lóðarís eða gervimeðgöngu.

Í stuttu máli eru þessir dropar fyrir allar sveiflur öfganna á milli.

Star of Bethlehem

Droparnir virka á öll einkenni áfalls, hvort sem þau eru andleg eða líkamleg. Þeir koma á yfirvegum.

- » Fyrir hunda sem hafa upplifað slys, mikinn sársauka, áföll eða missi.
- » Fyrir hunda sem hafa upplifað illa meðferð eða svelti í langan tíma.

- » Fyrir hvolpa eftir erfiða fæðingu.
- » Fyrir dofa eftir ofkælingu.
- » Við ofnæmi sem virðist spretta fram eftir einhvers konar áfall.
- » Gott að gefa eftir svæfingu og aðgerð. Einnig ef hundurinn hefur orðið fyrir einhvers konar eituráhrifum.

Dropana er hægt að gefa á nef, góm eða í munn hunda sem eru meðvitundarlausir eftir einhvers konar áfall og þar með er strax hafið heilunarferli.

Hundaathvörf erlendis nota þessa dropa mikið fyrir hundana sem koma til þeirra. Hundunum hefur annað hvort verið bjargað úr vondum aðstæðum eða upplifað hræðslu og svelti við það að týnast.

Sweet Chestnut

Sweet Chestnut tekur á mikilli andlegri angist. Droparnir koma á þrautseigju og úthaldi.

- » Fyrir hunda sem hafa komist á endastöð líkamlegrar eða andlegrar getu og hafa gefist upp.
- » Fyrir hunda með langa sögu andlegrar eða líkamlegrar þjáningar vegna illrar meðferðar eða vanrækslu.
- » Fyrir hunda sem eru vonlausir eftir langt og strangt sjúkdómsferli.
- » Fyrir hunda sem neita að borða eftir að hafa verið aðskildir frá eiganda sínum.
- » Fyrir hunda sem skaða sjálfa sig.
- » Fyrir tükur sem upplifa gotið sem sársaukafullt og erfit.
- » Fyrir hunda sem eru með maga- og meltingarvandamál.

Þessir dropar eru góðir fyrir hunda sem hefur verið bjargað úr hræðilegum aðstæðum, til dæmis frá hvolpaframleiðendum eða rannsóknastofum. Þeir hjálpa þeim að komast út úr „svartnættinu“.

Einkennin hjá hundum eru ekki alltaf augljós en það ætti engu að síður að hafa þessa dropa í huga við vissar aðstæður sem hundar lenda í, til dæmis við dauðsfall eiganda.

Einnig fyrir hunda sem eru verulega kvaldir og pirraðir vegna eyrna- og/eða húðvandamála og uppþembu.

Sweet Chestnut er venjulega blandað saman við Olive til að auka enn frekar á þrautseigju. Þegar þeir eru notaðir við húðvandamálum má spreypja þeim beint á húðsvæðið sem er sýkt.

Heimildir:

Bach Flower Remedies for Animals eftir Helen Graham & Gregory Vlamis, 1999.

Bach Flower Remedies for Animal eftir Stefan Ball & Judy Howard, 1999.

Íslenskur ræktandi

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Ásgeir Heiðar er flestum hundeigendum kunnugur. Hann hefur verið viðloðandi veiðihunda í um 30 ár og í gegnum tíðina sýnt fallega hunda sem eru framúrskarandi veiðihundar. Hann er veiðimaður af lífi og sál, hvort sem um er að ræða stangveiði eða skotveiði. Ásgeir Heiðar leggur mikla áherslu á að hundarnir hans séu með mikið veiðieðli. Iðni og þolinmæði eru að hans mati lykilatriði við þjálfun hunda. Hann er sérfróður um þjálfun standandi veiðihunda og hefur haldið námskeið og skrifað greinar um þjálfun slíkra hunda.



F.v. ISFtCh C.I.B. ISCh Vatnsenda Kara og njinnflutti, Karacanis Harpa. Ljós. O.E.

Hvenær og hvernig vaknaði áhugi þinn á hundum og hundaræktun og af hverju heillast þú af þinni tegund?

Ég hef átt hunda frá unga aldri en eignaðist fyrsta hreinræktaða fuglahundinn minn, írskan seta, árið 1982. Ég átti þrjá slíka en þegar þeirra tími var liðinn ákvað ég að vanda valið og kynnti mér þær tegundir sem voru í boði erlendis. Eftir miklar vangaveltur varð síðan enski pointerinn fyrir valinu. Var ég svo heppinn að kynnast besta pointer-manni Svía og fékk hjá honum, árið 1995, tveggja ára tík sem ég flutti til landsins. Fljótlega flutti ég svo inn tvo karlhunda.

Hvernig varð ræktunarnafn þitt til?

Ég sótti um nokkur ræktunarnöfn sem var hafnað en að lokum fékk ég samþykki fyrir „Vatnsenda“, enda bý ég þar.

Hverjir hafa haft mest áhrif á þig og aðstoðað þig mest í hundaræktuninni?

Aðallega norðmaður nokkur, Frank-Tommy Olsen, en hann er algjör viskubrunnur um allar ættir pointera um víða veröld. Einnig er ég í sambandi við helstu pointer-ræktendur í heiminum.

Hvernig finnst þér ræktunin hafa gengið?

Ég legg mesta áherslu á veiðihæfileika og byggingu,

skapgerð og almennt heilbrigði.

Mér finnst þetta hafa tekist vonum frammar hjá mér og hef átt fjóra þrefalda meistara, veiði-, alþjóðlega- og íslenska meistara, og ræktað tvo af þeim.

Hvaða hundur eða hundar úr þinni ræktun finnst þér bera af öðrum?

Það er erfitt að gera upp á milli barna sinna.

Hvaða hundur eða hundar hafa, að þínu áliti, haft mest áhrif á stofninn hér á Íslandi?

Það er án efa ISFtCh C.I.B. ISCh Karacanis Donna. Hún var sá fallegasti og besti fuglahundur sem ég hef séð. Ég flutti hana inn sem hvolp frá Noregi og



F.v. ISFtCh C.I.B. ISCh Vatnsenda Nóra, Kara og Véra. Ljós. Á.H.

þjálfaði. Hún var annar besti hundur sýningar af 700 hundum ásamt því að verða veiðimeistari. Ég paraði hana með C.I.B. ISCh Vatnsenda Laxa og sendi fimm afkvæmi hennar til Bandaríkjana sem hafa náð frábærum árangri í veiðikeppnum þar. Einn þeirra varð í öðru sæti í „The Nationals“ 2011. Þá er ISFtCh C.I.B. ISCh Vatnsenda Nóra undan þeim. Þriðji ættliðurinn er svo ISFtCh C.I.B. ISCh Vatnsenda Kara.

Eftir hverju ferðu aðallega þegar þú ákveður að para saman hund og tík og hvernig velur þú hvorp til áframhaldandi ræktunar?

Ég horfi mest til veiðihæfileika og byggingarlags, svo og hlaupastíls. Ég hef verið hrifnastur af ítölskum og skandinavískum línunum og er mín ræktun þannig upp byggð.

Áttu einhver góð ráð til annarra ræktenda?

Að reyna eftir fremsta megni að rækta saman vinnuhæfileika og útlit.

Hvernig hefur þér tekist að samræma hundahaldið daglegu lífi í þéttbýlinu og finnst þér ríkja í þéttbýlinu skilningur og umburðarlyndi gagnvart hundeyndum?

Ég hef alltaf átt hunda svo ég þekki ekkert annað en að samræma líf mitt með hundum. Ég get ekki sjálfur kvartað yfir neinu en ég er svo heppinn að búa á þannig stað – sveit í borg.

Ertu ánægður með þróun ræktunar á þinni tegund eða finnst þér að ræktendur mættu huga betur að einhverjum atriðum varðandi hana?

Ég hef verið svo heppinn að geta stjórnað sjálfur ræktun á minni tegund og reyni að gera það eins vel og ég get.

Áttu einhverjar óuppfylltar óskir um framtíð ræktunar þinnar eða tegundarinnar í heild?

Að haldið verði áfram á þeirri braut sem lagt var upp með.

Að lokum, hvernig myndir þú vilja að fólk minnst þín sem hundaræktanda?

Að mér hafi tekist að rækta saman hæfileika og útlit.



Vatnsenda pointerar í vinnunni í Bandaríkjunum, f.v Eldur, Hjörtur, Dylan og Byron. Ljós. Á.H.



F.v. Vatnsenda Dylan og Byron. Ljós. Á.H.

Ritstjóri og ritnefnd Sáms þakka af alhug eftirfarandi aðilum fyrir greinaskrif, ljósmyndir eða aðra aðstoð varðandi útgáfu blaðsins:

Ágústi Ágústssyni, Ásgeiri Heiðari, Bjarka Má Gunnarssyni, Fríðu Kristínu Heiðarsdóttur, Halldóru Lind Guðlaugsdóttur, Jónu K. Herbertsdóttur, Juha Kares, Klöru Símonardóttur, Kristínu Jónu Símonardóttur, Kristlaugu Elínu Guðlaugsdóttur, Ligu Liepina, Lísu Bjarnadóttur, Mariönnu Gunnarsdóttur, Siðanefnd HRFÍ, Sigríði Ingadóttur, Sigurdóri Sigurðssyni, Sveini Magnússyni, Sóleyju Rögnu Ragnarsdóttur, Theodóru Róbertsdóttur, Unglingadeild HRFÍ, Vinnuhundadeild HRFÍ, Yiannis Vlachos, Yvonne Mikkavaara og Þorbjörgu Ástu Leifsdóttur.

Pósturinn Páll

Höfundur: Jóhanna Reykjalín
„Hunda-Hanna“
hanna@hundahanna.is

Flestir sem ég þekki eru með bréfalúgu á útidyrhurðinni hjá sér. Á hverjum degi kemur svo ókunnug manneskja í **eldrauðri úlpu**, læðist upp tröppurnar og smeygir einhverjum óþverra (gluggapósti) inn um þetta gat á hurðinni. Mér er meinilla við þetta. Ég veit orðið hvenær þessi óþokki kemur svo ég byrja að undirbúa komu hans svona hálf tíma áður en von er á honum. **Ég hita upp með því að ganga um gólf**, oft, fram og til baka. Stundum leyfi ég öllum að halda að ég sé sofandi en ég veit sko alveg af því að þessi óþokki kemur von bráðar. Ég sef með annað augað opið.

Svo heyrir ég lágt skríjál. Ég sperry eyrun, vöðvarnir spennast, skottið stýfnar, hjartað hamast, augun opnast ... og bréfalúgan líka! „**VOFF VOFF VOFF VOFF VOOOOOOFFFF**“, öskra ég á óþokkann. Hann getur troðið þessu drasli inn um bréfalúguna en ég mun **ALDREI** hleypa honum inn í húsið okkar! Stundum fæ ég líka hvatningu frá eigandanum. Hann öskrar með mér orðið „**ÞEGIDU**“ og ég er sko alveg sammála, þessi óþokki getur gjört svo vel og haldið **KÁ JOÐ!** Ég heyrir að óþokkinn er hræddur. Hann trítlar sömu leið niður tröppurnar og ég finn hvernig hjartað í mér hægir á sér.

Fjúkket. **MÉR TÓKST ÞETTA EINU SINNI ENN!**

Þessi frásögn gæti átt við heima hjá nágrannanum, þér eða í raun hverjum þeim sem á hund. Ég er blessunarlega svo heppin að mínir hundar kippa sér lítið upp við „the red devil“ enda er ég svo heppin að þekkja pósturmanneskjuna ágætlega og þeir þekkja hana líka. Hún hefur því komið hingað inn í múnderingunni og spjallað við hundana. Mjög gott.

Aðrir lenda í því að parketið er spænt upp nánast áður en pósturinn snertir lúguna. Flestum finnst þetta mjög hvítleitt vandamál en vita ekki hvernig hægt er að takast á við það.

Það eru fjölmargar leiðir færar og um að gera að finna þá réttu fyrir þig og hundinn þinn.

Ein leið er til dæmis sú að takmarka aðgang hundsins að útidyrhurðinni. Það þýðir að hundurinn á **EKKI** að sofa inni í forstofu eða þar sem mikill umgangur er. Það getur valdið mikilli streitu og kveikt undir mikla varnarhvöt hjá hundinum sem tekur eftir allri umferð fyrir utan húsið. Ef forstofuhurðinni er einfaldlega lokað er ólíklegt að hundurinn taki eftir því

þegar pósturinn kemur = vandamál leyst!

Önnur leið er að tala einfaldlega við pósturmanneskjuna og fá hann/hana til að heilsa upp á loðna óargardýrið þitt. Leyfa þeim að kynna og mynda vináttusamband sín á milli. Stundum er það hægt. Stundum ekki.



Teikning: Agúst Agústsson

Það er líka hægt að færa póstinum poka af uppáhaldsnammi hundsins og biðja hann/hana um að smella alltaf einu góðu nammi með inn um lúguna í leiðinni. Það þarf þó að fara varlega í þetta því sumir hundar geta litnið á nammið sem verðlaun fyrir gelt meðan aðrir hundar hætta að gelta og biða spennir eftir óvænta glæðningnum. Ef pósturmanneskjan er einstaklega

þolinmód manneskja er líka hægt að biðja hana um að standa fyrir utan hurðina þar til hundurinn þagnar og ÞÁ smella nammi inn um lúguna áður en hún lætur póstinn inn. Það þýðir samt að í fyrsta skiptið gæti manneskjan þurft að standa við hurðina í 10-20 mínútur því loðdýrið skilur ekkert af hverju hún fer ekki. Sá tími styttest síðan með hverjum deginum þar til að eitt „boffs“ situr eftir, bara til að láta vita að pósturinn sé kominn!

Klikkerþjálfarar grípa margir hverjir til þess ráðs að „klikka inn“ póstinn. Það er að segja, hundinum er kennt að sækja póstinn og skila honum til eiganda. Óæskilegi hluturinn, sem kemur inn um gatið á hurðinni, verður því skyndilega að eftirsóknarverðri „vinnu“ sem hundurinn sinnir af kostgæfni.

Hvada leið sem þú velur þá mæli ég með því að þú gerir eitthvað til þess að takast á við þetta vandamál, sé það til staðar. Það er alls ekki gott fyrir hundinn að fá „adrenalín-kikk“ um allan líkamann í aðstæðum sem þessum og getur það tekið hann nokkurn tíma að jafna sig – jafnvel fram á næsta dag!

„Árangur kemur ekki af sjálfum sér, maður uppsker því sem maður sáir“

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Sigríður Ingadóttir eða Síða, eins og hún er kölluð, hefur átt góðu gengi að fagna í hundaheiminum í Svíþjóð og á Norðurlöndunum. Síða er búsett í Svíþjóð en hún flutti þangað árið 2008. Hún hóf ræktun sína á chinese crested á Íslandi undir ræktunarnafninu Inya Dreams og nutu hundar frá hennar ræktun mikillar velgengni á sýningum hérlendis sem hélt svo áfram í Svíþjóð. Hún á og rekur fyrirtækið, Groom It, sem sérhæfir sig í feldvörum fyrir hunda. Þar sem Síða hefur náð gífurlega góðum árangri á erlendri grundu lék Sámi forvitni á að vita meira um þessa kraftmiklu ungu konu og hundalífið í Svíþjóð.



Síða og Jackson á Pudelnationalen í Svíþjóð 2014 þar sem Jackson var sýndur í fyrsta skipti í meistaraflökki. Hann sigraði flokkinn og endaði sem 3. besti ræki í mjög harðri samkeppni. Ljós. Yvonne Mukkavaara.

Tíkin sem breytti öllu

Síða var unglingur þegar hún fór „í hundana“ en þá eignaðist hún sinn fyrsta hreinræktaða hund, yndislega og ljúfa schäfer-tík og var ekki aftur snúið. „Smám saman vaknaði áhugi hjá mér á sýningum og þjálfun og tók ég mín fyrstu skref með dobermann-tík úr einu af fyrstu gotunum sem fæddust á Íslandi.“ Hún var búin að kynna sér málin vel áður en hún tók dobermann-tíkina að sér og var komin í samband við traust fólk í tegundinni. „Þessi tík átti eftir að breyta öllu og koma mér á bólakaf í hundana. Hún varð mín eftir dálitla pressu frá mér á ræktandann sem ætlaði að halda henni sjálfur. Saman lærðum við að vera „sýnandi og sýningarhundur“ og ég fór líka með hana í hlýðni, sporþjálfun, hundafimi og ég hefði ekki getað hugsað mér betri heimilishund.“

Tímaskekkja á Íslandi

Aðspurð segir Síða hundalífið í Svíþjóð allt öðruvísi en á Íslandi og talar um að ákveðin tímaskekkja sé á Íslandi þegar kemur að hundahaldi. „Það er svo margt á Íslandi sem er

frábrugðið því sem gengur og gerist annars staðar. Hundar mega hvergi vera, það er erfitt að ferðast með þá og ógjörningur að taka þá með sér út fyrir landsins steina.” Eftir að Síða hóf að rækta hafa draumar hennar alltaf verið stórir og hefur hún leitast við að láta þá rætast eftir bestu getu. Það er að hennar sögn mun auðveldara í Svíþjóð „Mér fannst til dæmis mjög erfitt hve takmarkaðir möguleikar mínir voru í ræktun vegna einangrunarinnar. Að vera hundaræktandi í Svíþjóð er mun auðveldara en á Íslandi. Hér lána ræktendur hunda á milli landa, auðvelt er að fara til annarra landa til að para tíkina sína og svo mætti lengi telja.” Síðu langaði einnig að sýna hundana sína í mikilli samkeppni því fyrir henni snerist þetta aldrei um að hundarnir hennar yrðu bestu hundar tegundar, hún vildi eitthvað meira en það. Í Svíþjóð standa hundaáhugafólki allar dyr opnar, hvort sem það er einhvers konar vinna með hunda, til dæmis hlýðni, sporþjálfun og varnarþjálfun eða sýningar. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi enda starfið mjög virkt innan þessara hópa.



Á alþjóðlegri sýningu í Lúxemborg öðluðust chinese crested-féðgarnir, Inya Dreams Not Just a Pretty Face og faðir hans, SECh LUCH USCh Curlious Cache Is King meistaranafubátunar Lux. Jr. Ch (Lúxemborgar unglíða-meistari) og LUCH (Lúxemborgar meistari).

Menningarsjokkið

Eins og áður sagði flutti Síða til Svíþjóðar árið 2008 og vógu þættir eins og löngun í eitthvað nýtt, nýjar áskoranir og tilbreyting þyngst þegar ákvörðunin var tekin. „Ég var búin að vera mikið í Svíþjóð á hundasýningum og að hitta ræktendur og líkaði einstaklega vel. Það er svo margt sem mér finnst

aðlaðandi við land og þjóð og margt sem við Íslendingar mættum taka okkur til fyrirmyndar.” Hún segir hundalífið í Svíþjóð frábært enda séu möguleikarnir endalausir og þar er svo sannarlega eitthvað sem gefur manneskju eins og henni mikinn innblástur. Hundarnir tóku flutningunum vel en Síða segir að „menningarsjokkið” hafi komið örlítið seinna þegar hún áttaði sig enn betur á þeirri frábæru staðreynd að hundar mættu alls staðar vera; í strætisvögnum, lestum, í miðbænum og svo mætti lengi telja.

Groom It

Síða á og rekur fyrirtækið „Groom It” sem sérhæfir sig í feldvörum fyrir hunda. Hún er dreifingaraðili „Pure Paws”-feldvaranna á Norðurlöndunum og einnig fyrir „Groomers”-feldvörurnar. „Við leggjum áherslu á að vera með allt sem við kemur feldhirðu, allt frá snyrtivörum til vinnuklæðnaðar.” Hún er ávallt með sölubás á stærstu hundasýningunum á Norðurlöndunum og var meðal annars með bás á heimssýningunni í Helsinki í ágúst sem gekk mjög vel.



Silfurlitadi dvergspúðlinn, Multi Ch. Kudos Elsker, náði sér í titilinn LUCH á alþjóðlegri sýningu í Lúxemborg.



Multi Ch. Multi Winner Hufffish Made For Headlines „Bonnie“ sigraði tegundabóp 9 og endaði sem 4. besti hundur sýningar á stórrí sýningu í Svíþjóð.

Ræktunin

Inya Dreams er ræktunarnafn Sídu eins og áður sagði og ræktar hún chinese crested og er nýbyrjuð að rækta poodle. Hún hefur náð frábærum árangri með hundana sína á sýningum og segir árangurinn liggja í þeirri vinnu sem á sér stað utan sýningarhringjanna. „Til að ná árangri skiptir gríðarlega miklu máli að vera raunsær og heildarlegur, sérstaklega við sjálfan sig. Maður verður að setta sig við þá staðreynd að allir hvolpar séu ekki stjörnur en hafa í huga að þeir verði frábærir heimilishundar fyrir ástríkar fjölskyldur og einstaklinga.“ Alveg síðan Sída fékk áhuga á ræktun hefur hún gefið sér góðan tíma til að fara út á sýningar, tala við reynda ræktendur og kynna sér málin vel. Hún segir skoðanir hennar og áherslur hafa breyst með tímanum eftir því sem bættist í reynslubankann. „Svo verðum við líka að hafa í huga að þegar við ræktum hunda erum við að eiga við náttúruna og þar af leiðandi er erfitt að segja til um hver útkoman verður. Það er hægt að gera allt rétt „á pappír“ með því að spá og

spegúlera og liggja yfir ættbókum en samt verður útkoman ekki eins og maður hafði hugsað sér eða vonast eftir.“ Sída segir að alltaf sé hægt að gera betur og að ræktendur ættu að hafa það í huga þótt hundunum hafi gengið vel á sýningum, verið heilsuhraustir og gleðigjafar á sínum heimilum. Orðatiltækið „betur má ef duga skal“ eigi vel við. „Samkeppnin hér í Svíþjóð er mjög hörð og það þýðir ekkert annað en að halda sér á tánum. Það er ekki nóg að hundarnir séu góð eintök sinna tegunda heldur verða þeir að vera í frábæru líkamlegu ástandi og vel sýndir ef árangur á að nást.“

Poodle heillaði

Ekki er langt síðan að poodle kom inn á heimili Sídu en tegundin hefur alltaf heillað hana. „Þetta eru vinnuglaðir og skemmtilegir hundar með FULLT af feld! Ég fékk mér ekki poodle fyrr vegna þess að ég kunnist ekki að klippa þá. Ég ætlaði sko ekki að standa í allri þessari feldvinnu til að hafa hundinn svo illa klipptan!“ Einn daginn var Sída að spjalla við poodle-ræktandann, Charlotte

Sandell í símann og spurði hana að gamni hve lengi hún þyrfti að bíða eftir standard poodle-hvolpi frá henni. Fimm mínútum seinna var hún komin með lista af hundum sem voru ýmist í Svíþjóð eða á leiðinni þangað ásamt plönuðum gotum til að velja úr. „Charlotte sagðist líka vera með tók sem væri svolítið villt en hana langaði að halda inni í ræktuninni. Tók sem með réttum sýnanda væri „winner“. Ég þyrfti ekki að hugsa mig tvisvar um og ákvað að taka hana.“

Bonnie og Jackson

Umrædd tók, Multi Ch. Multi Winner Hufffish Made For Headlines „Bonnie“, er nú margfaldur meistari og hefur nokkrum sinnum verið valin besti hundur sýningar á sérsýningum fyrir poodle. Hún er ein af sigursælustu poodle-tökum á Norðurlöndunum! Árið 2013 var svo sannarlega frábært en hún endaði sem stigahæsti standard poodle-hundurinn í Svíþjóð! Þegar þetta er skrifað á hún von á sínu fyrsta goti.

Sída hefur fengið nýtt „verkefni“, standard poodle-rakkann, Hufffish American Sinner eða „Jackson“. „Hann kom til mín í janúar og hefur aðeins verið sýndur á völdum sýningum. Hann er nú þegar orðinn danskur og sænskur meistari og hefur unnið tegundahóp 9. Ég vona að þetta sé bara byrjunin. Hann verður tilbúinn í slaginn á næsta ári svo við skulum sjá hvað setur.“

Að lokum segist Sída hiklaust mæla með því að flytja til útlanda og upplifa hundalífið erlendis. „Ef fólk vill víkka út sjóndeildarhringinn, fá nýja sýn á hundarækt, er tilbúið að vinna og leggja á sig það sem þarf, þá mæli ég hiklaust með því.

Árangur kemur ekki af sjálfu sér, maður uppsker því sem maður sáir.“

Blóðmítlar

Höfundur: Lísá Bjarnadóttir, dýralæknir

Töluverð fjölgun hefur orðið á tilfellum á Íslandi þar sem blóðmítlar (e. ticks) hafa fundist á hundum. Í langflestum tilvikum hefur verið um ixodes ricinus að ræða sem þó hefur ekki verið talinn landlægur á Íslandi heldur hefur hann borist hingað með farfuglum. Hér á landi er hins vegar náskyld tegund landlæg, þ.e. lundalúsin svokallaða, (ixodes uriae) sem lifir á sjófuglum. Lundalúsin hefur einnig fundist á hundum en erfitt getur verið að þekkja tegundirnar í sundur. Þessari grein er ætlað að fræða hundeigendur örlítið um þennan „vágest“, mögulega smithættu af honum og hvernig megi forðast hann.



Mynd 1 - Blóðmíttill www.dinosoria.com

Hvað eru blóðmítlar?

Blóðmítlar eru snikjudýr af ætt köngulóa. Til eru fjölmargar tegundir af mítlum en þeirra algengust er ixodes ricinus. Eins og nafnið ber með sér eru mítlarnir blóðsugur, það er þeir sjúga blóð úr hýsli sínum með því að festa sig við hann og bora sérstöku munnstykki sínu inn í gegnum húðina. Um leið framleiðir mítillinn eins konar sement í kringum munnstykki sitt sem gerir það að verkum að erfitt getur verið að fjarlægja hann af hundinum. Sé hann hins vegar látinn óáreittur sýgur hann blóð í að minnsta kosti 7 daga þar til hann fellur af og hefur þá allt að 200faldað þyngd sína! Kvendýrin verpa þá eggjum sem klekjast út og verða að lirlfum. Lirlfurnar breytast

síðan eftir blóðnæringu í nymfur sem breytast síðan í fullorðin dýr og svo koll af kolli. Sjá mynd 3.

Hvar finnast blóðmítlar helst?

Blóðmítlar finnast helst í skógum og skóglendi frá mars og fram í október. Kjörastæður þeirra eru 14–23°C hiti og raki. Þetta hefur verið talið ein af ástæðum þess að mítillinn hafi ekki náð útbreiðslu á Íslandi fyrir, það er að hann þoli illa íslenska veðráttu og umhleypinga. Önnur ástæða gæti verið gróðurfar. Engu að síður virðist hitastig á sumrin á Íslandi fara hækkandi og þannig gætu skapast betri lífsskilyrði fyrir mítlana.


Geta blóðmítlar borið með sér smit?

Já, þar sem mítlarnir þurfa fleiri en einn hýsil geta þeir mögulega borið með sér smit. Vitað er að þeir geta borið með sér ýmsar bakteríur, sem sagt borrelia, vírusa (TBE (Tickborneencephalitis)), ein frumunga (s.s. babesia) og fleira. Þó er það mismunandi eftir löndum og landsvæðum hvernig útbreiðslan er. Í sumum löndum er jafnvel bóluset

reglulega við þessum sjúkdómum.

Borrelia burgdorferi s.l. er baktería sem borist getur með mítlum. Hún veldur sjúkdómnum borreliosis eða „lyme disease“ sem er útbreiddur í Evrópu. Sjúkdómurinn er varasamur fyrir þær sakir að hann smitast ekki eingöngu í dýr heldur líka í menn og getur haft alvarlegar afleiðingar. Margar rannsóknir hafa verið gerðar víða í Evrópu og hefur verið sýnt fram á að allt að 50% hunda, sem mælast með mótefni (þ.e. hafa smitast), sýna jafnvel lítil sem engin einkenni. Aðrir sýna einkenni eins og hita, lystarleysi, bólgna liði og eymsli í vöðvum. Seinna getur hundurinn sýnt krónískt helti og ekki alltaf í sama fætinum.

Árið 2007 gerði undirrituð rannsókn, í tengslum við fagdýralæknisnám sitt, á því hvort mótefni gegn borrelia burgdorferi myndu fundast í íslenskum hundum. Í rannsóknina voru valdir 86 hundar af öllu landinu. Í hópnum voru hundar sem blóðmítlar höfðu fundist á, hundar í áhættuhóp, sem sagt björgunar- og leitarhundar, veiðihundar og heimilishundar. Innfluttir hundar máttu ekki taka þátt þar sem þeir gætu mögulega



Mynd 3 www.wikipedia.org

verið bólusettr gegn borreliosis. Enginn hundur mældist jákvæður en fimm hundar voru svokallaðir „borderline“, það er mótefnin mældust hærri en hjá þeim sem mældust neikvæðir en þó ekki nógu há til að þeir teldust jákvæðir. Niðurstaðan var því sú að líkurnar á smiti af völdum borreliubakteríunnar væru litlar.

Er mögulega hægt að fyrirbyggja bit?

Já, til dæmis eru til hálsbönd (flóahálsbönd) sem innihalda efni sem fæla mítólan frá og eins eru svokölluð spotonlyf notuð, til dæmis stronghold®, front line® og fleiri tegundir.



Mynd 2 - Blódmítill á hundi (*ixodes ricinus*)
www.thepetcenter.com

Að lokum

Verði eigandi var við blódmítill á hundi sínum skal fjarlægja hann sem fyrst. Þannig minnka líkurnar á því að mítillinn geti borið smit í hundinn. Mikilvægt er að fjarlægja allan mítillinn, það er að munnstykkið verði ekki eftir í húð hundsins og geti þannig valdið húðsýkingu. Best er að nota þar til gerðar tangir til verksins. Ná eigandi ekki að fjarlægja mítillinn skal hafa samband við dýralækni.

Heimildir:

Lísa Bjarnadóttir: Flátbærne infektioner hos hund en oversigt. 2005. Verkefni í tengslum við fagdýralæknisnám í sjúkdómum hunda og katta.

Lísa Bjarnadóttir: .

A seroepidemiological survey for antibodies to Borrelia burgdorferi s.l. in dogs in Iceland. 2007. Lokaverkefni í fagdýralæknisnámi í sjúkdómum hunda og katta.

Temple Grandin



Höfundur: Heiðrún Villa

Temple Grandin fæddist í Boston, Massachusetts árið 1947. Um tveggja ára aldur var Temple greind með einhverfu sem fékk móður hennar til að ráða barnfóstru sem var ætlað að hjálpa Temple við leik og mál. Seinna fór Temple í einkaskóla og fékk góða hjálp við að læra að tjá sig en hún var mjög seinþroska. Temple segir sjálf að grunnskólaárin hafi verið góður tími fyrir hana en þegar í framhaldsskóla var komið var hún álitin skrítin og lögð í einelti.

Þrátt fyrir erfiðleika útskrifaðist Temple og náði sér í gráður í sálfræði, dýravísindum og læknávisindum. Hún hélt marga fyrirlestra um upplifun sína á einhverfu, meðal annars hvernig henni fannst allt í umhverfi sínu ógna sér, hvernig hljóð og ljós höfðu áhrif á hana og margir lögðu leið sína á fyrirlestrana til að heyra hennar hlið á einhverfu. Hún sótti mikið í að hjálpa dýrum og lagði til að mynda mikla vinnu í að skapa „slátrunarkerfi“ sem var ætlað að auðvelda dýrunum ferðina í slátruhúsið og haga slátrun þeirra eins mannúðlega og mögulegt var. Henni blöskraði meðferð dýranna. Hún var frumkvöðull í að fá eigendur slátruhúsa í lið með sér með því að sýna þeim hvað þau myndu græða á að fá óttalaus dýr til slátrunar. Margir þeirra létu endurbýggja kerfið hjá sér eftir teikningum Temple. Mörgum þótti merkilegt þegar hún útskýrði hvers vegna dýrin vissu ekki að þau væru á leið í slátrun, að hræðsla þeirra

í aðstæðunum kæmi ekki vegna þess heldur vegna aðbúnaðar á leiðinni til slátrunarinnar.

Helsta einkenni Temple, eins og hún segir sjálf, er að hún hugsar algjörlega í myndum. Hún telur að það eigi hún sameiginlegt með dýrunum og geti því skilið þau á marga vegu og þannig hjálpað þeim og hjálpað mannfólki að skilja þau betur. Það tók hana tíma að gera sér grein fyrir því að hún gat skilið hvernig dýr hugsa og að hún sjálf hugsaði ekki eins og venjulegt fólk. Þar með áttaði hún sig á að hún gat útskýrt á nákvæman hátt af hverju dýr brugðust illa við og hvað þyrfti að gera til að þeim liði betur í ákveðnum aðstæðum.

Temple Grandin og hundar

Síðustu ár hafa margir fengið Temple til að skoða þjálfun hesta og hunda og fengið hennar álit á þeim málum. Að hennar mati þurfa hundaeigendur að gæta þess að sinna hundinum sínum



Leikkonan Claire Danes lék Temple Grandin í kvikmynd sem gerð var um hana.

á hverjum degi, fara með hann út, láta hann vera reglulega innan um góða hunda og fólk og vinna í hlutum sem þurfa að vera í lagi hvað þjálfun varðar. Þeir hundar, sem fá að vera frjálsari, fá að vera í hóp og eru agaðir af eldri hundum, eru oft ánægðari og minna er um vandamál hjá þeim. Temple segir margt hafa breyst frá því hún var yngri og þá sérstaklega varðandi heimilishunda. Hundar þrífist ekki inni á heimilum fólks nema með mikilli vinnu enda séu þeir ekki jafn frjálsir í dag og þeir voru þegar hún var ung.

Aftur á móti finnst Temple slæmt barnanna vegna ef ekkert gæludýr er á heimilinu þar sem henni finnst að börn og dýr eigi að alast upp saman. Áhrifin sem dýrin hafa á börn eru stórkostleg að hennar mati og sérstaklega ef börn eru alin upp við það að bera virðingu fyrir dýrum og þeim kennt að sjá hlutina með þeirra augum.

Temple trúir því að dýr sjái það sem er raunverulega í gangi á meðan fólk sjái oft það sem það býst að sjá eða hefur einhverja hugmynd um að það muni sjá en það truflar það sem raunverulega er að gerast hverju sinni. Með því að athuga umhverfið vel má sjá svo mörg smáatriði sem geta haft áhrif á hegðun dýranna. Sjálf upplifði hún þetta mjög vel þegar hún vann með nautgripi.

Stundum þurfti ekki annað til en smá spegilmynd eða skugga, keðju hangandi meðfram vegg eða endurkast frá polli til þess að dýrin yrðu hrædd og vildu ekki fara þá leið sem þau áttu að fara. Smáatriði sem menn sáu ekki en skiptu miklu máli fyrir dýrin svo að þau færu ótta- og streitulaus gegnum ferlið.

Tilfinningar og hegðun dýra

Temple Grandin hefur mikinn áhuga á tilfinningum dýra og að hennar mati hafa dýr svipað uppbyggt tilfinningakerfi í grunninn og menn en mannfólkið hefur þó mun flóknara kerfi en til dæmis hundar. Einnig tengja þau ekki á sama hátt og má þar nefna að faðmlag vekur allt aðrar tilfinningar hjá manneskju en hundi. Fyrir hund getur faðmlag vakið upp neikvæð viðbrögð meðan faðmlag táknar ást og væntumþykju hjá mannfólkinu. Að mati Temple skynja dýr í gegnum sjón, lykt, snertingu og heyrn en ekki í gegnum tungumál. Þau skynja og skapa myndir sem fara inn í minni þeirra, oft gegnum óttaminnið, upplifi þau neikvæða reynslu.

Temple talar um að dýr, eins og hundar, skapi gjarnan með sér skrítnar tengingar. Sem dæmi má nefna að ef hundur verður fyrir bíl getur myndin í hans huga, þegar hann lendir í slysinu og það sem

hann hræðist í framtíðinni, verið gangstétt eða umferðarljós en ekki endilega bíll. Þessar tengingar eru einfaldar og oft erfiðar fyrir mannfólkið að skilja því það hefur mun flóknari tengingar sem byggjast á rökhugsun. Hundar hafa mun einfaldara hugsanaform og tengja myndir, hljóð eða lykt við tilfinningaviðbrögð.

Einnig talar Temple um að sjónarmið fólks geta verið mismunandi þegar kemur að vandamálum með hunda. Hundur sem sagður er brjáláður getur verið með leikstela í augum einnar manneskju en alvarlega hættulega hegðun í augum annarrar. Þar af leiðandi er mikilvægt að meta bæði eiganda og dýr þegar vinna á með hegðunarvanda.

Fyrsta reynsla

Temple ítrekar að *fyrsta reynsla* skiptir miklu máli fyrir dýr og sérstaklega hunda þar sem þeir lifa gjarnan í okkar samfélagi. Fyrsta heimsókn til dýralæknis, fyrstu kynni við aðstæður, hunda, dýr og fólk skipta mjög miklu máli og eitt tilfelli, sem hefur í för með sér slæma reynslu, getur vakið upp hræðslu í minni dýrsins sem tengir þá eitthvað slæmt við ákveðna mynd, hljóð eða lykt. Oftar en ekki er hægt að vinna hræðsluna niður en mikilvægt er fyrir hundaeigendur að reyna að skapa jákvæða reynslu vegna þess að eitt skipti getur komið af stað ótta sem tengist þá ákveðinni mynd í huga hundsins. Ótti er hluti af sjálfsbjargareðlinu og kemur auðveldlega fram ef maður fer ekki varlega.

Allt nýtt er annað hvort ógnvekjandi fyrir hund eða forvitnilegt. Ef þú leyfir hundinum að nálgast hlut á sínum forsendum í stað þess að neyða hann til þess skaparðu mun betri og jákvæðari tengingu. Þetta á til dæmis við um börn og hunda. Hundar eiga að fá að kynnast börnum smám saman og börn eiga að læra að vera blíð við

hunda. Hundar eru oft viðkæmir fyrir snöggri hreyfingu og reyna oft að eiga samskipti við mannfólkið með líkamstjáningu sem það tekur ekki eftir. Samskiptaörðugleikar eru algengir milli manna og hunda að mati Temple.

Goggunarröð og uppeldisaðferðir

Temple Grandin ræðir í bók sinni *Animals in Translation* um goggunarröð dýranna en hún segist hafa séð þessa röð skýrt þegar hún vann með nautgripi. Ástæðurnar fyrir goggunarröðinni eru þær að friður haldist og góð heild myndist. Hún líkir því við foreldrahlutverkið þegar hún talar um hunda, að foreldrarnir haldi uppi aga en séu sanngjarnir og hafi velferð fjölskyldumeðlima í forgangi. Reglur þurfa að vera til staðar en einnig skilningur á þörfum annarra. Einnig segir Temple mikilvægt að þekkja hundinn sinn því þeir geta verið misjafnir, sumir geta verið mjög viðkvæmir og þurfi

þá mjög blítt uppeldi meðan aðrir eru ákveðnari og þarf þá að vera meiri staðfesta í reglunum. Þess vegna sé mjög mikilvægt að skoða eiginleika og hegðun hvers og eins og eins að hafa valmöguleika þegar kemur að þjálfun dýra þar sem ein aðferð henti ekki öllum.

Að mati Temple er mjög mikilvægt að skýrleiki sé til staðar við þjálfun dýranna og mörg smáatriði skipta máli í sambandi við hegðun. Sem dæmi má nefna þjónustuhunda. Þeir fara gjarnan í vestu þegar þeir eru í vinnu og þá er mikilvægt að það sé skýrt að í vestinu séu þeir í vinnu og þegar vestin fari af geti þeir leikið eða hegðað sér á annan hátt. Skýrleiki skapar betri árangur að mati Temple. Eins segir hún að passa þurfi upp á allar öfgar í þjálfun dýra, jafnvægi þurfi að vera á milli leiðréttinga og verðlauna og meta þurfi hvert dýr fyrir sig áður en ákveðið sé hvaða leið skuli fara í þjálfun.

Til að skilja dýr þarf að kveðja tungumálið, segir Temple Grandin. Mikilvægt er að skilja lífið út frá skynjun augna, eyrna og nefis án rökhusunar. Það er mönnunum oft erfitt. Til dæmis má nefna að tónn raddarinnar skiptir hund meira máli en það sem sagt er. Hreyfingar skipta meira máli en orð og lítill skilningur manna á hundum sínum er það sem skapar flest hegðunarvandamál í dag. Hennar markmið með skrifum sínum er að vekja athygli á því að dýr séu ekki eins og fólk og til þess að fólk nái árangri kringum dýrin þurfi það að leggja vinnu í að reyna að skilja þau eins vel og mögulegt er.

Heimildir:

Thriving Canine Dog Training radio
www. <http://thrivingcanineradio>.

podbean.com

Grandin, Temple, Johnson, Catherine.
Animals In Translation: Using the Mysteries of Autism to Decode Animal Behavior. Simon and Schuster, 2009.

Hágæða gæludýrafóður

Josera.

Ef dýrin okkar gætu séð um innkaupin sjálf myndu þau velja **Josera**



Útsöluaðir:

Vélaval ehf. - Varmahlíð
Byko - Selfossi
Landstólpi - Egilsstöðum

Fákasport - Akureyri
hundaverold.com



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is



Ljósmynd: Kristín Jóna Símonardóttir.

Vinnuhundadeild HRFÍ

Fjallað hefur verið um hlýðni I og II í síðustu tölublöðum Sáms. Að þessu sinni verður fjallað um æfingar sem tilheyra hlýðni III. Til að þreyta próf í hlýðni III þarf að ná 1. einkunn í hlýðni II-prófi.

Æfing 1: Hundarnir sitja saman í 1 mínútu með stjórnendum sína í augnsýn. Stjórnendur stilla sér upp með hundana í upphafsstöðu með 3 metra millibili. Þeir gefa hundunum merki um að vera kyrrir og ganga u.þ.b. 20 metra frá þeim, snúa við og stoppa. Þegar allir stjórnendur hafa stoppað hefst tímatakan. Þegar tíminn er liðinn fá stjórnendur merki um að ganga til baka að hundunum. Ekki er hægt að framkvæma þessa æfingu með færri en þremur hundum.

Æfing 2: Hundarnir liggja saman í 3 mínútur með stjórnandann úr augnsýn. Þegar hundarnir eru látnir leggjast er það gert þannig að einum stjórnanda í einu er gefið merki um að láta sinn hund leggjast. Þegar allir hundarnir eru lagstir er stjórnendum gefið merki um að ganga burt í skjól, úr augnsýn, og bíða þar í 3 mínútur. Tímataka hefst þegar stjórnendur eru komnir úr augnsýn. Þegar tíminn er liðinn fá stjórnendur merki um að ganga aftur fyrir hunda og svo að þeim. Síðan er einum stjórnanda í einu gefið merki um að skipa hundinum


sínum í upphafsstöðu. Ekki er hægt að framkvæma æfinguna með færri en þremur hundum og ekki fleiri en sex hundum.

Æfing 3: Hælganga án taums. Hún er framkvæmd líkt og í hlýðni II nema hér er krafist meira af stjórnanda og hundi. Æfingin skal innihalda mismunandi hraða og beygjur ásamt stöðvun á göngu. Einnig beygjur á mismunandi hraða, snúning á staðnum og 2-3 skref í mismunandi áttir. Hundurinn skal vera fljótur og án skipunar í upphafsstöðu í hvert sinn.

Æfing 4: Að sitja á göngu. Hún er framkvæmd eins og æfingin „standa á göngu“ í hlýðni I og II nema hér skal hundurinn setjast en ekki standa. Stjórnandinn gengur með hundinn lausan á hæl um 10 metra og skipar hundinum að setjast. Stjórnandinn gengur áfram um 10 metra, snýr við og stoppar og gengur svo til baka tvö skref aftur fyrir hundinn. Æfingin endar á 3 metra lausri hæl göngu.

Æfing 5: Innkall úr liggjandi stöðu með „liggja“. Eins og áður er byrjað með hundinn í upphafsstöðu, gefið er merki og hundinum skipað að leggjast. Stjórnandinn gengur um 20 metra og snýr sér þar að hundinum. Eftir að stjórnandinn hefur snúið sér við og kallað á hundinn þarf hann að ná að láta hundinn leggjast niður áður en hann er kominn hálf leið að stjórnanda. Síðan er hundinum skipað að koma í upphafsstöðu.

Æfing 6: Áframsending með „liggja“ og innkomu við hæl. Hér er markmiðið að senda hundinn inn á afmarkað svæði og innkall. Hundurinn er sendur inn á svæðið og þegar hann er kominn þangað er honum skipað að leggjast. Stjórnandinn er látinn ganga á ákveðinn stað þar sem hann snýr baki í hundinn og gengur þá frá hundinum og kallar hann inn á hæl. Hann gengur með hundinn lausan á hæl að upphafsstöðu og stoppar þar. Myndin sýnir dæmi um slíka æfingu.



Æfing 7: Að sækja yfir hindrun. Stjórnandi og hundur snúa að hindruninni. Stjórnandinn kastar trékefli yfir hindrunina og lætur síðan hundinn sækja keflið yfir hindrunina og koma til baka yfir hindrunina í upphafsstöðu. Þá skal stjórnandi skipa hundinum að skila keflinu.

Æfing 8: Að sækja járnkefli. Æfingin er framkvæmd eins og æfing 7 nema að nú er notað járnkefli í stað trékeflis og hundurinn þarf ekki að hoppa yfir hindrun. Hundurinn þarf að sækja kefli sem stjórnandinn kastar og koma inn í upphafsstöðu og skila keflinu þegar stjórnandi biður um það.

Æfing 9: Lyktarpróf. Lyktarprófið er framkvæmt þannig að stjórnandi fær afhentan trékubb sem enginn hefur snert eftir 3 metra lausa hægöngu. Stjórnandinn byrjar með hundinn í upphafsstöðu og snýr að lyktarkubbum. Stjórnandinn skilar kubbinum og snýr sér við. Hundurinn má annað hvort snúa að eða frá kubbum á meðan lyktarkubburinn er lagður út ásamt fimm öðrum eins kubbum sem stjórnandinn hefur ekki snert. Stjórnandinn snýr sér síðan við og gefur hundinum skipun um að sækja rétta kubbin og skila honum.

Æfing 10: Fjarlægðarstjórnun. Hér reynir á samband hunds og stjórnanda í fjarlægð. Ólíkt fjarlægðarstjórnun í hlýðni I og II, þar sem má nota bæði orð og líkamstjáningu, má einungis nota annað hvort orð eða líkamstjáningu í hlýðni III. Stjórnandinn byrjar með hundinn í upphafsstöðu og skipar svo hundi að leggjast og gengur um 5 metra frá honum. Stjórnandi er gefið merki þegar hundur skal skipta um stöðu og þarf hundurinn að skipta sex sinnum um stöðu og halda hverri stöðu í um 3 sekúndur. Síðasta staðan skal vera „liggja“. Stjórnandi gengur síðan tvö skref aftur fyrir hundinn og svo að honum og skipar í upphafsstöðu. Stöðurnar sem hundurinn þarf að framkvæma eru standa, sitja og liggja.

Æfing 11: Heildarmat og einnig seinasta æfingin. Í heildarmati er samvinna hunds og stjórnanda metin, auk vilja og vinnuleði hundsins í gegnum allt prófið.



Ice Tindra⁺ Ræktun

Schafer ræktun

www.icetindra.is

Hvolpar fæddir 6. september 2014

Þjódum upp á pössun fyrir hunda frá okkar ræktun.

Uppl. Kristjana 895-6490





HEIMSÓKNAR- VINURINN PHOEBE



Heimsóknarvinurinn Phoebe með rauða klútinn sinn.

Höfundur og ljósmyndir: Anja Björg Kristinsdóttir

Verkefnið „Heimsóknarvinir“ á vegum Rauða krossins hefur gengið mjög vel og eru fjölmargir sjálfbóðaliðar, tví- og ferfættir, sem leggja sitt af mörkum til verkefnisins. Hundar ásamt eigendum sínum fara í reglubundnar heimsóknir, til dæmis á stofnanir og heimili þar sem þeir heimsækja langveik börn, eldri borgara, fatlaða og fleiri.

Phoebe (C.I.B. ISCh Silenzio's Theresia) er lítil 9 ára gömul papillon-tík og er heimsóknarvinur Rauða kross Íslands. Eigendur hennar eru mæðgurnar Jóna Karlotta Herbertsdóttir og Ásta María Guðbergsdóttir. Að sögn Jónu er Phoebe yndislegur karakter og alveg eins og hugur manns. Aðalstarf Phoebe, sem heimsóknarvinur, er að heimsækja Fríðu Kristínu Heiðarsdóttur sem er 35 ára og búsett í Kópavoginum. Phoebe mætir glöð og kát til Fríðu og lætur eins og hún eigi heima hjá henni. Jóna segir að það skemmtilegasta við að eiga og starfa með Rauða kross-hundi er að sjá hve mikla gleði Phoebe veitir og gaman sé að sjá hina sterku vináttu sem hefur skapast á milli hennar og Fríðu. „Hundavinirnir gefa fullt af hundakossum, vináttu og gleði og skilyrðislaus ást,“ segir Jóna.

Ómetanleg lífsreynsla

Þegar Jóna og Ásta María eru með hvolpa þá er heimili Fríðu einn af fyrstu stöðunum sem þeir heimsækja og það líkar Fríðu mjög vel. Phoebe kúrir hjá Fríðu þar sem hún er að mestu rúmfast og þiggur klór og knús. Þær Fríða og Jóna spjalla svo um hunda og allt milli himins og jarðar. Jóna og Phoebe hafa verið heimsóknarvinir Fríðu í sjö ár. Heimsóknirnar hafa gefið Jónu innsýn í líf Fríðu, líf sem er ekki jafnaðvelt og flestra okkar hinna, sem erum svo lánsöm að vera við góða heilsu. „Við hefðum ekki fengið að kynnast Fríðu Kristínu sem er alveg stórkostleg manneskja ef ekki væri fyrir verkefnið. Við Phoebe segjum bara takk fyrir okkur!“

Fríða Kristín býr með blendingshundinum sínum, Móse. „Ég hef verið veik síðustu 17 ár en ég er með taugasjúkdóm sem veldur miklum verkjum sem gerir það að verkum að ég á erfitt með að sitja og ganga nema í mjög stuttan tíma,“ segir Fríða Kristín. Hún liggur mikið fyrir og fer lítið út og er þar af leiðandi frekar einangruð. „Það er meðal annars ástæðan fyrir því að ég óskaði fyrst eftir heimsóknarvini hjá Rauða krossinum. Míg langaði að víkka aðeins sjóndeildarhringinn og kynnast fólki og hundum því ég er alveg hunda- og dýrasjúk og hef alltaf verið, það er eitthvað sem eldist ekkert af manni.“

„Algjör snilld!“

Fríðu finnst þetta verkefnið „algjör snilld“, eins og hún orðar það. „Það er svo yndislegt að geta fengið að hitta hund og eiganda hans, sérstaklega þegar maður býr einn og má kannski ekki hafa hund eða getur það ekki einhverra hluta vegna. Þarna gefst manni kostur á að njóta vináttu bæði hundsins og eigandans. Ég trúu því að það geti hjálpað fólki mikið út úr einangrun og lýst upp veröld þess. Þessi dýr gefa manni svo mikla gleði. Ég hef sagt, að það að fá



Vinkonurnar Jóna, Phoebe og Fríða Kristín á góðri stund.

hund í heimsókn, er eins og að taka þunglyndislyf án nokkurra aukaverkana.“

Jóna og Fríða ákveða í sameiningu dag fyrir heimsóknina og oftast er það hálfsmánaðarlega. Jóna og Phoebe heimsækja Fríðu í um eina og hálf klukkustund í senn og spjalla mikið, aðallega um hunda. „Á meðan liggur Phoebe hjá mér í rúminu og lætur fara vel um sig og þiggur allt klapp og knús sem býðst.“

Hlakkar til hvernar heimsóknar

Vinátta Phoebe og Fríðu er einstök og er upplifun Fríðu af heimsóknunum mjög jákvæð. „Ég kynntist henni fyrst þegar hún var tæplega 2 ára og nú er hún orðin 9 ára. Það hefur verið mjög gaman að fylgjast með henni, til dæmis eignast hvolpa og fara á sýningar. Það er algjörlega frábært. Hún þekkir mig líka orðið svo vel og hleypur til mín þegar hún kemur í heimsókn og stekkur strax upp í rúm og kúrir hjá mér.“ Fríðu Kristínu finnst

mjög gaman að heyra Jónu segja frá því að alltaf þegar Phoebe sjái Rauða krossklútinn verði hún mjög spennt. „Ég vona að henni finnst jafngaman að koma til mín eins og mér finnst gaman að fá hana. Ég hlakka til hvernar heimsóknar.“

Hundasýningarnar skemmtilegar

Fríða Kristín hefur mikið fylgst með hundalífi mæðganna Jónu og Ástu Maríu. „Við Jóna erum orðnar svo góðar vinkonur og ég hef mikið fylgst með henni og ræktun hennar á papillonhundum. Þetta eru allt stórglæsilegir hundar sem þær eiga og stundum kemur Jóna með aðra hunda í heimsókn en Phoebe og þá fæ ég að kynnst þeim líka og oft fæ ég að sjá lítil hvolpakrútt sem veita mér ómælda gleði.“ Fríða segir það mjög ánægjulegt hve vel þeim mæðgum hefur gengið í ræktun og á hundasýningum og hefur mætt nokkrum sinnum á sýningar til að fylgjast með. „Mér finnst virkilega gaman að fara á hundasýningar þó ég stoppi stutt. Ég er farin að

þekkja fólk sem er í kringum Jónu og þá kemst maður meira inn í þennan hundaheim.“ Þess má geta að Phoebe var valin „afrekshundur ársins 2013“ hjá HRFÍ en þá mættu þær stöllur og tóku við verðlaunum á sýningu félagsins í nóvember 2013. Heimsóknirnar urðu til þess að Fríða fékk sér sjálf hund en læknirinn hennar mælti með því þar sem hún var mikið ein. Árið 2009 lét hún verða af því og tók að sér Móse, 5 ára gamlan blending af golden retriever og labrador retriever sem þá var mjög bældur og hræddur við allt og alla. „Í dag er hann rólegasti hundur sem ég veit um, kátur og glaður og hefur náð sér ótrúlega vel á strik. Aldurinn er þó farinn að segja til sín og hann er kominn með gigt. Ég er með aðstoðarkonu sem fer með hann út að ganga fyrir mig.“ Phoebe og honum semur vel og kom aldrei til greina að hætta í verkefninu þó að hundur væri kominn á heimilið. „Ég vildi alls ekki missa sambandið við Jónu og Phoebe enda þykir mér óendanlega vænt um þær báðar.“

HVAR OG HVERNIG skal finna rakka fyrir þína ræktun

Fyrir ræktendur, sem eru að hefja leit að besta hugsanlega undaneldisrakkanum, eru nokkur atriði sem allir ættu að hafa í huga, sama hver tegundin er.



Sigurvegari Crufts 2014, standard poodle rakkinn, SHCh AM Ch Afterglow Maverick Sabre, er eflaust gott dami um vinsalan rakka enda mjög sigursall.

Höfundur: Juha Kares

Þýðing: Guðrún Margrét Baldursdóttir

Vertu með opinn huga

Nauðsynlegt er að fræðast eins vel um tegundina sína og mögulegt er. Fylgstu með tegundinni á alþjóðlegum vettvangi, hafðu alla möguleika í huga og alls ekki vera þröngsýn/n. Reyndu að hugsa út fyrir rammann. Reyndu að finna út hvaða tíkur hafa gefið bestu afkvæmin og fullvissaðu þig um að þar sé um að ræða heilbrigða, vel byggða og vel gerða einstaklinga af þeirri tegundargerð sem þér líkar. Athugaðu hvers konar syni þessar tíkur hafa eignast og hvernig bræður þeirra eru. Þegar undaneldisrakki er valinn ætti alltaf að velja þann sem er undan framúrskarandi ræktunartík. Einnig er gott að hann komi úr stóru og heilbrigðu goti; forðast skyldi rakka sem koma úr eins hvolps goti. Hafðu í huga að það er alltaf ástæður fyrir öllu og láttu skynsemina ráða.

Það er augljóst að hann er karlkyns

Hittu alltaf rakkann sem þú ætlar að nota. Reyndu að eyða tíma með honum og kynnast honum, gakkstu úr skugga um að skapgerðin sé góð og sterk. Ekki gera málamiðlanir með taugarnar, undaneldisrakki á ekki að vera mjög undirgefinn. Mjög undirgefnir og taugaveiklaðir hundar eru eitru fyrir alvöruræktun og geta valdið miklum skaða í ættarlínunum. Vertu einnig viss um að rakkinn hafi mikla kynhvöt og sé fær um að para tík á eðlilegan hátt. Hafðu hugfast að undaneldisrakkarnir (e. stud dogs) eru alltaf sterkustu einstaklingarnir í sínum hópi. Ef rakkinn þarf mikla örvun þá er hann annað hvort ekki góður til undaneldis eða að tíkin er ekki á réttum tíma til þörunar.

Reyndu að velja örugga leið

Ef mögulegt er þá skaltu reyna að komast hjá því að nota rakka sem hafa verið mikið notaðir í ræktun. Ef þú ert byrjandi myndi ég mæla með að nota rakka sem hefur sannað sig en er ekki svokallaður „matador“. Ef þú hefur öðlast reynslu í þinni ræktun þá skaltu einnig velja rakka sem ekki hafa verið notaðir áður. Veldu frekar eldri hund en rakka sem enn er hvolpur, það er mun öruggara hvað varðar heilsufarið að nota eldri hund. Skrifaðu niður þínar hugmyndir og markmið með þeirri ættartölu sem þú ert að hugsa um að búa til. Ræddu málið við reyndan ræktanda eða áhugamann um tegundina og fáðu annað álit áður en þú ákveður að nota rakkann.

Vertu skapandi

Byrjaðu alltaf á að skoða rakka í sem stærstu samhengi með opnum huga. Síðan skaltu líta þér nær og skoða þá sem eru nálægt. Eftir að hafa skoðað vel þá sem eru í öðrum löndum (ínnskot þýðanda: Á ekki við á Íslandi þar sem erfitt er að nota rakka frá öðrum löndum vegna einangrunar) og hjá öðrum ræktendum þá skaltu skoða þína eigin hunda. Ekki verða latur/löt og vertu alltaf tilbúin/n til að fjárfesta í þörun.

Aldrei para tók og rakka ef þú finnur ekki fyrir neinum innblæstri eða spenningi yfir pöruninni. Ekki endurtaka paranir og ekki herma eftir öðrum heldur. Reyndu að vera frumleg/ur og hafðu einnig erfðafræðilegan fjölbreytileika í huga.

Paraðu saman einstaklinga af sömu tegundargerð

Vertu viss um að undaneldisrakkinn sem þú ætlar að nota sé af sömu tegundargerð og tíkin þín. Ef þú gerir það ekki gætir þú alveg eins verið að spila í lottói. Skrifaðu alltaf niður ættartölu rakkans og síðan ættartölu gotsins sem koma mun út úr pöruninni. Reyndu að lesa í ættartölurnar og finna rökrétta ástæðu fyrir nákvæmlega þessari pörun. Ef þú finnur enga þá skaltu sleppa þessu. Þú verður að hafa trú á rakkannum sem þú velur og gotinu sem kemur úr pöruninni. Hafðu þetta alltaf í huga.

Hugboð og innsæi

Öðru hvoru sérðu rakka og færð bókstaflega fiðring í líkamann. Það er dásamleg tilfinning sem segir þér að nákvæmlega þessi rakki sé sá eini rétti fyrir tíkina þína. Treystu innsæi þínu og farðu eftir því. Þegar svona stendur á er tími til að sýna minni rökhyggju og fylgja

sköpunargáfunni. Gleymdu öllu öðru og sláðu til. Hafi það aftur á móti gerst oftast en einu sinni að svona hugboð hafi reynst mistök þá skaltu annað hvort reyna að þróa innsæi þitt eða sleppa því að fylgja því, það er greinilega ekki að virka fyrir þig. Ef þú hefur gott innsæi sem hefur leitt til góðra ákvarðana þá skaltu njóta þess og nota það óspart vegna þess að þegar öllu er á botninn hvolft þá er það besta aðferðin til að velja rakka til ræktunar. Þess háttar innsæi er gjöf sem fáum er gefin en þeir sem eru gæddir því komast í hóp bestu ræktenda.

Svo ég dragi saman helstu atriðin þá skaltu alltaf hafa opinn og fordómalaus huga þegar þú leitar að rakka til notkunar í þína ræktun. Vertu tilbúin/n að leggja mikið á þig og fjárfesta í bestu kostunum. Gakktu úr skugga um að rakkinn hafi á bak við sig ættir sem þú hefur trú á og að hann sé undan afburðatík sem hefur gefið af sér úrvalsafkvæmi. Ef mögulegt er þá skaltu fá að kynnst rakkannum. Hann þarf að hafa sterka og góða skapgerð og ekki vera óþarflega undirgefinn. Ekki gera málamiðlanir þegar kemur að skapgerð, kynhvöt og tegundargerð og vertu viss um að rakkinn geti parað tíkur eðlilega án vandræða. Ef þú ætlar að rækta got þá þarftu að finna fyrir innblæstrinum sem segir þér að þú sért að gera rétt.

**BARKING HEADS
MEOWING HEADS**
DOWN TO EARTH, EASY TO UNDERSTAND ULTRA PREMIUM, NATURAL
DOG & CAT FOOD MADE ESPECIALLY FOR YOUR BEST FRIEND

NÝTT Á ÍSLANDI!



DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín



Reykjavík winner
Besti hundur sýningar 1. sæti
 ISCh Arnarstaða Nagli
 Íslenskur fjárhundur

Eigendur: Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir & Þorbjörg Ásta Leifsdóttir
 Ræktandi: Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir



Alþjóðleg sýning
Besti hundur sýningar 1. sæti

NORDCh ISCh NUCh SEUCh NW-09 Versoix Totto Too
 St. Bernharðshundur síðh.
 Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir
 Ræktandi: Julie Wilkinson

Tvöföld afmælisýning HRFÍ 21.-22. júní

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Ljósmyndir: Ágúst Ágústsson

Tvöföld afmælisýning HRFÍ var haldin helgina 21.-22. júní á tjaldsvæðinu í Víðidal en HRFÍ fagnar 45 ára afmæli á árinu. Á laugardeginum fór fram Reykjavík Winner-sýningin en þar fengu þeir hundar, sem urðu bestu hundar og tíkur tegundar, titilinn RW-14. Á sunnudeginum fór fram alþjóðleg sýning. Yfir 700 hundar af 88 tegundum voru skráðir hvorn daginn og kom það í hlut 12 dómara að dæma hundana í 9 sýningarhringjum samtímis.

Dómarar sýninganna voru; Birgitta Svarstad frá Svíþjóð, Gunnar Nymann frá Danmörku, Malgorzata Supronowicz og Tomasz Borkowski frá Póllandi, Eivind Mjærum frá Noregi, Ann Marie Mæland frá Svíþjóð, Péter Hársányi frá Ungverjalandi og Henrik Johanson frá Svíþjóð ásamt fjórum íslenskum dómurum, þeim Herdís Hallmarsdóttur, Sóleyju Höllu Möller, Sóleyju Rögnu Ragnarsdóttur og Viktoríu Jensdóttur. Pernilla Fux Lindström frá Svíþjóð dæmði keppni ungra sýnenda.

Íþróttamannsleg hegðun sýnenda

Birgitta Svarstad frá Svíþjóð er kunnug íslensku hundaáhugafólki en hún hefur nokkrum sinnum dæmt á Íslandi. Hún sagði sýninguna vel skipulagða og starfsfólkið frábært. „Mig langar að þakka Steinunni Dóru Jónasdóttur sérstaklega fyrir að skrifa fyrir mig báða dagana. Hún var frábær!“ Birgitta var mjög ánægð með íþróttamannslega hegðun sýnenda. „Sýnendur óskuðu hver öðrum til hamingju inni í hring, það finnst mér alltaf gaman að sjá.“

Corgi stóð upp úr

Á Reykjavík Winner-sýningunni var welsh corgi pembroke sú

tegund sem stóð upp úr að mati Birgittu, jafnvel þó að fáir hafi verið skráðir. Hún var einnig hrifin af shetland sheepdog sem hreyfðu sig vel að hennar mati en þess má geta að Birgitta hefur ræktað tegundina í fjölmörg ár með frábærum árangri. Siberian husky og whippet voru því miður ekki nógu góðir að hennar sögn. „Ég varð fyrir dálitlum vonbrigðum með siberian husky. Ég hefði viljað sjá marga þeirra betur byggða og svo voru of margir sem báru skottið of hátt sem eyðileggur heildarmyndina.“ Hún sagðist hafa mælt marga whippet-hunda sem voru of stórir fyrir tegundina.

Hundarnir sem stóðu upp úr voru bestu hundar tegundar í corgi, siberian husky, saluki og whippet og sagði hún þessa hunda geta unnið hvar sem er í heiminum. „Corgi-hundurinn var alveg einstakur. Hann er svo nálægt tegundarlýsingunni og sýndi sig fullkomlega.“ Birgitta var mjög hrifin af þeim hundum sem kepptu til úrslita um besta hund sýningar og sagði það sérlega ánægjulegt að hafa séð íslenska fjárhundinn sigra.

Papillon framúrskarandi

Á alþjóðlegu sýningunni seinni daginn var það papillon sem heillaði Birgittu sérstaklega. „Ég hef aldrei dæmt svo marga framúrskarandi einstaklinga í þessari tegund áður. Stærðin var mjög



Reykjavík winner
Besti hundur sýningar 2. sæti
 NORDCh ISCh NUCh SEUCh NW-09
 Versoix Totto Too
 St. Bernharðshundur síðh.
 Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir
 Ræktandi: Julie Wilkinson



Reykjavík winner
Besti hundur sýningar 3. sæti
 C.I.B. ISW-13 RW-13 ISCh
 Ryslip Celtic Tiger at Craigycor
 Welsh corgi pembroke
 Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir
 Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Cartlidge



Reykjavík winner
Besti hundur sýningar 4. sæti
 RW-13 C.I.E ISShCh
 Bjarkeyjar Take a Chancce on Me
 Enskur cocker spaniel
 Eigandi: Þröstur Ólafsson
 Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir



Alþjóðleg sýning
Besti hundur sýningar 2. sæti
 C.I.B. ISW-13 RW-13 ISCh
 Ryslip Celtic Tiger at Craigycor
 Welsh corgi pembroke
 Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir
 Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Cartlidge



Alþjóðleg sýning
Besti hundur sýningar 3. sæti
 C.I.E. ISShCh
 Huldu Morganna Mozart
 Weimaraner, snögghærður
 Eigandi: Þórhildur Sigtryggsdóttir
 Ræktandi: Hulda Jónasdóttir



Alþjóðleg sýning
Besti hundur sýningar 4. sæti
 C.I.B. ISCh
 Chisobee Jared
 Saluki
 Eigandi: Þorsteinn Thorsteinson
 Ræktandi: Ms. M. Smithson

góð, byggingin rétt, höfuð voru frábær og svipurinn réttur. Eyrnastaða var eins og best verður á kosið og flestir hreyfðu sig mjög vel. Einnig voru þeir með frábæra feldgerð og skapgerðin heillaði mig mikið.“

Chinese crested náðu ekki að heilla Birgittu á sama hátt og papillon. „Margir þeirra voru of stórir og með of langan kamb (fax). Flestir höfðu verið rakadír. Ég var samt ánægð með besta hund tegundar sem var falleg ung tík sem gæti unnið hvar sem er.“ Shih tzu-hundarnir voru ekki nógu góðir að mati hennar og sagðist hún hafa dæmt nokkra sem áttu í erfiðleikum með öndun vegna þess að nasaop voru ekki nógu stór.

Þeir hundar sem báru af á seinni

sýningunni voru papillon-hvolpurinn, sem á án efa eftir að eiga bjarta framtíð, og bestu hundar tegundar í papillon, chinese crested og shih tzu. „Besti hundur tegundar í maltese var mjög fallegur en að mínu mati var feldurinn allt of síður sem hafði áhrif á hreyfingarnar.“

Tegundahópur 9 sterkur

Birgitta dæmdi tegundahóp 9 og sagði alla hundana í verðlaunasætum geta unnið hvaða stóru sýningu sem er. „Ég var sérstaklega hrifin af sigurvegaranum mínum, shih tzu-tík sem var af réttri stærð, með fallegt höfuð og svip, vel byggð, með góðan feld og frábærar hreyfingar.“

Bestu öldungar sýningar voru einnig dæmdir af Birgittu sem fannst afar

gaman að dæma þá. „Allir sem urðu í verðlaunasætum voru frábærir og framúrskarandi hundar. Mér fannst mjög erfitt að velja á milli weimaraner og íslenska fjárhundsins sem enduðu í 1. og 2. sæti.“

Ánægð þrátt fyrir rigingu

Pólsku hjónin Malgorzata Supronowicz og Tomasz Borkowski voru ánægð með sýningarnar þrátt fyrir þó nokkra vætu sem féll á sýningargesti og starfsfólk báða dagana. Hjónin höfðu dæmt áður á Íslandi og líkaði vel og voru því ánægð að vera boðið aftur. „Ætlunin var að vera á Íslandi í nokkra aukadaga og skoða alla þá náttúrufergurð sem landið hefur upp á að bjóða en því miður áttum við bókað flug til Kína á

Reykjavík Winner



Tegundahópur 3: 1. sæti
Íxlandia Hrafnkatla
Border terrier
Eigandi/ræktandi:
Jónína Sif Eyþórsdóttir



Tegundahópur 4/6: 1. sæti
ISShCh Luna Caprese Immagine
Allo Specchio
Dachshund, miniature
síðhærður
Eigandi: Hallveig Karlsdóttir
Ræktandi: Lamarca Francesco



Tegundahópur 7: 1. sæti
RW-13 C.I.E. ISShCh AMCH
Kasamar Antares
Weimaraner, snögghærður
Eigendur: Atli Ómarsson &
Kristín Jónasdóttir
Ræktendur: Karen Sandvold &
Marilyn Stokes



Tegundahópur 9: 1. sæti
Butterfly's Kisses Rudolph
The Red Nosed Reindeer
Papillon
Eigandi: Guðný Ólöf
Þorvaldsdóttir
Ræktandi: Jóna Karlotta
Herbertsdóttir



Tegundahópur 10: 1. sæti
Leifturs Skúta
Whippet
Eigandi/ræktandi:
Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir

miðvikudeginum þannig að það gekk ekki upp." Þau sögðust hafa verið mjög sátt með gestrisni HRFÍ, stærð hringjanna, starfsfólkið og umhverfið en nálægðin við íslenska hestinn fannst þeim mjög ánægjuleg.

Almenn gæði mikil

Gæði hundanna voru almennt mjög mikil að þeirra mati og nefndu þau helst st. bernharðshundana og schäfer. Malgorzata sagði tegundargerð og hreyfingar st. bernharðshundanna framúrskarandi og kvaðst hafa orðið mjög ánægð þegar sá síðhærði endaði sem annar besti hundur sýningar fyrri daginn og besti hundur sýningar þann seinni.

Tomasz dæmdi schäfer á seinni sýningunni og var mjög sáttur við tegundina í heild. „Mér fannst flestir hafa hinar réttu hreyfingar tegundarinnar, sterkar, öflugar hreyfingar með löngum, mjúkum skrefum.“ Einnig minntust þau á dvergschnauzer og affenpincher sem þau voru hrifin af.

Þjóðarhundurinn heillaði

Tegundin sem heillaði hjónin hvað mest var þjóðarhundurinn, íslenskur fjárhundur. „Við vorum hálfsvækt yfir því að hafa ekki fengið tækifæri til að dæma þessa fallegu tegund. Eftir að við vorum búin að dæma okkar tegundir horfðum við á hringinn þar sem þeir voru dæmdir og langaði helst að taka nokkra með okkur heim til Póllands.“

Heiður að fá að dæma íslenska fjárhundinn

Eivind Mjærum frá Noregi er líkt og samdómarar sínir frá Svíþjóð og Póllandi, vel kunnugur íslenska hundaheiminum en hann hefur dæmt hér áður. Hann vildi koma á framfæri þakklæti sínu og óskaði HRFÍ til hamingju með mjög góðar sýningar. Hann sagðist ánægður með sýningarsvæðið, hringirnir voru af góðri stærð en það eina sem vantaði var góða veðrið.

Eivind fannst sérlega skemmtilegt að fá tækifæri til að dæma íslenska fjárhundinn og sagði sigurvegarana í hverjum flokki framúrskarandi hunda. „Framtíð íslenska fjárhundsins er greinilega mjög björt miðað við gæði hundanna.“ Einnig náðu ensku cocker-hundarnir að heilla hann og fannst honum ánægjulegt að sjá hve margir voru skráðir. „Mér finnst alltaf svo gaman að dæma tegundir þar sem margir einstaklingar eru skráðir. Það er svo gott að geta borið saman gæði margra hunda.“ Annars var hann himinlifandi með bestu hunda tegundar í flestum þeim tegundum sem hann dæmdi.

Úrslitahundarnir framúrskarandi

Íslenski fjárhundurinn sem varð besti hundur tegundar hjá Eivind var einnig valinn besti hundur sýningar á laugardeginum. „Ég var mjög ánægður að sjá hann vinna besta hund sýningar enda dæmdi ég bæði tegundina og tegundahóp 5 þar sem hann sigraði. Einnig var ég hrifinn af norsk lundehund, siberian husky og alaskan malamute úr tegundahópi 5.“ Allir þeir hundar, sem sigruðu tegundahópna og kepptu til úrslita um besta hund sýningar, voru framúrskarandi að hans mati.

Á seinni sýningunni dæmdi hann labrador retriever og golden

retriever og kvaðst mjög sáttur með gæði tegundanna í heild. Besti hundur tegundar í labrador retriever stóð upp úr að hans mati á sunnudeginum. „Ég dæmdi tegundahóp 8 og fannst mér allir hundarnir virkilega góðir. Einnig dæmdi ég úrslit um besta ungvíði sýningar og þar fann ég marga mjög lofandi hvolpa.“ Aðspurður um ráð okkur til handa sagði hann okkur vera á réttri leið en einstaka hundar þyrftu þó meiri þjálfun í hringnum sem væri þó ekki einungis bundið við Ísland.

Yngsti dómari Íslands

Hin íslenska Sóley Ragna Ragnarsdóttir er aðeins 18 ára gömul og er yngsti íslenski dómarrinn og einn af yngstu dómurum heims. Henni fannst frábært að sýningarnar væru haldnar utan dyra. „Andrúmsloftið var fyrir vikið léttara og enginn virtist láta rigninguna á sig fá. Mér fannst samheldni og einhugur einkenna sýninguna og augljóst var að allir tóku þátt í að leysa þau mál sem komu upp.“ Þetta var frumraun Sóleyjar í dómara starfinu, enda nýbúin að fá dómara réttindi, og þótti henni vænt um að fyrsta skiptið væri á Íslandi. „Mig langar að þakka sýnendum fyrir jákvætt viðmót og hlýjar móttökur.“

Mikilvæg tegundareinkenni

Sóley Ragna dæmdi fjölmarga chihuahua-hunda, bæði síð- og snögghærða. „Ég var almennt mjög ánægð með þá síðhærðu. Á þessum árstíma skarta þó síðhærðir hundar yfirleitt ekki sínu fegursta en feldgæðin voru eigi að síður mjög góð.“ Besti hundur tegundar var tók úr meistaraflokki sem bjó yfir mikilvægum tegundareinkennum, var í góðu líkamlegu formi og andlegu jafnvægi. Hún sagði unga rakkann, sem varð besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni, mjög efnilegan og ætti án efa framtíðina fyrir sér.

Snögghærðu chihuahua-hundarnir voru margir hverjir mjög fallegir að mati Sóleyjar Rögnu en því miður skorti suma þeirra sjálfstraustið sem á að einkenna þessa litlu hunda. „Besti hundur tegundar var glæsilegur rakki með allt sem þrýða á góðan chihuahua. Hann var með virkilega fallett höfuð, frábærar hreyfingar og mikla útgeislun.“ Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni var falleg tók í góðu jafnvægi, að sögn Sóleyjar. „Þessum smáu knáu hundum fannst þeim greinilega ekki sambóðið að ganga í blautu grasinu svo að ég mæli með því að eigendur æfi hundana sína undir berum himni fyrir næstu útsýningu, hvernig sem viðrar.“

Góð skráning pug-hunda

Sóley Ragna dæmdi 27 pug-hunda og kom fjöldinn henni skemmtilega á óvart þar sem algengt var að aðeins einn til tveir væru skráðir fyrir ekki svo löngu síðan. Nokkrir efnilegir hvolpar voru skráðir til leiks og var þar svört tók sem stóð upp úr og var valin besti hvolpur tegundar. „Hún var með dæmigert höfuð, frábæran feldlit og mjög góðar hreyfingar.“ Tók úr opnum flokki varð besti hundur tegundar en að mati Sóleyjar Rögnu var hún mjög heilsteypt í útliti og með fallett höfuð. Hreyfingar hennar voru virkilega góðar og nýtti hún hvert skref til fullnustu, eða eins og sagt er á ensku „covered a lot of ground“. „Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni var kröftugur rakki með ákaflega



Tegundahópur 3: 1. sæti
FICh Narcissus Majesty Of Rock
Yorkshire terrier
Eigandi: Kristine Erla Olson
Ræktandi: Petra Puurula



Tegundahópur 4/6: 1. sæti
ISShCh
Luna Caprese Immagine Allo Specchio
Dachshund, miniature, síðhærður
Eigandi: Hallveig Karlsdóttir
Ræktandi: Lamarca Francesco



Tegundahópur 5: 1. sæti
ISCh Múla Hríma
Siberian husky
Eigendur: Olga Rannveig
Bragadóttir & Haraldur K.
Hílmarsson
Ræktandi: Steindór V.
Sigurjónsson



Tegundahópur 8: 1. sæti
ISShCh Freyvangs Dimma
Labrador retriever
Eigandi/ræktandi:
Helgi Bjarni Óskarsson



Tegundahópur 9: 1. sæti
Gin Gin von Savaredo
Shih tzu
Eigandi: Súsanna Antonsdóttir
Ræktandi: Günther Hamacher

Reykjavík Winner



Besti ræktunarhópur sýningar
Papillon
Hálsakots – ræktun
Ræktandi: Ásta María Guðbergsdóttir



Besti afkvæmahópur sýningar
Schäfer, snögghærður
RW-13 C.I.B. ISCh Welincha's Yasko & afkvæmi



Besti hvolpur sýningar
4-6 mánaða
Dimma
Dvergschnauzer, svartur
Eigandi: Hulda Björk
Guðmundsdóttir
Ræktandi: Hafþór Pálsson



Besti hvolpur sýningar
6-9 mánaða
Dotty's Favorite Paradise
Passion
Nói Silky terrier
Eigandi: Elísabet Kristjánsdóttir
Ræktandi: Kristmundur Axel
Kristmundsson



Besti öldungur sýningar
C.I.B. ISCh Sólskinsgeisla Kvöld Rökkurdís
Border terrier
Eigandi: Jónína Sif Eypórsdóttir
Ræktandi: Guðrún Hafberg

fallegt höfuð.“

Höfuðið er eitt af aðaleinkennum pug og sagði Sóley það gríðarlega mikilvægan þátt í heildarútliti tegundarinnar. „Eins og gefur að skilja voru gæði pug-hundanna misgóð. Líkamsbygging var almennt góð en mér fannst vanta nokkuð upp á höfuð sumra. Helst vantaði breidd í trýni og fyllingu undir augu.“ Sóley vildi benda eigendum pug-hunda á að gæta þess vel að halda andlitsfellingunni (e. overnose wrinkle) hreinni og þurri svo ekki myndaðist sýking í henni.

Þeir hundar sem stóðu upp úr að hennar mati voru snögghærði chihuahua-rakkinn sem var besti hundur tegundar og litla hvolpstíkin sem varð besti hvolpur tegundar í pug.

Sóley sagðist hafa séð fjölmarga fallega hunda keppa til úrslita í stóra hringnum. „St. bernharðshundarnir á Íslandi eru á heimsmælikvarða hér á landi og einnig sá ég boxer-hvolp sem ég hefði ekkert á móti að taka með mér heim.“

Gæði golden retriever mikil

Herdís Hallmarsdóttir er nýtskrifuð sem dómari og kvaðst hún mjög ánægð að fá tækifæri til að dæma á tvöfaldri útsýningu HRFÍ. „Það var skemmtileg tilbreyting að vera úti og sýningarnar tókust afskaplega vel þrátt fyrir rigningu. Það var góður andi í félagsmönnum og ljóst að allir lögðust á eitt til að sýningarnar myndu ganga sem best.“

Herdís dæmdi golden retriever, enskan cocker spaniel og íslenskan fjárhund þessa helgi og sagði það mikinn heiður. „Ég var mjög ánægð með gæði golden retriever á Íslandi. Hundarnir voru í mjög góðu líkamlegu ástandi og voru afskaplega vel sýndir.“ Það sama sagði Herdís um enskan cocker spaniel. Hún sagði það fela í sér mikla ábyrgð að dæma þjóðarhundinn og að hennar mati þyrfti alltaf að hafa það hugfast að íslenski fjárhundurinn væri vinnuhundur sem ætti að geta smalað. „Í mínum huga er því mikilvægt að hann sé sterkbyggður, með næga fótalengd og góð og sterk bein. Hann á að hafa vasklegar hreyfingar með góðri afturfótaspyrnu.“ Herdís sagði að mikilvægt væri að gæta þess að ræktunarhundar væru ekki of stutfættir og fíngerðir og eins ætti að vera sjáanlegur munur á rakka og tík. Hún sagðist hafa haft þessi atriði í heiðri þegar hún dæmdi tegundina og var mjög sátt við þá hunda sem komust áfram.

Að mati hennar stóðu bæði golden retriever-hundurinn og tíkin, sem sigruðu, upp úr af þeim hundum sem hún dæmdi. „Þau hefðu bæði sómt sér vel sem besti hundur tegundar. Líkamlegt ástand þeirra stóð upp úr og augljóst að þessir hundar eru í mikilli þjálfun. Það skiptir mig miklu máli að sjá að líkamlegt ástand vinnuhunda sé gott.“

Að lokum sagði hún þá hunda sem kepptu í úrslitum um besta hund sýningar verðuga og fallega fulltrúa sinna tegunda.

Létu veðrið ekki á sig fá

Viktoría Jensdóttir öðlaðist dómaraþéttindi sín nýlega og var sátt með sýningarnar. „Vissulega hefði veðrið mátt vera betra en svona er nú Ísland, allra veðra von! Mér fannst allir taka þessa

með mikilli ró og sýnendur og starfsmenn létu þetta ekki á sig fá. Það var líka gaman að sjá hvað hundarnir nutu þess að vera úti, að minnsta kosti þeir hundar sem ég sá.“

Viktória dæmði labrador retriever og amerískan cocker spaniel. Hún sagðist hafa verið mjög hrifin af ungu labrador retriever-hundunum og greinilegt að framtíðin væri björt í tegundinni. „Ég var mjög hrifin af besta hundi tegundar í amerískum cocker spaniel og einnig unghundinum sem varð bestur af gagnstæðu kyni. Þau voru bæði með frábærar hreyfingar og góðan feld. Ég hefði samt viljað sjá fleiri ameríska cocker spaniel-hunda sýnda. Fyrir nokkrum árum var tegundin mjög fjölmenn á sýningum en í dag virðist fjöldinn hafa minnkað verulega.“

Viktória var ánægð með úrslit sýningarinnar og sagði hundana sem kepptu virkilega fallega. „Mér fannst mjög gaman að sjá enska cocker spaniel-hundinn sigra tegundahóp 8.“ Aðspurð um ráð til íslensks hundaáhugafólks sagðist hún ekki hafa mörg önnur en að halda áfram að rækta hunda af heilindum og hafa jákvæðnina í fyrirrúmi.

Siberian husky á heimsmælikvarða

Sóley Halla Möller er einnig nýútskrifuð sem dómari. Hún sagðist vera mjög ánægð með sýningarnar sem voru mjög vel skipulagðar. „Við getum svo sannarlega verið stolt af sýningunum okkar.“ Sóley Halla dæmði siberian husky sem var ein af fjölmennustu tegundum sýninganna. „Á Íslandi er tegundin á heimsmælikvarða og greinilegt er að ræktendur eru að reyna að vanda sig eins vel og þeir geta. Tíkin sem varð besti hundur tegundar er með þeim fallegri sem ég hef séð í Evrópu.“ Hún sagði bæði tíkina og rakkann, sem varð besti rakki tegundar, sérlega fallega hunda og verðuga fulltrúa tegundarinnar.

Að lokum vildi Sóley ráðleggja Íslendingum að hugsa vel og vandlega um alla þætti áður en ákvörðun um innflutning væri tekin.

Ungir sýnendur

Pernilla Fux Lindström frá Svíþjóð dæmði unga sýnendur en keppni þeirra fór fram á föstudeginum fyrir sýningarnar. Pernilla hefur nýlokið ferli sínum sem ungur sýnandi sem var sérlega glæsilegur. Hún var meðal annars fulltrúi Svíþjóðar í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts tvisvar sinnum en 2012 varð hún í 2. sæti í þeirri keppni. Einnig sigraði hún einstaklingskeppnina í ungum sýnendum á Nordic Winner-sýningunni.

Hún var mjög ánægð með unga sýnendur á Íslandi og sagði þá sérlega kurteisa og greinilegt að þeir höfðu æft vel fyrir sýninguna. Það kom henni á óvart að allir klæddu sig á viðeigandi hátt en mikil rigning var meðan keppnirnar fóru fram. Pernilla tók eftir því að eldri sýnendur, sem einu sinni kepptu í flokki ungra sýnenda, voru til staðar fyrir þá yngri og höfðu einnig umsjón með keppnunum í heild og það fannst henni mjög jákvætt. „Þarna kemur fram hinn sanni andi í sportinu, þeir eldri aðstoða hina yngri.“



Besti afkvæmahópur sýningar
Schäfer
RW-13 C.I.B. ISCh Welincha's Yasko & afkvæmi



Besti ræktunarhópur sýningar
Tíbet spaniel
Tíbráar Tinda – ræktun
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir



Besti hvolpur sýningar 4-6 mánaða
Hagalíns Master Of Puppets
Boxer
Eigandi/ræktandi:
Unnur Huld Hagalín



Besti hvolpur sýningar
6-9 mánaða
Pom4you There Comes The Sun
Pomeranian
Eigandi/ræktandi:
Sigurlaug Sverrisdóttir



Besti öldungur sýningar
RW-13 C.I.E. ISShCh AMCH Kasamar Antares
Weimaraner, snögghærður
Eigendur: Atli Ómarsson & Kristín Jónasdóttir
Ræktendur: Karen Sandvold & Marilyn Stokes



Ungir sýnendur – yngri flokkur – 1. sæti
Stefanía Stella Baldursdóttir með pug



Ungir sýnendur – eldri flokkur – 1. sæti
Helga Þóll Guðjónsdóttir með
snögghærðan vorsteh

Hæfileikaríkir ungrir krakkar

Pernilla byrjaði á að dæma yngri flokkinn og sagðist hafa dæmt marga hæfileikaríka krakka. „Mér fannst virkilega erfitt að dæma yngri flokkinn, þau voru svo jöfn! Ég held ég hafi aldrei séð svona marga sýna í yngri flokki áður og greinilegt að áhuginn er til staðar.“ Hún hafði mjög gaman af því að dæma þessa heillandi og kurteisu sýnendur og átti í miklum erfðleikum með að velja aðeins fjóra. „Ég var mjög sátt við val mitt á þeim fjórum sýnendum sem komust í verðlaunasæti.“

Í yngri flokki sigraði stúlka sem sýndi pug. „Áhuginn skein frá þessari ungu stúlku og hún náði að heilla mig strax. Hún fékk erfðan australian shepherd í skiptum og náði að sýna þann hund mjög vel. Hún var með tímasetningar á hreinu sem ég var mjög ánægð með. Hún hefur svo sannarlega það sem til þarf.“ Í 2. sæti var stúlka sem sýndi siberian husky. Pernilla sagði hana með öll smáatriði á hreinu og reyndi hún alltaf að stilla hundinum upp á fullkominn hátt. „Það sem ég var hvað ánægðust með var að ég sá aðeins hundinn, hún var algjörlega í bakgrunninum sem er eitt af því sem einkennir góðan sýnanda.“ Í 3. sæti var stúlka sem sýndi australian shepherd. Pernilla sagði hana hafa unnið allan tímann með hundinn. Í 4. sæti var svo stúlka sem sýndi shih tzu. „Hún vissi mjög margt um hundinn og reyndi alltaf að sýna hann sem allra best. Hún notaði bursta sem allir sýnendur með feldhunda ættu að gera.“

Gæðin komu ekki á óvart

Eftir að hafa dæmt yngri flokkinn var Pernilla mjög spennt að sjá þau eldri. „Þegar þau komu inn, eitt af öðru, var ekkert sem kom mér á óvart. Íslenskir ungrir sýnendur eru klárlega með það sem til þarf og það fer sko ekkert á milli mála!“

Í fyrsta sæti var stúlka sem sýndi vorsteh. „Hún varð sigurvegarinn minn mjög snemma í keppninni og heillaði mig algjörlega upp úr skónum. Hún sýndi alla hundana sem hún fékk fullkomlega, sína eigin vorsteh-tík og svo

dvergschnauzer og whippet sem hún fékk sem skiptihunda. Hún var yfirveguð og með sérlega fallegan stíl. Allir hundar sem hún sýndi voru svo glaðir hjá henni og í algjöru aðalhlutverki sem mér finnst svo mikilvægt. Ég var svo hrifin af henni að ég myndi ekki hika við að biðja hana um að sýna mína eigin hunda. Hún er einn besti sýnandi sem ég hef nokkurn tímann séð!“ Í 2. sæti var stúlka sem sýndi shetland sheepdog. „Hún sýndi alla hunda í lausum taum, stillti þeim glæsilega upp og náði fram því besta í hverjum einasta hundi.“ Pernilla sagðist hafa trú á að hún myndi ná enn lengra þar sem hún væri ávallt yfirveguð

og róleg. Í 3. sæti var stúlka sem sýndi dvergschnauzer. „Hún var með tímasetningar algjörlega á hreinu sem er gríðarlega mikilvægt þegar hundar eru sýndir.“ Í 4. sæti var stúlka sem sýndi afghan hound. „Hún var jafnyfirveguð og sú sem varð í 2. sæti. Mér fannst hún sérstaklega góð með mjóhunda sem er oft mjög erfitt að sýna.“

Framkoma við hundana mikilvæg

Pernilla sagði að ungrir sýnendur ættu að snúast um það að undirbúa sýnendur fyrir að sýna í tegundahringjunum. „Ég sagði sýnendum áður en ég byrjaði að „gullna reglan“ skipti mig engu máli, sem sagt að fara á milli hunds og dómara. Ég vildi að sýnendur einbeittu sér algjörlega að hundunum, kæmu vel fram við þá og sýndu íþróttamannslega hegðun.“ Hún fylgdist vel með sýnendum, bæði innan hrings og utan. „Ég fylgdist með því hvernig þau komu fram við hundana fyrir utan hringinn líka.“ Pernilla sagðist ekki hafa leitað eftir fullkomnun þegar hún lét sýnendur skipta um hunda heldur vildi hún sjá hvernig þau tókust á við áskorunina, hvort þau væru yfirveguð eða stressuð. „Ég útvegaði þrjá whippet-hunda fyrir þá sem ég valdi úr í fjögurra sýnenda úrslit og var búin að prófa þá sjálf fyrir keppnina þannig að ég vissi hvernig þeir voru.“

Mikilvægt að æfa sig með alls kyns tegundir

Að lokum var Pernilla spurð hvort hún hefði einhver ráð fyrir unga sýnendur á Íslandi. „Haldið áfram á þessari braut og haldið áfram að hjálpa hvert öðru. Endilega verid dugleg að æfa ykkur með alls kyns tegundir og skoðið myndbönd á netinu og myndið ykkur skoðun á því hvernig sýnendur þið viljið verða. Þetta er eitthvað sem þið eigið að hafa gaman af og munið að hundarnir eiga líka að hafa gaman. Ekki gleyma því.“ Hún sagðist hafa notið hverrar stundar og vonaðist til að koma aftur fljótlega.

Nánari úrslit sýninganna má finna á heimasíðu HRFÍ, www.hrfi.is

Alþjóðleg sýning HRFÍ 7.-8. september

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ var haldin helgina 7.-8. september og voru tæplega 700 hundar af 80 hundategundum skráðir til leiks. 22 ungmenni tóku þátt í keppni ungra sýnenda sem fór fram 6. september.

Dómarar að þessu sinni voru Paolo Dondina frá Ítalíu, Jo Schepers frá Hollandi, Saija Juutilainen frá Finnlandi, Yolanda Berdugo frá Ísrael, Jussi Liimatainen frá Finnlandi og Laurent Heinesche frá Lúxemborg.



Besti hundur sýningar 1. sæti

ISCh Svartwals For Those About to Rock, Dvergsschnauzer, svartur
Eigundur: María Björg Tamimi & Lára Bjarney Kristinsdóttir
Ræktandi: María Björg Tamimi



Besti hundur sýningar 2. sæti

ISCh RW-13 Tíbráar Tinda Pink Lotus
Tíbet spaniel
Eigandi/ræktandi: Auður Valgeirsdóttir



Besti hundur sýningar 3. sæti

Leynigarðs Lexía
Labrador retriever
Eigundur/ræktendur: Guðlaug Gísladóttir & Sigrún R. Guðlaugadóttir



Besti hundur sýningar 4. sæti

RW-13 Paradise Passion Hot Diva
Silky terrier
Eigandi: Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir
Ræktandi: Elísabet Kristjánsdóttir

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir
Ljósmyndir: Ágúst Ágústsson

Unga fólkið hæfileikaríkt

Paolo Dondina frá Ítalíu var mjög ánægður með sýninguna, stærð hringjanna, starfsfólkið og sýningarsvæðið sjálft. Einnig minntist hann á íþróttamannslega framkomu sýnenda. „Mér fannst frábært að sjá marga áhugasama sýnendur af ungu kynslóðinni sem sýndu alla hunda svo vel. Í mörgum löndum er þetta vandamál, unga fólkið er í minnihluta og framtíðin í hundasportinu þar af leiðandi ekki svo björt. Þið eruð svo sannarlega heppin með unga fólkið ykkar.”

Hann tjáði sig lítið um þær tegundir sem hann dæmdi

og sagðist stundum hafa þurft að vera nokkuð strangur í dómum til að skera úr um góðu hundana og bestu hundana. „Þegar ég dæmi vil ég að hundarnir séu eins nálægt tegundarlýsingunni og mögulegt er.” Hann sagði greinilegt að fólk vandaði sig þegar kæmi að innflutningi og sagðist hafa séð nöfn innfluttra hunda af mjög góðum línunum í sýningarskránni eftir sýninguna.

Stemningin frábær

Óhætt er að segja að Paolo sé einn af reyndustu dómurum heims en hann hefur dæmt úrslit um besta hund sýningar á stærstu hundasýningum heims. Sem dæmi má nefna Crufts í Bretlandi, Westminster í Bandaríkjunum og Eukanupa Dog Challenge. Það kom í hans hlut að dæma



Tegundahópur 1: 1. sæti
ISShCh Heydalur's
AukinLukka
Briard
Eigandi: Ólína Valdís
Rúnarsdóttir
Ræktandi: Stella Sif
Gísladóttir



Tegundahópur 5: 1. sæti
ISCh RW-13 Ásgarðsheima
Mímír
Alaskan malamute
Eigandi: Jóna Björk
Bjarnadóttir
Ræktandi: Tara Sif
Haraldsdóttir



Tegundahópur 4/6: 1. sæti
ISShCh ISW-13 RW-13
Sundsðal's Wee Kind Of
Magic
Dachshund, miniature,
snögghærður
Eigendur: Arinbjörn
Friðriksón & Margrét G.
Andrésdóttir
Ræktendur: Gitte, Juul &
Kent Sundsdal



Tegundahópur 7: 1. sæti
ISShCh RW-13
Ice Artemis Úranus
VorsteH, strýhærður
Eigandi: Valdimar Bergstað
Ræktandi: Lárus Eggertsson



Tegundahópur 10: 1. sæti
Bruach's Devlin
Deerhound
Eigandi: Margrét Nilisdóttir
Ræktendur: Michelle Cowan/
Margare Sudekum D.V.M.

úrslit sýningarinnar og valdi hann svartan dvergschnauzer sem sigurvegara sýningarinnar. Hann sagðist hafa verið mjög hrifinn af öllum fulltrúum tegundahópanna og að sjálfsgöðu báru þeir, sem voru í verðlaunasætum, af. „Mér fannst stemningin í úrslitum sýningar alveg frábær og var mjög ánægður að fá tekifæri til að dæma hérna.”

Að lokum minntist hann á að hann hefði verið mjög ánægður að fá útfyllta sýningarskrá með helstu úrslitum að lokinni sýningu. „Ég hef dæmt í tugi ára og þetta var í fyrsta sinn sem mér var afhent útfyllt sýningarskrá.”

Allt til fyrirmyndar!

Jo Schepers frá Hollandi var mjög ánægður með skipulag sýningarinnar. „Sýningin var sérlega falleg og skipulagið frábært. Við fengum allar upplýsingar og allt var á hreinu áður en við komum til landsins. Hótelid var mjög gott og gestrisni HRFÍ til fyrirmyndar. Ekki má gleyma öllum fallegu hundunum og það kom mér skemmtilega á óvart að áhorfendur horfðu á öll úrslitin og stemningin var mjög góð!”

Gæðin mjög mikil

Hann var virkilega sáttur með þá hunda sem hann dæmdi og sagði gæðin mjög mikil hér á landi. „Ég veit að þið þurfið að flytja inn hunda og reynið alltaf að flytja inn frábær eintök. Það er svo sannarlega ekki ódýrt né auðvelt. Ég sá í sýningarskránni eftir sýninguna að margir hundanna komu frá línunum sem teljast til mjög góðra alþjóðlegra lína.”

Þó að Jo hefði verið ánægður með allar tegundir sem hann dæmdi voru þó nokkrir hundar sem stóðu upp úr. „Tíbet spaniel hundarnir voru af framúrskarandi gæðum, besti hundur tegundar í corgi var mjög fallegur og einnig dæmdi ég nokkra fallega shetland sheepdog-hunda.” Hann minntist einnig á besta hund tegundar í risaschnauzer, amerískum cocker spaniel og affenpincher. „Affenpincher-hundurinn er með sérlega fallett höfuð en er enn ungur og þarf kannski eitt ár í viðbót og meira sjálfstraust.”

Hann talaði einnig um fleiri hunda og tegundir sem vöktu athygli hans sem hann dæmdi þó ekki. Í því samhengi minntist hann á briard, schäfer, pomeranian, alaskan malamute, siberian husky og fleiri. „Ég sá í úrslitum mjög fallegan afghan hound og fallega whippet-hunda en því miður eru of margir þeirra of stórir. Þeir eiga alls ekki að líta út eins og litlir greyhound.”

Sérkenni tegunda mikilvæg

Hann bætti við að það væri ábyrgð dómara að leita ávallt eftir sérkennum tegundanna og hugsa um til hvers þær voru ræktaðar. „Við verðum að leitast við að halda tegundunum dæmigerðum, bæði þegar kemur að útliti og vinnu.”

Mjög sáttur með 1. og 2. sæti

Aðspurður um úrslit sýningar sagðist Jo sérstaklega ánægður með bestu hunda sýningar í 1. og 2. sæti. „Ég dæmdi tíbet spaniel í gær og valdi þar þessa fallegu tík sem besta hund tegundar. Ég var mjög ánægður þegar hún sigraði svo tegundahóp 9 og endaði sem besti hundur sýningar 2! Einnig dæmdi ég tegundahóp 2 þar sem dvergschnauzerinn, sem varð svo besti hundur sýningar, var hlutskarpastur. Þannig að ég upplifði tvöfalda ánægju þegar úrslit sýningar voru kunn!”

Aðspurður um ráð okkur til handa sagðist Jo aðeins hafa ráðleggingar varðandi snyrtingu schnauzer-hunda. „Dvergschnauzerinn sem sigraði var of loðinn á röngum stöðum. Ef hundar eru of loðnir á olnbogunum geta þeir virkað eins og þeir snúi út. Ég hef snyrt hunda og sýnt margfalda meistara í fjölmörg ár og tel mig hafa ýmis ráð í pokahorninu þegar kemur að snyrtingu.”

Schäfer og labrador retriever

Hin finnska, Saija Juutilainen, hefur dæmt hér á landi áður og sagðist hafa notið helgarinnar. Hún var sátt með hringinn sem labrador retriever-hundarnir voru sýndir í en hefði viljað hafa stærri hring fyrir schäfer.

Saija dæmdi fjölmarga schäfer-hunda fyrri dag sýningarinnar og kvæðst ánægð með gæði tegundarinnar í heild og sagði flesta hundana hafa hreyft sig mjög vel. Einnig var hún hrifin af afkvæma – og ræktunarhópunum sem hún dæmdi í tegundinni. „Það kom mér líka skemmtilega á óvart að síðhærðu schäfer-hundarnir eru mun betri hér á Íslandi heldur en í Finnlandi.“

Saija dæmdi fjölmennustu tegund sýningarinnar, labrador retriever, seinni dag sýningarinnar en þess má geta að hún hefur ræktað tegundina og þekkir hana því vel. „Ég leitaði sérstaklega eftir tegundareinkennum eins og fallegu höfði, rétttri feldgerð, dæmigerðri byggingu og góðri skapgerð.“ Hún var mjög ánægð með hundana sem sigruðu í öllum flokkum hjá henni og sagði þá alla hreyfa sig vel, með réttan svip, rétta feldgerð og gott skap. „Mér fannst þó leiðinlegt að geta ekki gefið hundunum í vinnuhundaflokki betri dóm en því miður voru þeir ekki nógu góðir. Labrador á að vera glaður, sterklega byggður og skapaður til þess að vinna. Hann á að hafa góð og sterkleg bein og mjög góðan líkama sem þolir vel kalt vatn og margra daga vinnu. Hann á alls ekki að vera með veika kjálka og létt og mjó bein. Þessir hundar eiga að geta sótt stóra fugla og þar af leiðandi þarf kjafturinn á þeim að vera sterklega byggður.“ Hún dæmdi einnig aðra retriever-tegund, flat-coated retriever, en aðeins tvær tükur í meistaraflokki voru skráðar til leiks. „Ég var mjög hrifin af þeim báðum. Þær voru af rétttri stærð, með sérlega falleg höfuð og hreyfðu sig báðar vel.“

Tegundahópar 7 og 8

Saija dæmdi úrslit í tegundahópum 7 og 8. „Ég var mjög hrifin af báðum vorstehundunum, bæði þeim strýhærða og snögga. Þeir hreyfðu sig mjög vel. Írski setterinn var af góðri tegundargerð að hennar mati. „Liturinn á weimaraner var mjög góður en mér fannst hann í þyngri kantinum. Þrátt fyrir það var þetta heilbrigður hundur með góða skapgerð.“ Hún dæmdi enskan setter og sagði þá mjög ójafna. „Þetta er mjög algengt í Skandinavíu, þeir eru annað hvort af vinnu – eða sýningartegundargerð. Þeir ættu að vera þarna mitt á milli, að mínu mati.“ Labrador-tíkin stóð upp úr í tegundahópi 8 að mati Saiju og endaði í 3. sæti í úrslitum um besta hund sýningar. „Hún var í svo góðum og jöfnum hlutföllum og hreyfði sig virkilega vel. Topplínan var góð bæði þegar hún stóð og á hreyfingu.“

Margir fallegir í úrslitum

Saija sagðist hrifin af flestum hundunum sem kepptu til úrslita um besta hund sýningar. „Auðvitað á maður sér alltaf einhverja sem eru í uppáhaldi. Dvergschnauzerinn var af góðri stærð með sterka topplínu. Tíbet spaniel-tíkin var með mjög fallegt höfuð, af góðri stærð, með góða topplínu og hreyfði sig vel. Í 3. sæti var labrador-tíkin sem ég dæmdi og í því 4. fallegur silky terrier.“ Saiju fannst langhundurinn úr tegundahópi 4/6 mjög fallegur og einnig hjartarhundurinn úr tegundahópi 10. „Hjartarhunds-tíkin var svo falleg og dæmigerð fyrir tegundina að öllu leyti. Hún hreyfði sig mjög vel og það er svo sannarlega ekki auðvelt að rækta svo fallegan hjartarhund.“

Ungir sýnendur

Saija fékk það hlutverk að dæma keppni ungra sýnenda og var mjög ánægð með ungmennin í heild. „Ég legg áherslu á hvernig þau sýna hundana og koma fram við þá. Þau verða að vera mjúkhent, einbeita sér algjörlega að hundunum og athuga alltaf hvar dómari er.“

Hún ráðlagði Íslendingum að halda áfram á sömu braut. „Það eru mörg ný

Besti hvolpur sýningar á laugardegi 4-6 mánaða
Ljúflings Kiljan
Cavalier king charles spaniel
Eigandi/ræktandi:
María Tómasdóttir



Besti hvolpur sýningar á laugardegi 6-9 mánaða
Gullroða Bína
Shih tzu
Eigandi/ræktandi:
Ingibjörg Jafetsdóttir



Besti hvolpur sýningar á sunnudegi 4-6 mánaða
Sunnusteins Hrina
Íslenskur fjárhundur
Eigandi/ræktandi:
Þorsteinn Thorsteinson



Besti hvolpur sýningar á sunnudegi 6-9 mánaða
Stekkjardals Emil í Kattholti
Border terrier
Eigendur/ræktendur:
Erla Heiðrún
Benediktsdóttir & Guðmundur Rúnar Árnason



Besta par sýningar á laugardegi
Chihuahua
ISCh RW-13 Stekkur
Edward Zidane & Hrímnis Halló Kisa
Eigandi: Klara Á. Símonardóttir



Besta par sýningar á sunnudegi
Labrador retriever
ISShCh Leynigarðs Loki & Leynigarðs Gola
Eigendur: Guðlaug Gísladóttir & Sigrún R. Guðlaugadóttir





Besti öldungur sýningar
C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe
Siberian husky
Eigendur: Örn Eiríksson & Stefán Arnarson
Ræktandi: Mrs S Baker



Ungir sýnendur – yngri flokkur – 1. sæti
Védís Hulð Sigurðardóttir með australian shepherd



Ungir sýnendur – eldri flokkur – 1. sæti
Hafdís Jóna Þórarinsdóttir með shetland sheepdog

dómaraefni langt komin í námi sínu og nokkrir útskrifaðir sem er mjög jákvætt fyrir framtíðina. Svo eigið þið marga hæfileikaríka unga sýnendur þannig að framtíðin er björt.”

Schnauzer af miklum gæðum

Yolanda Berdugo frá Ísrael kvaðst ánægð með skipulag sýningarinnar og sagðist hafa dæmt marga fallega hunda. Hún var sérstaklega ánægð með schnauzer í heild. „Auðvitað voru ekki allir framúrskarandi en ég gaf flestum „excellent” enda var tegundin í heild af mjög miklum gæðum.” Hún sagðist hafa séð marga fallega hunda í tegundahópi 9 þó hún hefði ekki dæmt margar tegundir innan þess hóps. Einnig nefndi hún siberian husky sem hún sagði af miklum gæðum miðað við þá sem hún sá í úrslitum sýningar.

Öldungarnir í góðu ástandi

Yolanda dæmdi úrslit í tegundahópi 5 þar sem alaskan malamute var hlutskarpastur og var hún mjög hrifin af honum. Einnig dæmdi hún úrslit um besta öldung sýningar. „Ég hefði getað valið mun fleiri en þessa fjóra sem urðu í verðlaunasætum. Þeir voru margir hverjir í frábæru líkamlegu ástandi. Mér finnst alltaf gaman að dæma öldunga og það er svo ánægjulegt þegar fólk á hunda á þessum aldri.”

Yolanda sagði almenn gæði hundanna á Íslandi mjög mikil. „Það er svo mikil synd að hundarnir þurfi að fara í einangrun. Ég er viss um að þið gætuð gert enn betur í ræktun ef tækifærin væru fleiri. Þið gætuð farið til útlanda og sýnt hundana ykkar og fólk myndi án efa koma til Íslands og sýna hundana sína hér, enda mjög vel skipulagðar sýningar og fólkið vingjarnlegt.” Að lokum sagðist hún vona að við héldum áfram á þessari braut. „Ég vona að einangruninni verði aflétt. Þið þurfið alltaf nýtt blóð og mun auðveldara er að nálgast það þegar einangrunin er ekki lengur til staðar. Hér er allt í hæsta gæðaflokki.”

Cavalier-hvolpurinn heillaði

Jussi Liimatainen frá Finnlandi hrósaði starfsfólki í hástert sem og flæði sýningarinnar og sagði sýnendur mjög vingjarnlega.

Hann dæmdi nokkrar tegundir í tegundahópi 9 og minntist á fallega pug-hunda sem og cavalier king charles spaniel sem hann dæmdi. „Cavalier-hvolpurinn, sem varð besti hvolpur dagsins, var algjörlega frábær! Ég veit að ég á ekki að bera saman hvolpa og fullorðna hunda en hann var klárlega besti cavalierinn af öllum og á svo sannarlega bjarta framtíð.”

Tíbet spaniel og papillon báru af

Hann dæmdi úrslit í tegundahópi 9 og var mjög hrifinn af öllum hundunum sem urðu í verðlaunasætum en einnig voru aðrir sem heilluðu hann. „Tíbet spaniel-tíkin var svo falleg. Hún hreyfði sig frábærlega og ég hafði mikla ánægju af því að gefa henni 1. sætið þar sem tegundin sigrar ekki oft í tegundahópnum. Ég sýndi tíbet spaniel-hunda á árum áður og tegundin er mér því kær. Í 2. sæti var mjög falleg papillon-tík af frábærri tegundargerð, í góðum hlutföllum og með fallegar hreyfingar. Mér fannst þessar tvær standa upp úr.”

Það var honum mikill heiður að dæma íslenska fjárhundinn og var hann ánægður með fjöldann sem var sýndur. „Mér fannst mjög ánægjulegt að fá tækifæri til að dæma hann hér á Íslandi. Ég hef dæmt tegundina í Finnlandi og öðrum löndum en þetta var alveg sérstakt.”

Afghan hound kom á óvart

Sú tegund sem kom honum mest á óvart var afghan hound en gæðin tegundarinnar voru mjög mikil. „Í mörgum löndum eru gæði hundanna mjög blönduð en hér á Íslandi voru allir mjög fallegir. Ég gaf öllum „excellent” og

fannst tókurnar mjög góðar.”

Jussi nefndi einnig border terrier sem flestir voru hvolpar. „Besti hvolpur sýningar var border terrier og líkt og cavalier-hvolpurinn var hann betri en þeir fullorðnu að mínu mati. Framtíðin er greinilega björt.”

Aðspurður um úrslit um besta hund sýningar sagðist Jussi hafa vonað að tíbet spaniel-tíkin yrði í verðlaunasæti og var mjög ánægður þegar raunin varð sú.

„Ég var líka mjög hrifinn af dvergschnauzernum og labrador-tíkinni.”

Að lokum sagði Jussi Íslendinga vera á góðum stað í hundasportinu. „Ég veit að það er erfitt að flytja inn hunda en það lítur allt út fyrir að ykkur hafi tekist mjög vel til enda voru gæðin mjög mikil.”

Heilsufar griffon til fyrirmyndar

Laurent Heinesche frá Lúxemborg sagðist ekki hafa yfir neinu að kvarta. „Þetta var frábær, vel skipulögð sýning. Sýnendur voru kurteisir og vinalegir og starfsfólkið gott.”

Hann sagði griffon og papillon hafa komið sér skemmtilega á óvart. „Griffon-hundarnir voru mjög fallegir og það sem mér fannst ánægjulegast var að sjá hve heilbrigðir þeir voru sem er alls ekki alltaf raunin úti í hinum stóra heimi. Nokkuð algengt er að þeir eiga við öndunarerfðleika að stríða vegna of lítilla nasaopa en enginn á Íslandi. Þeir voru með falleg höfuð, stór og vel opin nasaop og skemmtilegast fannst mér að allir voru ræktaðir á Íslandi.”

Gæði papillon voru mjög mikil, að sögn Laurent og sagði hann þá íslensku geta keppt við hunda frá hvaða landi sem er í Evrópu. „Ég varð ástfanginn af tíkinni sem vann hjá mér og gæti hugsað mér að eignast papillon bara vegna hennar!”

Siberian husky misjafnir

Laurent dæmdi fjölmarga siberian husky og sagði gæðin misjöfn. „Ég rakst á sömu vandamál og annars staðar. Sumir voru of lágfættir að mínu mati en það ber að hafa í huga að þetta eru duglegir vinnuhundar. Stundum þurfti ég að velja hunda í 1. sæti sem voru ekki alveg réttir. Sumir hreyfðu sig vel þó annað vantaði upp á, aðrir voru of þungbyggðir en hreyfðu sig vel og svo mætti lengi telja.”

Hjartarhundur og írskur úlfhundur framúrskarandi

Tveir mjóhundar stóðu upp úr að mati Laurent en það voru hjartarhundurinn og írski úlfhundurinn. „Hjartarhunds-tíkin var af ótrúlega miklum gæðum og heillaði mig mikið. Ég var líka mjög hrifinn af írsku úlfhundurinum en hann varð í 3. sæti vegna þess að hann var orðinn örlítið latur á hreyfingu.” Hann var einnig ánægður með afghan-tíkina sem varð í 2. sæti í tegundahópi 10 og sagði hana mjög klassíska á allan hátt. Í heild voru whippet-hundarnir of stórir en af ágætum gæðum. „Því miður voru of margir allt of stórir. Ég mældi marga og þeir voru nokkrum sentimetrum yfir hámarkshæð tegundarinnar.”

Þjóðarhundurinn heillaði

Hann dæmdi úrslit um besta hvolp dagsins og þar heillaði þjóðarhundurinn. „Mjög falleg tók sem greip mig strax. Hún var með skapgerð sýningarhunds, alls ekki ýkt á neinn hátt og í góðum hlutföllum. Hún var svo glöð og sýndi sig svo vel. Hún vissi nákvæmlega hvernig hún átti að gera þetta.”

Líkt og samdómarar sínir sagði Laurent okkur að halda áfram á sömu braut. „Þið eruð greinilega á réttri leið þrátt fyrir einangrunina og einnig þá staðreynd að landið er einangrað. Þið hafið náð frábærum árangri í nokkrum tegundum og eru sumar þeirra betri hér en annars staðar. Þetta hafið þið gert þrátt fyrir allar hindranirnar og ég ber mikla virðingu fyrir því!”

Nánari úrslit sýningarinnar má finna á heimasíðu HRFÍ, www.hrfi.is



Besti afkvæmahópur laugardags
Weimaraner
RW-13 C.I.E. ISShCh Trubon Cino Trounce & afkvæmi



Besti afkvæmahópur sunnudags
Labrador retriever
Leynigarðs Lexía & afkvæmi



Besti ræktunarhópur sýningar laugardags
Papillon
Hálsakots-ræktun
Ræktandi: Ásta María Guðbergsdóttir



Besti ræktunarhópur sunnudags
Siberian husky
Miðnætur-ræktun
Ræktandi: Stefán Arnarson

HVAÐ ER? GÓÐUR SÝNANDI

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Í síðasta tölublaði Sáms fjallaði ég um þjálfun sýningarhunda. Í þetta sinn er fókusinn á sýnandanum sjálfum. Hvað er það sem góður sýnandi hefur fram yfir aðra? Hvað er mikilvægt að sýnendur hafi í huga þegar hundur er sýndur?

Góður sýnandi þarf að hafa yfir ýmsum kostum að ráða. Nokkrir þættir eru mikilvægari en aðrir, til dæmis skilningur á hundum og atferli þeirra, þekking á byggingu og hreyfingum hunda, þekking á mismunandi tegundum hunda og einkennum þeirra (bæði skapgerðar- og útlitseinkennum) og svo mætti lengi telja.

Allir sem hafa horft á fallega hesta á hestamótum vita að aðeins góður knapi, sem kann sitt fag, nær kostum hestsins fram. Það myndi lítið þýða fyrir „leikmann“, sem er lítt kunnugur hestamennsku, að sýna hest á sýningu. Góður knapi þarf að hafa þekkingu á mismunandi gangtegundum hestsins, byggingu hans, skapgerð og því hvernig hann nær fram því besta í hestinum.

Það sama á við um sýnendur hunda að mínu mati. Það er ekki nóg að kunna að hlaupa með hund og stilla honum upp nokkurn veginn. Að sjálfsögðu dugir það til að einhverju leyti en ef góður árangur á að nást þarf sýnandinn að vita hvernig hann nær fram öllu því besta sem hundurinn býr yfir. „Sýningin“ á

að vera án allra öfga og virðast áreynslulaus. Stundum er talað um að sýnandinn og hundurinn eigi að hreyfa sig í takt eins og danspar.

Ef ætlunin er að verða góður sýnandi mæli ég með að viðkomandi fylgist vel með öðrum sýnendum, bæði þeim sem honum finnst góðir í sínu fagi og öðrum, fái ráðleggingar og þjálfun frá þeim sem þekkja þennan geira vel og afli sér þekkingar um líkamsbyggingu og hreyfingar hunda. Einnig er mjög gagnlegt að ná tókum á sem flestum tegundum hunda, bæði stórum og litlum. Með því öðlast sýnandinn enn betri þekkingu og reynslu.

Þekking á atferli og skapgerð

Góður sýnandi á auðvelt með að mynda gott samband við hunda, bæði þá sem hann þekkir og þekkir ekki. Þessi kostur er sumu fólki meðfæddur en aðrir þurfa að læra að ná tókum á þessu og gengur það vanalega betur og betur með reynslunni. Mikilvægt er að þekkja atferli hunda vel og skilningur á mismunandi hundum og einkennum þeirra er gríðarlega mikilvægur. Fólk kemur til dæmis fram við hressan og



Mikilvægt er að hundurinn sé breyfður á réttum braða. Góður sýnandi og hundurinn attu að hreyfa sig eins og danspar, í takt og á sama braða. Á myndinni eru sýnandinn, Þorbjörg Ásta Leifsdóttir og íslenski fjárhundurinn C.I.B. ISW-09 ISCh Arnarstaða Rektor.

ofurkátan labrador á annan hátt en rólegan, fáskiptinn mjóhund. Það þýðir lítið að skamma hund með „mjúka“ skapgerð og eins er það ekki vænlegt til árangurs að vera „mjúkur“ við frekan og þrjóskan hund. Til eru fjölmargar aðferðir við þjálfun og nauðsynlegt er að veita og meta hvern hund fyrir sig með tilliti til skapgerðar. Góður sýnandi veit þó að þjálfun hundsins á að vera skemmtileg og jákvæð og gríðarlega mikilvægt er að hrósa á réttum tíma og enda þjálfunina alltaf á jákvæðum nótum.

Þjálfun

Gott er að hefja þjálfun sýningarhunda fyrr en seinna. Ég vísa í grein mína frá því í síðasta tölublaði Sáms þar sem fjallað er um þjálfun sýningarhunda. Góður sýnandi vinnur vel með alla þá þætti sem skipta máli þegar í sýningarhringinn er komið. Ekki er nóg að þjálfandi hundinn í að hreyfa sig fallega og standa í sýningarstillingu. Þessa þætti þarf að þjálfandi í mismunandi aðstæðum. Dómarar eru jafnmisjafnir og þeir eru margir. Sumir eru með gleraugu,

hatt, staf, í stórum jakka, með mikið hár, aðrir eru stórir eða litlir, sumir eru með djúpa rödd, aðrir skræka og svo mætti lengi telja. Dómarar nálgast líka hunda á misjafnan hátt. Sumir nálgast hunda varfærnislega á meðan aðrir tvínóna ekkert við hlutina og byrja strax að skoða. Hundarnir þurfa að vera vanir ÖLLUM þessum gerðum dómara og þess vegna er mikilvægt að fá alls kyns fólk til þess að skoða þá. Ekki er nóg að þjálfandi hundinn einan í lokuðu rými heldur er nauðsynlegt að vera í kringum aðra hunda. Góður sýnandi veit nákvæmlega hvaða þætti þarf að þjálfandi betur en aðra. Sem dæmi má nefna að hundur getur verið óruggur í kringum aðra hunda, varkár gagnvart karl- eða kvendómurum, hræddur við tónlist og klapp og svo mætti lengi telja. Ávallt þarf að veiga og meta aðstæður hverju sinni. Sumir hundar þarfnast lítillar þjálfunar en hjá öðrum má aldrei slaka á í þjálfun.

Skilningur á líkamsbyggingu og hreyfingum

Góður sýnandi hefur góðan skilning á tegundarlýsingu þeirrar tegundar sem hann sýnir hverju sinni ásamt þekkingu á byggingu og hreyfingum hunda almennt. Schäfer og labrador retriever eru hundar sem teljast til fremur stórra tegunda. Þeir eiga að geta hreyft sig á auðveldan, heilbrigðan hátt. Þrátt fyrir það eru þessar tvær tegundir sýndar á gjörólíkum hraða og á ólíkan hátt. Þessi atriði þarf alltaf að hafa í huga. Þó að hundur geti sýnt hreyfingar á mjög miklum hraða þýðir það ekki endilega að hann hreyfi sig best á slíkum hraða. Til eru fjölmargar tegundir hunda sem ná mikilli ferð en eiga að vera sýndar á miðlungshraða. Í þessu samhengi má nefna whippet. Auðvelt er að falla í þá freistni að sýna hunda eins og whippet á miklum hraða. Sumir gera sér ekki grein fyrir að stundum á það við að því hraðar sem

hundurinn fer, því minni skref tekur hann. Til þess að hundurinn sýni sem bestar hreyfingar er mikilvægt að finna þann hraða sem hentar. Mismunandi er eftir tegundum hvaða tegundareinkenni eru mikilvægust. Hjá sumum tegundum eru höfuð og eyrnastaða mikilvægust, hjá öðrum eru hreyfingar aðalatriðið og hjá enn öðrum er mest áhersla lögð á feldgerð. Góður sýnandi hefur þetta ávallt að leiðarljósi og leitast við að koma þessum þáttum á framfæri. Allir hundar hafa sína kosti og galla þegar kemur að líkamsbyggingu og hreyfingum. Góður sýnandi þekkir kosti og galla þess hunds sem hann sýnir hverju sinni og reynir að ná fram kostunum og fela gallana. Með kunnáttu og þekkingu á líkamsbyggingu og hreyfingum hunda er þetta mögulegt. Góður sýnandi reynir eftir fremsta megni að láta galla hundsins aldrei sjást inni í hring.

Fyrir sýningu

Áður en hundur er skráður á sýningu þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga: 1) Er hundurinn í góðu líkamlegu formi? 2) Er hann andlega tilbúinn? 3) Er tími til að sinna honum á þann hátt sem nauðsynlegt er fram að sýningu (þjálfun, hreyfing, mataræði o.s.frv.)? Það er ekki nóg að átta sig á

því, viku fyrir sýningu, að hundurinn sé of feitur eða of grannur, að hann sé óruggur í einhverjum aðstæðum og svo mætti lengi telja. Það gerir hundinum ekki gott að fá eina þurrfóðurskúlu á dag, í vikunni fyrir sýningu, í örvæntingarfullri tilraun til að ná af honum nokkrum grömmum. Alltaf á að hugsa um hundinn eins og framúrskarandi íþróttamann. Hann á að vera í góðu líkamlegu og andlegu ástandi, með vöðva, vel fylltur, á góðu mataræði, hamingjusamur, óhræddur og glaður. Þetta er eitthvað sem góður sýnandi er ávallt meðvitaður um. Ef hann á ekki hundinn sjálfur gerir hann eigendum hans grein fyrir þessum mikilvægu þáttum.

Það er þó ekki nóg að hundurinn sé í góðu líkamlegu ástandi. Ef ætlunin er að sýna kraftmikinn hund sem þarf að hlaupa með þarf sýnandinn að vera í líkamlegu ástandi til þess. Sumir dómarar ætlast til þess að sýnendur geti hlaupið hring eftir hring með hundana og þá stóðar lítið að gefast upp eftir einn til tvo hringi.

Á sýningunni

Þegar á sýningarsvæðið er komið er sýnandinn fullkomlega einbeittur að verkefninu, hundinum sem hann er að fara að sýna. Hann mætir með



Góður sýnandi veit að þjálfun hundsins á að vera skemmtileg og jákvað. Það sama á við um reynslu hundsins inni í sýningarhring. Á myndinni eru sýnandinn, Þorbjörg Ásta Læfisdóttir og íslenski fjárhundurinn, ISCh RIV-14 Arnarstaða Nagli. Ljós. Ágúst Ágústsson.

hundinn á réttum tíma og vegur og metur hve langan tíma hann þarf til að jafna sig og venjast aðstæðum. Sumir hundar þurfa langan tíma en aðrir stuttan. Hann gætir þess að hundurinn lendi ekki í neikvæðum aðstæðum sem geta haft áhrif á frammistöðu hans í hringnum. Í þessu samhengi má nefna samstuð við árásgjarnan hund, nálægð við lóðandi tik, mikinn hávaða og öngþveiti, stressað fólk, hlaupandi börn og fleira. Góður sýnandi er ávallt meðvitaður um umhverfið, jafnt inni í hringnum og utan hans. Hann gleymir sér ekki í samræðum við annað fólk - hundurinn er númer 1, 2 og 3. Ef hundurinn er með feldgerð sem þarfnast mikillar snyrtingar gætir sýnandinn þess vel að snyrtingin sé ekki „eyðilögð“ rétt áður en hundurinn er sýndur. Einnig er kostur ef sýnandinn kann í meginatriðum að undirbúa feldinn fyrir stóru stundina. Góður sýnandi reynir eftir fremsta megni að „lesa“ dómara meðan hann bíður fyrir utan hringinn svo hann viti hverju hann eigi von á þegar komið er að stóru stundinni. Mikilvægt er að sýnandinn sé gláður, jákvæður og með gott sjálfstraust. Hundar eru fljótir að lesa mannfólkið og fylgja mun betur einstaklingum sem eru jákvæðir og með gott sjálfstraust.

Inni í sýningarhring

Góður sýnandi er ávallt klæddur á fagmannlegan hátt þegar hann sýnir hund. Hann er bakgrunnur hundsins og á aldrei að taka athyglina frá hundinum. Þegar hundurinn kemur inn í hringinn í fyrsta sinn er gríðarlega mikilvægt að hann sýni strax fallegar hreyfingar á réttum hraða. Góður sýnandi hitar hundinn upp fyrir utan hring á réttan hátt og gætir þess að taumurinn sé á réttum stað svo að hundurinn sýni sig vel. Tímasetning er mjög mikilvæg, það er hvenær rétt er að hafa hundinn upp stilltan. Það er nokkuð öruggt að uppstillingin

misheppnist hafi hundurinn staðið í sömu stellingunni í langan tíma áður en dómariinn dæmir hann. Góður sýnandi veit hvernig hann heldur hundinum „á tánum“ og glöðum á meðan dómariinn einbeitt sér að hinum hundunum. Hann er svo tilbúinn með hann fallega upp stilltan þegar dómariinn snýr sér að honum. Góður sýnandi leitast við að nýta hverja einustu stund til fullnustu þegar hundurinn er dæmdur. Hann stillir hundinum upp óaðfinnanlega, hreyfir hann á réttan hátt og nær öllum hans kostum vel fram. Þegar hundur er hreyfður er vænlegra til árangurs að gefa sér tíma til að stilla ávallt tauminn á réttan hátt ÁÐUR en lagt er af stað. Stuttur taumur er alltaf gagnlegri en of langur. Sýnandinn ætti að leitast eftir því að sýna stöðugar hreyfingar á réttum hraða. Þessu er auðvelt að ná fram með réttu taumhaldi. Markmiðið ætti alltaf að vera það að nota tauminn sem minnst til að stýra hundinum og kenna honum frekar að fylgja líkamstjáningu sýnandans.

Óvæntar aðstæður

Ýmsar aðstæður geta komið upp inni í sýningarhringnum og stundum getur verið erfitt að takast á við þær. Þá kemur góð reynsla og þekking á skapgerð hunda sér alltaf

vel. Hundurinn getur orðið annars hugar af einhverjum ástæðum, hann vill ekki taka verðlaunabita, sem oft er hjálpartæki við uppstillingu, hann verður smeikur við eitthvað, óöruggur og svo mætti lengi telja. Góður sýnandi er alltaf með „plan B“ ef „plan A“ bregst af einhverjum ástæðum. Þetta á sérstaklega við um uppstillingu. Þegar hundurinn er þjálfður er jafnmikil áhersla lögð á „plan A“ og „plan B“. Þarna kemur sér mjög vel að hafa þjálfað hundinn í alls kyns aðstæðum. Mikilvægt er að sýnandinn láti hundinn aldrei finna að eitthvað sé að. Hundar finna strax ef sýnandinn er stressaður eða breytir hegðun sinni á einhvern hátt. Sýnandinn ætti alltaf að leitast við að leysa öll vandamál og bregðast við aðstæðum af yfirvegum.

Að lokum

Eins og áður sagði er hundurinn númer 1, 2 og 3. Mjög mikilvægt er að reynsla hans af sýningum sé ávallt jákvæð. Góður sýnandi hefur þetta alltaf að leiðarljósi. Sama hver niðurstaðan er á sýningunni á hundurinn alltaf að fá verðlaunabita, dót, hrós, klapp og klór bæði innan og utan sýningarhringsins. Góður sýnandi veitir hundinum óskipta athygli sína frá upphafi til enda.



Góður sýnandi veit hvernig hann heldur hundinum „á tánum“ og glöðum á meðan dómariinn einbeitt sér að hinum hundunum. Sýnandinn er svo tilbúinn með hann fallega upp stilltan þegar dómariinn snýr sér að honum. Á myndinni eru sýnandinn, Theodóra Róbertsdóttir og australian shepherd-tíkin, ISCh Thornapple Seduction. Ljós. Marianna Gunnarsdóttir.

SIÐANEFND HRFÍ

Siðanefnd er kosin á aðalfundi HRFÍ og starfar á grundvelli laga félagsins og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga. Síðustu ár hefur nefndin fengið til sín fjölda mála og er það býsna dapurt að félagsmenn í okkar ágæta félagi skuli gerast brotlegir við sínar eigin settu reglur.

Siðanefnd telur það því ákjósanlegt að koma að upplýsingum um störf nefndarinnar í félagsblaði HRFÍ, Sámi og þakkar ritnefndinni áhugann. Ritnefnd Sáms hefur beint eftirfarandi spurningum til nefndarinnar sem reynt verður að svara hér samkvæmt bestu vitund og verða lesendur Sáms vonandi einhverju nær um störf nefndarinnar eftir lesturinn.

HVERNIG MÁL FÆR SIÐANEFND INN Á BORD TIL SÍN?

Málin sem siðanefnd fær til afgreiðslu og úrlausnar eru aðallega brot á grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ og langflest þeirra eru kærur vegna vöntunar á heilsufarsvottorðum, sér í lagi augnvottorðum, þegar þörun fer fram. Það skal áréttað hér að mjög mikilvægt er að öll tilskilin heilsufarsvottorð liggi fyrir við þörun til að koma í veg fyrir erfðasjúkdóma. Það ætti að vera hverjum ræktanda kappsmál að viðhalda heilbrigði tegundarinnar eins og best verður við komið og láta heilsufarsskøða undaneldisdýr eins og reglur kveða á um. Einnig koma annars konar mál til meðferðar og mætti nefna í því sambandi mál þar sem tíkur eru paraðar of ungar eða þá í einstaka tilfellum of gamlar. Í slíkum tilvikum gætu ræktendur verið að misbjóða heilsu dýrsins.

HVERNIG ER TEKIÐ Á MÁLUM? ERU MÁLIN MISALVARLEG?

Siðanefnd kemur saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ. Öll brot á reglum félagsins eru alvarleg en til allra heilla hafa ekki borist kærur um alvarleg dýranið hin allra síðustu ár.

HVERNIG ER FERLIÐ?

Ef nefndarmenn eru einhuga um það að kæra sé ekki á rökum reist er málinu vísað frá en að öðrum kosti er kæran og fylgigögn hennar lögð fyrir þann sem kærður er og honum gefinn frestur til skriflegra andsvara. Andsvör eru síðan send kæranda til umsagnar. Sinni málsaðilar ekki tilmælum um skriflegar athugasemdir getur nefndin byggt úrlausn mála á framlögðum gögnum og öðrum upplýsingum sem hún sjálf aflar um málið. Þá er nefndinni heimilt, hvenær sem er við meðferð máls, að leita sátta með aðilum. Þegar nefndin telur að öll gögn, er varða málið séu fram komin og ekki hafa náðst sættir í málinu, þá er málið tekið til úrskurðar.

HVER ER REFSINGIN?

Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að félagsmaður hafi ekki hagað sér í samræmi við lög eða reglur félagsins getur hún fundið að vinnubrögðum hans eða háttsemi eða veitt honum áminningu. Ef sakir eru miklar eða félagsmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin í rökstuddu álitu beitt þyngri refsingum allt eftir eðli máls. Í 28. gr laga HRFÍ kemur fram hver viðurlögin eru við brotum á reglum félagsins. Refsiramminn er sem sé allt frá því að nefndin telur að háttsemi sé aðfinnsluverð og til þess að félagsmanni er vísað úr félaginu, allt eftir eðli máls, eins og áður sagði. Siðanefnd vonar að félagsmenn HRFÍ séu einhverju nær en bendir félagsmönnum á að kynna sér vel lög og reglur félagsins og þá sérstaklega grundvallareglur fyrir félagsmenn í HRFÍ og reglugerð um skráningu í ættbók. Siðanefndinni finnst gríðarlega mikilvægt að félagsmenn þekki sínar reglur og virði þær. Óskastaðan væri sú að siðanefnd væri nafnið eitt og þyrfti aldrei að úrskurða í nokkru máli.

Alþjóðlegir meistarar (C.I.B.)



Schäfer snöggærður
C.I.B. ISCh Easy von Santamar
Eigandi: Arna Rúnarsdóttir
Ræktandi: Marc Van Hout



Griffon bruxellois
C.I.B. RW-13 ISCh Channa's Lady Killer
Eigandi: Ásta María Karlsdóttir
Ræktandi: Hanna Hjelm

Íslenskir meistarar (ISCh)



Yorkshire terrier
FICH ISCh Narcissus Majesty Of Rock
Eigandi: Kristine Erla Olson
Ræktandi: Petra Puurula



Pug
ISCh Flash Of Joy Kenixen
Eigandi: Hulda Hrund Höskuldsdóttir
Ræktandi: N. Brylkova



Papillon
ISCh Hálsakots Something Is Burning
Eigandi: Kristín Sólveig Þráinsdóttir
Ræktandi: Ásta María Guðbergsdóttir



Nýfundnalandshundur
ISCh Marzenia Do Spełnienia VIVA ZABAJK FCI
Eigandi: Urszula Pawluczuk
Ræktandi: Elzbieta Piotrowska



Pug
ISCh RW-14 Flash Of Joy Iskra
Eigandi: Hulda Hrund Höskuldsdóttir
Ræktandi: N. Brylkova



Cairn terrier
ISCh RW-14 ForeverCairn Kosmo
Eigundur: Anna Kristín Einarsdóttir og Guðmundur Helgi Guðmundsson
Ræktandi: Kristín Sveinsdóttir



Cavalier king charles spaniel
ISCh RW-14 ISCh Loranka's Edge Of Glory
Eigandi: María Tómasdóttir
Ræktandi: Mrs L Hughes



Pug
ISCh Rw-14 Just A Gigolo Of Golden Pugs
Eigandi: Stefánía Sunna Ragnarsdóttir
Ræktandi: Sabine van Roon



Dvergshnauzer (svartur)
ISCh Stapaperlu Best of Svartwalds
Eigandi: María Björg Tamimi
Ræktandi: Guðrún S. Kristinsdóttir



Tíbet terrier
RW-14, RW-13, BYJW-12, LVJW-13, ISCh, BY & LV & LT & EST & BALT JCH Ti La Shu On The Rocks
Eigundur: Hugrún Diljá Þorgeirsdóttir og Jenna Timonen
Ræktendur: Sabine og Katja Rauhut

Íslenskir sýningarmeistarar (ISShCh)



Briard
ISShCh Heydalur's AukinLukka
Eigandi: Ólína Valdís Rúnarsdóttir
Ræktandi: Stella Sif Gísladóttir



Boxer
ISShCh Bjarkeyjar Ísadóra
Eigandi: Oksana Shalabai
Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir



Boxer
ISShCh Bjarkeyjar Ísar
Eigandi: Þröstur Ólafsson
Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir



Enskur cocker spaniel
ISShCh Bjarkeyjar Sóllilja
Eigandi: Þröstur Ólafsson
Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir



Enskur cocker spaniel
ISShCh Bjarkeyjar Thank You For The Music
Eigandi: Þröstur Ólafsson
Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir



Frá Hundaræktarfélagi Íslands

www.hrfi.is – hrfi@hrfi.is



Schäfer snögghærður
ISShCh Gjósku
Osbourne-Tyson
Eigandi: Aðalheiður
Þorsteinsdóttir
Ræktandi: Arna
Rúnarsdóttir



Schäfer síðhærður
ISShCh Gjósku Osiris
Eigandi: Ófeigur
Sigurðsson
Ræktandi: Arna
Rúnarsdóttir

Íslenskir veiðimeistarar (ISFtCh)



Labrador retriever
ISFtCh Listrum Omega
Eigandi: Sigurmon
Marvin Hreinsson
Ræktandi: P M McAteer



Labrador retriever
ISFtCh Ljósavíkur Nínó
Eigandi/ræktandi:
Ingólfur Guðmundsson

Opnunartími skrifstofu er sem hér segir:
Mánudag til föstudag frá kl.10.00-15.00

Áður en hundur er augnskoðaður, mjaðma- og/eða olnbogamyndaður skal hann örmerktur. Auk þess skulu hundar sem taka þátt í viðburðum á vegum félagsins, t.d. sýningum, veiði, hlýðni og sporaprófum, svo og skapgerðarmati, einnig vera örmerktir. Þetta ákvæði gildir fyrir alla hunda, óháð fæðingardegi. Sé þessi regla ekki uppfyllt hefur hundurinn ekki rétt til þátttöku.

Mjaðma- og/eða olnbogamyndir er núna hægt að senda til aflestrar til SKK (sænska hundaræktarfélagsins). SKK lofar niðurstöðu innan 10 daga frá því að myndir berast þeim. Dýralæknar sjá um að senda myndirnar til SKK en greitt er fyrir aflesturinn á skrifstofu HRFÍ. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is.

Að gefnu tilefni telur stjórn HRFÍ áriðandi að ítreka það að ræktendur noti ekki til undaneldis þá hunda sem uppfylla ekki þau heilsufarspróf (t.d. augnskoðun, mjaðma- og /eða olnbogamyndun) sem gilda fyrir tegundina.

Þeir sem hafa áhuga á að starfa að sýningum félagsins eru beðnir að setja sig í samband við skrifstofu. Alltaf er þörf á

góðu fólki sem tilbúið er að leggja hönd á plóg við uppbyggingu á starfsemi félagsins.

Boðið er upp á sýningarþjálfun í umsjón ræktunardeilda og Unglingadeildar fyrir sýningar Hundaræktarfélagsins. Nánar auglýst á vefsíðunni.

Til að tryggja að innfluttir hundar komist á sýningu þurfa gögn þess efnis, þ.e. frumrit ættbókarskírteinis, staðfesting á eiganda hunds og staðfesting á veru hundsins í einangrunarstöð, að hafa borist skrifstofu tveimur vikum fyrir síðasta skráningardag. Sama gildir um skráningu gota.

Augnskoðun hunda með ættbók frá HRFÍ er fyrir virka félagsmenn. Hundaeigendur, sem ekki eru félagsmenn í HRFÍ en með hunda í ættbók HRFÍ, geta skráð þá í augnskoðun gegn hærra gjaldi. Hundar virkra félagsmanna ganga fyrir í augnskoðun. Vegna smithættu hvolpa er eigendum nýgotinna tíka vinsamlegast bent á að koma ekki með þær í augnskoðun. Augnskoðun hunda er ekki endurgreidd nema viðkomandi boði forföll tímanlega

Vinsamlegast tilkynnið til skrifstofu félagsins breytingar á heimilisfangi, símanúmeri, póst-og netfangi og einnig ef ættbókarfærður hundur í ykkar eigu deyr.

Á döfinni

Alþjóðleg hundasýning 8.-9. nóvember 2014.

Skráningarfræstur rennur út föstudaginn
10. október

Dómarar: Espen Engh (Noregi), Guenther Ehrenreich (Austurríki), Carsten Birk (Danmörku), Ann-Christen Johansson (Svíþjóð), Charlotte Høier (Danmörku) og fl.

Hundaskóli HRFÍ býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir hundaeigendur. Hundanámskeið eru í fullum gangi og eru opin öllum hundum. Skráning og upplýsingar er á vefsíðu HRFÍ.

Vinnupróf og æfingar á vegum Vinnuhundadeildar eru auglýst á vefsíðu deildarinnar.

Veiðipróf fyrir retriever- og standandi fuglahunda eru auglýst á vefsíðum deildanna.

Augnskoðun verður næst helgina 8.-9. nóvember í tengslum við hundasýninguna, staðsetning auglýst síðar. Tímamantanir fara fram á skrifstofu. Gefa skal upp ættbókarnúmer hunds og ganga frá greiðslu um leið og hundur er skráður.

Amerísk cocker spanieldeild

BOB og BOS á tvöfaldri sumarsýningu HRFÍ í júní.

Aðalfundur amerísk cocker spanieldeildar var haldinn 26. maí og komu þrír nýir stjórnarmeðlimir til starfa; Svava Runólfsdóttir, Ingibjörg Valsdóttir og Svava Arnórsdóttir en áfram sitja Ágústa Pétursdóttir og Bryndís Pétursdóttir. Unnið hefur verið að heimasíðu deildarinnar <http://amcocker.weebly.com> sem er í stöðugri uppfærslu.

Fréttir og upplýsingar um uppkomur og göngur er hægt að nálgast á heimasíðunni ásamt gagnagrunni og fleiru.

Auguskoðun var haldin 6., 7. og 8. júní sl. og mættu fjórar tíkur og einn rakki sem öll stöðust ræktunarkröfur tegundarinnar.

TVÖFÖLD AFMÆLISSÝNING HRFÍ 21.-22. JÚNÍ Reykjavíkur Winner sýning laugardeginn 21. júní

Sýndir voru níu amerískir cocker spanielhundar. Dómari: Viktoría Jensdóttir.

ISCh Eldhuga Dirty Secret, sem varð besti hundur tegundar, hlaut titilinn Reykjavík Winner 2014. Besti hundur af gagnstæðu kyni varð rakkinn, ISCh RW-13 Eldhuga Stand By Me og hlaut hann titilinn Reykjavík Winner 2014.

2. besti rakki varð Freixenet's Ironman með íslenskt meistarasstig.
2. besta tík tegundar varð RW-13 Eldhuga Can't Buy Me Love. Besti hvolpur tegundar varð Dropasteins Lamborghini Adventator.

Alþjóðleg hundasýning sunnudaginn 22. júní 2014

Sýndir voru níu amerískir cocker spanielhundar. Dómari: Vincent O'Brien ISCh Eldhuga Dirty Secret varð besti hundur tegundar með alþjóðlegt meistarasstig. Besti hundur af gagnstæðu kyni varð rakkinn ISCh RW-13 Eldhuga Stand By Me með alþjóðlegt meistarasstig.

2. besti rakki varð Freixenet's Ironman með íslenskt meistarasstig.

Besti hvolpur tegundar varð

Sléttuhliðar Mad Black Women. F.h. deildarinnar, Svava Runólfsdóttir og Ingibjörg Valsdóttir.

Boxerdeild

Hagalíns Master of Puppets sem varð besti hvolpur sýningar á sunnudeginum og í 2. sæti á laugardegnum.

Ársfundur

Ársfundur Boxerdeildarinnar var haldinn fimmtudaginn 12. júní. Á fundinum var kosin ný stjórn. Stjórn skipa nú:

Inga Björk Gunnarsdóttir, formaður

Erna Hrefna Sveinsdóttir, meðstjórnandi

Þröstur Ólafsson, meðstjórnandi

Bylgja Björk Haraldsdóttir, varamaður

Oksana Shalabai, varamaður.

Sýningar

Tvöföld afmælisýning HRFÍ var haldin helgina 21.-22. júní 2014.

Á laugardegnum var Reykjavík Winner-sýning og úrslit voru eftirfarandi:

BOB var RW-14 RW-13 ISShCh Son Of A Gun at Berwynfa JW.

BOS var RW-14 RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be.

Rakkar:

1. RW-14 RW-13 ISShCh Son Of A Gun at Berwynfa JW með meistaraefni. Eigandi Unnur Huld Hagalín. Ræktendur Mrs V Welsman-Millard & L Millard.

2. Robinsteck Al Pacino með íslenskt meistarasstig. Eigendur Erna Hrefna Sveinsdóttir og Rakel Ósk Þrastardóttir. Ræktandi Mrs Alice Robinson.

3. ISShCh Bjarkeyjar Ísar með meistaraefni. Eigendur Þröstur Ólafsson og Páll Hjaltason. Ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

Tíkur:

1. RW-14 RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be með meistaraefni. Eigandi Þröstur Ólafsson. Ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

2. Bjarkeyjar Ísadóra. Hún hlaut sitt annað íslenska

meistarastig. Eigandi Oksana Shalabai. Ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

3. ISShCh Bjarkeyjar Ísold með meistaraefni. Eigandi Þröstur Ólafsson. Ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

4. Hagalíns Kickin' Up Dust með meistaraefni. Eigandi og ræktandi Unnur Huld Hagalín.

RW-14 RW-13 ISShCh Son Of A Gun at Berwynfa JW varð í 3. sæti í grúbbuúrlitum.

Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var Hagalíns Master of Puppets sem varð svo 2. besti hvolpur sýningar.

Bjarkeyjar-ræktunaráhópur fékk heiðursverðlaun.

Á sunnudeginum var alþjóðleg sýning og voru úrslit eftirfarandi:

BOB RW-14 RW-13 ISShCh Son Of A Gun at Berwynfa JW.

BOS RW-14 RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be.

Rakkar:

1. RW-14 RW-13 ISShCh Son Of A Gun at Berwynfa JW með meistaraefni. Eigandi Unnur Huld Hagalín. Ræktendur Mrs V Welsman-Millard & Mr L Millard.

2. ISShCh Bjarkeyjar Ísar með meistaraefni. Eigendur Þröstur Ólafsson og Páll Hjaltason. Ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

3. Robinsteck Al Pacino með íslenskt meistarasstig. Eigendur Erna Hrefna Sveinsdóttir og Rakel Ósk Þrastardóttir. Ræktandi Mrs Alice Robinson.

Tíkur:

1. RW-14 RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be með meistaraefni. Eigandi Þröstur Ólafsson. Ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

2. Bjarkeyjar Ísadóra. Hún hlaut sitt þriðja íslenska meistarasstig. Eigandi Oksana Shalabai. Ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

3. Hagalíns Kickin' Up Dust með meistaraefni. Eigandi og ræktandi Unnur Huld Hagalín.

4. ISShCh Bjarkeyjar Ísold með meistaraefni. Eigandi Þröstur Ólafsson. Ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

RW-14 RW-13 ISShCh Son Of A Gun at Berwynfa JW varð í 2. sæti í grúbbuúrlitum.

Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var Hagalíns Master of Puppets sem varð svo besti

hvolpur sýningar. Eigandi og ræktandi er Unnur Huld Hagalín.

Bjarkeyjar-ræktunaráhópur fékk heiðursverðlaun.

Got

13. júní fæddist got hjá Hagalíns-ræktun með 5 hvolpum undan Domino Ivella House og RW-14 RW-13 ISShCh Son Of A Gun at Berwynfa JW.

Fyrir hönd deildarinnar, Inga Björk Gunnarsdóttir.

Cavalierdeild

BOB og BOS á Reykjavík Winner-sýningunni.

Á sumar- og afmælisýningu HRFÍ 21.-22. júní voru skráðir 50 cavalierar.

Á laugardegnum 21. júní var Reykjavík Winner sýning og voru 24 cavalierar skráðir, þar af 4 hvolpar. Dómari var Ann Marie Mæland frá Svþjóð.

Úrslit voru eftirfarandi: BOB og Reykjavík Winner var Mjallar Von og BOS Loranka's Edge of Glory

Bæði fengu meistarasstig og fékk Loranka's Edge of Glory sitt þriðja meistarasstig að þessu sinni. Eigandi og ræktandi Mjallar Vonar er Arna Sif Kærnested en eigandi Loranka's Edge of Glory er María Tómasdóttir. Ræktandi hans er Mrs L Hughes.

Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var Prúðleiks Móa Parker og besti hvolpur 6-9 mánaða Mánaljóss Brúnó. Eigandi Prúðleika Móa Parker er Henný Sif Bjarnadóttir og eigandi Mánaljóss Brúnó er Halla Bergþóra Björnsdóttir.

Á sunnudeginum 22. júní var alþjóðleg sýning og voru 26 cavalierar sýndir, þar af 2 hvolpar. Dómari var Henrik Johansson.

Úrslit voru eftirfarandi:

BOB var Drauma Bono og BOS var Ljúflings Hetja

Bæði fengu meistarasstig og CACIB. Eigandi og ræktandi Drauma Bono er Ingibjörg Halldórsdóttir en eigandi og ræktandi Ljúflings Hetju er María Tómasdóttir.

Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var Prúðleiks Móa Parker og besti hvolpur 6-9

mánaða var Mánaljóss Baltasar. Eigandi Prúðleiks Móu Parker er Henný Sif Bjarnadóttir og eigandi Mánaljóss Brúnó er Kristín Bjarnadóttir.

Nánari sýningarúrslit má finna á heimasíðu deildarinnar www.cavalier.is

Frá janúar-júní 2014 hafa verið 14 got hjá ræktendum. Frá þessum gotum hafa komið 46 hvolpar af öllum litum.

Göngunefnd Cavalierdeildarinnar stendur fyrir mánaðarlegum göngum sem eru vel sóttar af eigendum Cavaliera. Hægt er að finna göngudagskrá fyrir árið á vefsíðu deildarinnar www.cavalier.is

*F.h. stjórnar,
Guðrún Birna Jørgensen.*

Chihuahuedeild



Við héldum okkar frábæra páskabingó fyrir páska og var þátttakan mjög góð og fullt af glæsilegum vinningum. Viljum við hér með þakka öllum þeim sem gáfu okkur vinninga kærlega fyrir.

Farið var í göngu 25. maí í Sólheimakoti og var grillað eftir hana, veðrið var aðeins að stríða okkur og rigndi smá.

Klara Símonardóttir verður með fyrirlestur fyrir deildina þann 15. september nk. á skrifstofu HRFÍ um Matardorhunda í ræktun.

Haldin var tvöföld afmælisýning hjá HRFÍ 21.-22. júní og voru þær utandyra.

Laugardagurinn 21. júní

Dómari:

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

Síðhærðir

BOB: C.I.B. ISCh Himna Lotta Skotta RW-14

BOS: Himna Fálki m.stig RW-14

BÖT: RW-13 C.I.B. ISCh Himna Sól, varð einnig BÖS 3

Besti ræktunarhópur teg.:

Himnaræktun heiðursverðlaun

Snöggir

BOB: RW-13 Himna Huginn m.stig RW-14

BOS: Eyðimerkur Jane Seymore RW-14

Besti ræktunarhópur teg.:

Himnaræktun heiðursverðlaun

Sunnudagurinn 22. júní

Dómari: Malgorzata Supronowicz

Snöggir

BOB: Himna Simbi m.stig CACIB

BOS: ISCh Anganóra Baldintáta

BÖT: ISCh Anganóra Baldintáta

Besti ræktunarhópur teg.:

Himnaræktun heiðursverðlaun

Síðhærðir

BOB: Himna Fálki m.stig

BOS: C.I.B. ISCh Himna Lotta Skotta

B.hvt 1: Ljóna-Kolku Dröfn heiðursverðlaun

BÖT: RW-13 C.I.B. ISCh Himna Sól, varð einnig BÖS 4

Besti ræktunarhópur teg.:

Himnaræktun heiðursverðlaun

Að lokum hvetjum við félagsmenn til að fylgjast með starfi deildarinnar á heimasíðu hennar www.chihuahuahrfi.is og einnig á facebook www.facebook.com/ChihuahuedeildHrfi

Enn fremur viljum við minna ræktendur á að skrá hvolpakaupendur á póstlista deildarinnar hrfichihuahua@gmail.com

Stjórnin.

D.Í.F.



Besti hundur sýningar HRFÍ 21. júní, ISCh RW-2014 Arnarstaða Nagli

Annað sumarið í röð voru þriggja daga æfingabúðir fyrir íslenska fjárhunda eða svokallaðar „Vesturfara Víking“ á Snæfellsnesi á vegum Hundalífs, Þórhildar Bjartmarz. Þátttaka var mjög góð. Hægt var að taka þátt

í spori, hlýðni, hundafimi, trixum og kúnstum hjá sex kennurum og leiðbeinendum. Veður var mjög gott og skemmtu menn og hundar sér einstaklega vel. Íslensku fjárhundarnir sýndu vel hversu fjölhæfir þeir eru í vinnu.

HRFÍ hélt tvöfalda sýningu helgina 21.-22. júní í Víðidalnum en deildarsýning DÍF var haldin innan sýningar HRFÍ fyrri daginn. Dómari var Eivind Mjærum frá Noregi. BISS deildarsýningarinnar og RW-2014 var ISCh Arnarstaða Nagli. Nagli kom sá og sigraði, vann jafnframt TH 5 og varð BIS hjá HRFÍ yfir allar tegundir. Arnarstaða Nagli er ræktaður af Guðríði Þorbjörgu Valgeirsdóttur og er í eigu hennar og Þorbjargar Ástu Leifsdóttur. BISS2 og RW-2014 var C.I.B. ISCh Snætinda Ísafold. Ræktendur hennar eru Hafþór Snæbjörnsson og Unnur Sveinsdóttir og er hún í eigu þeirra auk Sunnu Lífur Hafþórsdóttur. Besti hvolpur deildarsýningar 6-9 mánaða var Laufeyjar Brá sem varð auk þess BIS hvolpur nr. 4 hjá HRFÍ. Eigandi Bráar og ræktandi er Linda Laufey Bragadóttir. BISS öldungur var RW-2013 OB-1 ISCh Stefsstells Skrúður en ræktandi hans er Stefanía Sigurðardóttir og eigendur Vigdís Elma Cates og Þórður Kristjánsson. Snætinda-ræktun átti BISS ræktunarhóp.

Seinni sýningardaginn dæmði Herdís Hallmarsdóttir. BOB var Snætinda Vaka og hefur hún nú rétt til þess að sækja um íslenskan meistaratitil. Vaka lenti í 2. sæti í TH 5 en hún er í eigu ræktenda sinna, Sunnu Lífur Hafþórsdóttur, Hafþórs Snæbjörnssonar og Unnur Sveinsdóttur. BOS var RW-2013 OB-1 ISCh Stefsstells Skrúður og hann varð jafnframt BÖT og BIS öldungur 2 yfir alla sýninguna. Auk þess getur Heiðarhofs Kolmar nú sótt um íslenskan meistaratitil. Ræktandi hans er Arnheiður Aldís Sigurðardóttir og eigandi Mette Pedersen. Laufeyjar Brá var BOB-hvolpur 6-9 mánaða og BOB ræktunarhópur kom úr Snætinda-ræktun.

Fyrsta bronsmerkjapróf í hundafimi var einnig haldið í Víðidalnum. Snætinda Vaka og Bjarkarkots Embla tóku þátt ásamt eigendum sínum og náðu báðar bronsmerki. Embla er í eigu Brynhildar Bjarnadóttur, ræktandi Erla Björk Theodórsdóttir.

Hvolpasýning HRFÍ var haldin 27. júlí í Mosfellsbæ en Lilja Dóra

Haldórsdóttir dæmði íslensku hvolpana. BOB-ungviði 3-6 mánaða var Sunnusteins Hrina, eigandi og ræktandi Þorsteinn Thorsteinson. BOB-hvolpur 6-9 mánaða var Ístjarnar Lóa, eigandi og ræktandi Vigdís Elma Cates.

Tvær kynningar á íslensku fjárhundinum fóru fram í sumar. Annars vegar í maí á Sunnlenska sveitadeginum á Selfossi og svo á Landsmóti hestamanna á Hellu í samvinnu við framkvæmdanefnd mótsins og voru hundarnir kynntir tvisvar. Þeim var gert hátt undir höfði, m.a. var mynd af íslenskum fjárhundi framan á mótskránni. Leitast var eftir því að sýna hunda af sem flestum litaafbrigðum, á ýmsum aldri (eldri en 1 árs) og af báðum kynjum. Áhugi mótsgesta fyrir þjóðarhundum var mikill og þótti atburðurinn takast vel. Stjórn þakkar öllum þeim sem lögðu okkur lið svo að kynningarnar mættu takast eins vel og raun varð á. Afhentur var nýttgefinn bæklingur á ensku og íslensku þar sem sagt er frá íslenskum fjárhundum í máli og myndum.

Stjórn D.Í.F.

Íþróttadeild



Hundafimimót

Næstu mót verða haldin 20. september kl. 13:00 og 8. nóvember kl. 13:00.

Úrslit fyrri móta er að finna á heimasíðu deildarinnar www.hundafimi.is

Bronspróf í hundafimi

10 hundar skráðu sig ásamt eigendum á fyrsta bronspróf sem hefur verið haldið á Íslandi í hundafimi. Prófið fór fram á hundasýningu HRFÍ sem var haldin í Víðidal þann 21. júní. Aðstæður voru misgóðar þar sem að völlurinn var heldur blautur en hundar og menn létu það ekki á sig fá og hlupu brautina af miklum glæsibrag. Átta hundar og stjórnendur þeirra náðu bronsmerki

Íþróttadeildar og óskum við þeim hjartanlega til hamingju með árangurinn og hlökkum til að sjá ykkur hlaupa í framtíðinni í opnu tímum og á mótum.

Keppnisverðlaun og verðlaun fyrir að ná bronsprófi voru styrkt af Sláturfélagi Suðurlands og þökkum við þeim kærlega fyrir.

Dómari prófsins var Monika Karlsdóttir. Við þökkum henni ásamt öllum keppendum og starfsfólki sem komu að þessum degi.

Nýr hundafimidómari

Monika Dagný Karlsdóttir hefur verið samþykkt af stjórn HRFÍ sem dómari í hundafimi. Ragnar Sigurjónsson hefur verið okkar eini dómari seinustu ár og er það mikið fagnaðarindi að við höfum nú tvo dómara sem munu að öllum líkindum skiptast á að dæma mótin fyrir okkur. Stjórn Íþróttadeildar óskar Moniku Karlsdóttir innilega til hamingju með réttindin.

Fyrirlestur 29. júní

Loren Dribinsky hélt stuttan fyrirlestur um grunnþjálfun hunda í hundafimi. Lýsti hún fyrir okkur sinni reynslu úr hundafimi og hvað hafi hentað henni best þegar hún þjálfar hundana sínu fyrir keppni. Mæting var góð og eftir fróðlegan fyrirlesturinn var farið í opinn tíma þar sem Loren aðstoðaði okkur með nokkrar verklegar æfingar.

Árshátíð Íþróttadeildar

Árshátíð Íþróttadeildar var haldin föstudagskvöldið 30. maí á veitingastaðnum Horninu. Fámennt en góðmennt var á árshátíðinni þar sem 10 manns komu saman til að skemmta sér og sjá hvort annað í öðrum galla en hundagallanum.

Á árshátíðinni voru hin venjubundnu atriði eins og afhending Skuggans sem er farandverðlaunabíkar fyrir mestu framfarir ársins sem var að líða. Steinunn Huld Atladóttir og Kolar fengu Skuggann afhendan fyrir mestu framfarir árið 2013. Einnig fengu þau verðlaunapening til eignar.

Auk þess eru alltaf veitt mætingarverðlaun fyrir hvert ár. Berglind Reynisdóttir og Grímur fengu mætingarverðlaun og fengu afhendan verðlaunapening fyrir afrekið. Með langbestu mætinguna 2013 sem og síðustu ár. Til gaman má geta að þau eru einnig lengst komin í keppnum og eru komin í flokk III í bæði agility og jumpers-keppnum.

Á árshátíðinni er einnig alltaf tombóla. Vinningar á hverjum miða og fengum við frábæra vinninga þetta árið.

Þau fyrirtæki sem gáfu vinninga voru Lifland, Lýsi hf, Ölgerðin Egill Skallagrímsson, Pet head, Júlíus K-9, Arctic trading company.

Þökkum þeim kærlega fyrir frábæra vinninga.

Við þökkum fyrir mjög skemmtilegt kvöld þeim sem mættu og skemmtu sér saman þetta árið.

Opnir tímar

Opnir tímar deildarinnar hafa verið haldnir á sunnudögum í allan vetur en í sumar voru opnir tímar á þriðjudögum klukkan 20:00. Tímarnir færast svo aftur á sunnudaga í lok ágúst eða byrjun september.

Námskeið

Námskeið í hundafimi verða haldin reglulega í vetur og er skráning hafin á fyrsta námskeiðið sem byrjar í september. Námskeiðið er opið öllum hundum eldri en 1 árs, blandingum eða hreindræktuðum og hvort sem þið eruð félagsmenn í HRFÍ eða ekki. Tekið er á móti fyrirspurnum og skráningum á hundafimi@hotmail.com. Námskeiðið kostar 26.000.-kr. skv. gjaldskrá HRFÍ. Upplýsingar sem þarf til að skrá á námskeið eru: Nafn, kennitala, sími, netfang, nafn hunds, aldur og tegund.

Starfsmenn móta og nefndir

Íþróttadeild þiggur alla þá hjálp sem fæst og er ávallt að leita eftir starfsfólki fyrir mót deildarinnar. Kjörrið tækifæri til að kynna hundafiminni betur hafir þú áhuga á íþróttinni.

Einnig stendur til að virkja nefndir tengdar öðrum hundaíþróttum og vantar okkur sjálfbóaliða í þau störf. Hafir þú áhuga á að bjóða þig fram þá skal endilega hafa samband við deildina á hundafimi@hotmail.com

*F.h. Íþróttadeildar,
Rúnar Tryggvason.*

Papillon- og phaléneideild



Sigurmyndin í ljósmyndasamkeppni deildarinnar. Ljósmyndari: Valdís Vignisdóttir.

Á tvöfaldrí afmælisýningu HRFÍ voru úrslitin þessi:

Laugardagur, Reykjavík Winner:

BOB: Butterfly's Kisses Rudolph The Red Nosed Reindeer, 1. sæti í tegundahópi 9

BOS: Butterfly's Kisses

Holly Jolly Christmas

BÖT: C.I.B. ISCh Denemore Forevertreasure

B.HV.T.: 4-6 mánaða Höfðaborgar Blue Ivy

B.HV.T.: 6-9 mánaða Sweet dreams „Simbi“

Besti ræktunarhópur: Hálsakots-ræktun, 1. sæti í úrslitum

Besti afkvæmahópur: C.I.B. ISCh Denemore Forevertreasure

Sunnudagur, alþjóðleg sýning:

BOB: Butterfly's Kisses Chiquitita, 4. sæti í tegundahópi 9

BOS: Hálsakots Something Is Burning

BÖT: C.I.B. ISCh Denemore Forevertreasure

B.HV.T. 4-6 mánaða: Höfðaborgar Blue Ivy, 3. sæti í úrslitum

Besti ræktunarhópur: Hálsakots-ræktun

Besti afkvæmahópur: Hálsakots P.S. I Love You

Kærar þakkar, yndislegu sjálfbóaliðar, sem unnuð fyrir deildina og félagið okkar þessa sýningarhelgi.

Í vor var haldin ilmjarna-olíukynning þann 16. maí í Sólheimakoti. Byrjað var á að leyfa hundunum að leika sér og gengið var smá hring í móanum. Eftir það hlýjuðu þátttakendur sér inni í kotinu og var kynning og kennsla í meðhöndlun ilmjarnaolía fyrir hunda hjá heilsumeistararum, Hafdís Ósk Sigurðardóttur.

Þetta var vel sótt og var virkilega gaman að geta nýtt sér aðstöðuna í Sólheimakoti sem hefur tekið stakkaskiptum.

Haldin var snyrtikennsla þann 5. júní í Dekurdýrum. Hundasnyrtirinn Ásta María

Guðbergsdóttir fór yfir helstu atriði í böðun og snyrtingu.

69 myndir bárust í ljósmyndasamkeppnina og þökkum við öllum fyrir þátttökuna.

Sérstakar þakkar fá styrktaraðilar fyrir örlæti við deildina.

Verðlaun voru vegleg og eftirfarandi aðilar gáfu þau:

Strigaprentun.is gaf strigaprentun fyrir myndina í 1. sæti. Síðan gáfu Dekurdýr, Dyrheimar og Hundahreysti verðlaun fyrir öll sæti.

Í 1. sæti var mynd af Gutta frá Valdís Vignisdóttur sem jafnframt tók myndina.

Í 2. sæti var mynd af Herkúlesi frá Karen Ösp Guðbjartsdóttur, ljósmyndari er Helga Kolbeinsdóttir.

Í 3. sæti var mynd af Stormi frá Ingu Birnu Sigurðardóttur sem jafnframt tók myndina.

Minum á heimasíðu www.papillonideild.is og póstlistann papillonideild@gmail.com

*Fyrir hönd stjórnar,
Guðný Stefania
Tryggvadóttir, ritari.*

Retrierverdeild



Besti hundur sýningar á deildarsýningu Retrierverdeildar, nova scotia duck tolling retriever-hundurinn, USCh CANCh Pikkinokka's Nice Try Avatar.

Margt hefur gerst í deildarstarfinu frá síðustu fréttum frá deildinni. Göngu- og skemmtinefnd hefur að venju verið mjög virk og staðið fyrir göngum, páskaeggjaleit og hvolpasprelli sem hafa verið vel sótt. Básanefndin sá um að manna tvöfaldan bás á stórhundadögum í Garðheimum og voru margir sem lögðu leið sína þangað til að fræðast um Retrierverteggundirnar og fá að knúsa hundana. Ársfundur deildarinnar var haldinn í mars og breyttist stjórn nokkuð en Guðmundur A. Guðmundsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu og Þórgunnur Eyfjörð Pétursdóttir kom inn í stjórn í hans stað. Stjórn skipti þannig

með sér verkum: Heiðar Sveinsson formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir ritari, Þórhallur Viðar Atlason gjaldkeri, Arnar Tryggvason meðstjórnandi og Þórgunnur Eyfjörð Pétursdóttir meðstjórnandi.

Sýningar

Fjórar sýningar hafa verið haldnar frá útkomu síðasta Sáms, alþjóðleg sýning í febrúar, alþjóðleg sýning í júní og einnig var þá haldin Reykjavík Winner sýning. Deildarsýning Retrieverdeildarinnar var svo haldin 12. júlí sem hluti af árlegum deildarviðburði. Retrieverhundar hafa verið áberandi á öllum þessum sýningum og fóru úrslit svo: Í febrúar varð ISShCh Mánasteins Birta besti labrador og bestur af gagnstæðu kyni varð Hólabergs Famous Sport. Besti golden varð ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine og bestur af gagnstæðu kyni var ISShCh Amazing Gold Erró. Besti flat-coated var Bez Ami's Always My Charming Tosca.

Reykjavík Winner sýningin var haldin laugardaginn 21. júní og fá þá þeir hundar sem verða bestu hundar tegundar og bestu hundur tegundar af gagnstæðu kyni titilinn „RW-14“ fyrir framan nafn sitt. Í labrador varð ISShCh Mánasteins Birta hlutskörpust og ISShCh Leynigarðs Loki bestur af gagnstæðu kyni. Hjá golden varð RW-13 Dewmist Glitter N'Glance hlutskörpustur og best af gagnstæðu kyni ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine. Ný retrievertegund kom til landsins í vor en þá kom til landsins nova scotia duck tolling retriever, USCh CANCh Pikkinokka's Nice Try Avatar og varð hann hlutskörpustur þeirrar tegundar. Enginn flat-coated var sýndur þessa helgi.

Á alþjóðlegu sýningunni sem haldin var á sunnudeginum 22. júní varð ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine hlutskörpust goldena og Dewmist Rain of Comets bestur af gagnstæðu kyni. ISShCh Freyvangs Dimma varð besti labrador dagsins og bestur af gagnstæðu kyni ISShCh Musical's The Hostage, besti öldungur varð RW-13 ISShCh Leiru Röskur. USCh CANCh Pikkinokka's Nice Try Avatar varð aftur bestur nova scotia duck tolling retrievera.

Deildarviðburðurinn

Helgina 11.-13. júlí fór fram árlegur viðburður

Retrieverdeildarinnar í Húsafelli þar sem koma saman þeir sem keppa á veiðiprófum, en tvöfalt próf er haldið á þessum viðburði, og þeir sem leggja meiri áherslu á sýningar. Viðburðurinn heppnaðist mjög vel og voru allir glaðir með helgina þrátt fyrir rysjótt veður. Á föstudeginum var keppt í opnum flokki og úrvalsflokki B í veiðiprófi, dómari var Johnny Henriksen frá Danmörku.

Best í opnum flokki var Æsuborgar Destiny Þoka og í úrvalsflokki Ljósavíkur Nínó. Á laugardeginum var haldin deildarsýning og dómari þar var Börge Espeland. Hann valdi RW-13 Glitter N'Glance besta goldeninn og ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine besta af gagnstæðu kyni. Í labrador varð ISShCh Mánasteins Birta hlutskörpust og bestur af gagnstæðu kyni C.I.E. ISShCh Buckholt Cecil. Besti öldungur varð Queijeiro Alek. Besti flat-coated varð Bez-Ami's Always My Charming Tosca og besti nova scotia duck tolling retriever USCh CANCh Pikkinokka's Nice Try Avatar. Sýningarúrslitin fóru svo: BIS USCh CANCh Pikkinokka's Nice Try Avatar (nova scotia duck tolling retriever) BIS 2 ISShCh Mánasteins Birta (labrador retriever) BIS 3 RW-13 Dewmist Glitter N'Glance (golden retriever) BIS 4 Bez-Ami's Always My Charming Tosca (flat-coated retriever). Á deildarsýningunni er valinn besti ungliði sýningar og hlutskörpust varð goldeninn Perlugull Lady og í öðru sæti varð labradorinn Leynigarðs Gola. Besti hvolpur sýningar varð labradorinn All Hail The King Peter's Gang og í öðru sæti goldeninn Karvin Blister On The Moon.

Besti öldungur sýningar var Queijeiro Alek.

Á sunnudeginum var haldið annað veiðipróf þar sem Sigurmon M. Hreinsson dæmdi byrjendaflokk og Johnny Henriksen dæmdi opinn flokk og úrvalsflokk. Bestu hundar í flokkum voru: Byrjendaflokkur: Bez-Ami's Always My Charming Tosca, opinn flokkur: Bjargasteins Camilla og úrvalsflokkur: Kolkuós Míla. Hólabergsbikarinn er veittur á deildarviðburðinum þeim hundi sem skorar hæst samanlagt á sýningu og veiðiprófi sunnudagsins og hlaut ISFtCh Lísá bikarinn nú í ár sem og í fyrra.

Veiðipróf

Nú þegar hafa verið haldin 11 veiðipróf, þar af þrjú tvöföld og hafa 142 hundar þreytt þau próf og enn eru eftir 4 próf. Því er allt útlit fyrir metþátttöku þetta árið. Þátttakendum í veiðiprófum hefur verið að fjölga ár frá ári og er virkilega gaman að sjá hversu virkir retrievereigendur eru í að nýta eðli hundanna og vinna með þá. Þá má geta þess að þeir hafa einnig verið að vinna með hundana á öðrum vettvangi, nokkrir hafa tekið hlýðniprof með mjög góðum árangri sem og sporapróf, einnig með góðum árangri og þá hafa retrieverhundar verið þjálfaðir sem leiðsöguhundar fyrir blinda, við ýmis störf innan tollgæslunnar og við björgunarstörf. Retrieverar hafa einnig verið notaðir sem heimsóknarvinir hjá Rauða krossi Íslands og sem aðstoðarhundar fyrir börn við lestur. Við eigum enn eftir nokkur próf, nokkrar sýningar og ýmsir viðburðir eru planaðir framundan hjá göngu- og skemmtinefnd þannig að við Retrievereigendur eigum von á skemmtilegri sumarrest og síðan kemur veturinn með sínum skemmtunum.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem hafa starfað við viðburði deildarinnar, þó langar mig sérstaklega að þakka Herðsi Hallmarsdóttur og Lilju Dóru Halldórsdóttur sem sáu um hringstjóra-, sýningastjóra- og ritarstörf á deildarsýningunni okkar og Jóhönnu Ólafsdóttur hjá Dýrækninum í Mosfellsbæ sem var dýralæknir sýningarinnar. Eins viljum við þakka okkar aðalstyrktaraðilum, Dýrheimum, sem veita okkur ómetanlegan stuðning, Stálnaust sem hefur styrkt okkur einnig gegnum árin og Bendi sem hefur einnig styrkt okkur með kaupum á bikurum í hvolpaflokkum. Deildin er mjög lifandi og margt að gerast, endilega fylgist með tilkynningum með því að skrá ykkur á póstlista deildarinnar sem er á heimasíðunni okkar www.retriever.is og eins er virkur hópur á facebooksíðu deildarinnar en tengill er á hana á heimasíðunni.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar, Guðbjörg Guðmundsdóttir, ritari.

Schäferdeild



Frá göngu Schäferdeildar í maí sl. Gengið var að Sólfarinu þar sem teknar voru myndir og eigendur spjalluðu.

Schäferdeildin hefur staðið fyrir tveimur stórum göngum á árinu. Fyrst var haldin okkar árlega páskaganga í blíðskaparveðri í Mosfellsbænum. Þá næst héldum við göngu í byrjun maí og gengum við Sæbrautina út að Sólfarinu. Í báðar göngur mættu um 15 hundar með eigendum sínum og vöktu þær mikla lukku.

Deildin stóð fyrir sporakynningu í Sólheimakoti seinnipartinn í maí. Fyrst hélt Theodór Bjarnason almenna kynningu um sporabjálfun og svo æfðu eigendur sig úti ásamt hundum sínum. Fyrirhugað er að halda fleiri svona kynningar bæði um sporabjálfun og hlýðni.

Nýafstaðin tvöföld afmælisýning HRFÍ fór vel fram í Víðidalnum í Reykjavík. Stóð Schäferdeildin fyrir þremur stórum sýningarbjálfunum á svæðinu þar sem sýningin fór fram. Vel var mætt á þjálfanirnar og góð stemning skapaðist hjá fölkum. Veðrið lék líka betur við okkur á æfingum en á sýningunni sjálfri.

Á laugardeginum 21. júní var Reykjavík Winner sýning HRFÍ haldin í annað sinn. Dómariinn að þessu sinni var Péter Harsányi frá Ungverjalandi. Skráður var til leiks 51 schäferhundur, 41 snöggærður og 10 síðhærðir. Í snöggærðum var besti hvolpur tegundar í yngri hvolpaflokki Kötlu Alfa París og endaði hún sem 4. besti hvolpur sýningar. Í eldri hvolpaflokki var það Gjósku Sigurveig sem var hlutskörpust.

Besti hundur tegundar varð C.I.B. ISCh RW-14 RW-13 Welincha's Yasko og besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni varð RW-14 Gjóska Mylla. C.I.B. ISCh RW-14 RW-13 Welincha's Yasko varð svo í 2. sæti í tegundahópi 1. Besti öldungur tegundar var C.I.B. ISCh Easy von Santamar. Besta ræktunarhóp tegundar átti Kolgrímuræktun. C.I.B. ISCh RW-14 RW-13 Welincha's Yasko átti besta afkvæmahópinn og endaði hann sem besti afkvæmahópur sýningar.

Í síðhærðu hundunum var það ISShCh RW-14 Svarthamars Garpur sem varð besti hundur tegundar og fékk hann sitt þriðja

meistarastig og er því annar síðhærði hundurinn á landinu sem hlýtur meistaranafnbótina „íslenskur sýningarmeistari“. Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni var hin unga Kolgrímu Gypsy Woman Hólm. Fékk hún einnig sitt 3. meistarastig en hefur ekki náð tilsettum 2 ára aldri. Besta ræktunarhóp átti Gjósukuræktun.

Á sunnudeginum 22. júní var haldin alþjóðleg sýning og kom það í hlut Tomasz Borkowski frá Póllandi að dæma tegundina. Aftur var góð skráning eða 50 hundar, 41 snögghærður og 9 síðhærðir. Í snöggu hundunum var það aftur Kötlú Alfa Paris sem var besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða og Gjósku Stakkur-Goði stóð upp úr í flokki hvolpa 6-9 mánaða.

Besti hundur tegundar og jafnframt besti öldungur tegundar var C.I.B. ISCh Easy von Santamar. Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni var nýr sýningarmeistari ISShCh Kolgrímu For Your Eyes Only Hólm. Besta ræktunarhóp átti Kolgrímuræktun og endaði hann sem 2. besti ræktunarhópur sýningar. Eins og fyrri daginn var það C.I.B. ISCh RW-14 RW-13 Welincha's Yasko sem átti besta afkvæmahópinn og endaði hann aftur sem besti afkvæmahópur sýningar.

Hjá síðhærðu hundunum var það Kolgrímu Flash Back Hólm sem var besti hundur tegundar og besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni var Gjósku Ruslana-Myrra. Aftur var það Gjósukuræktun sem var með besta ræktunarhóp tegundar.

Fyrir hönd stjórnar, Rúna Helgadóttir Borgfjörð, ritari.

Schnauzerdeild



Heljuheims Fenrir með sýnanda sínum Jóhönnu Líf Halldórsdóttur.

Deildarsýning var haldin þann 26. apríl þar sem 79 schnauzerar

voru skráðir en sænski dómariinn Charlotte Orre dæmdi á sýningunni. Úrslitin urðu eftirfarandi:

Í 4-6 mánaða hvolpaflokki varð Svartskeggs Bling Bling for Dolina Rivendell besti hvolpur sýningar. Í 6-9 mánaða hvolpaflokki varð Swartwalds Killer Queen besti hvolpur. Besta parið var Swartwalds For Those About to Rock og Kristinka Swartwalds Wild Rane. Besti afkvæmahópur var Barba Nigra Miss Sunshine með afkvæmum. Besti ræktunarhópur var Kolskeggs-ræktun, besti öldungur Svartskeggs Black Pearl, besti ungliði Made in Iceland Thelma og besti hundur sýningar var Heljuheims Fenrir. Mörg fyrirtæki og ræktendur styrktu sýninguna og gáfu bikara og gjafapakka. Einnig voru margir sem lögðu hönd á plóginn og hjálpuðu til við allan undirbúning. Eftir sýninguna fögnuðu meðlimir ásamt dómara og borðuðu saman á Bombay Bazaar. Daginn eftir var haldið snyrtinámskeið þar sem dómariinn leiðbeindi áhugasömum snyrtum.

Hið árlega landsmót deildarinnar var haldið í júní í Haukadal. Partýtjaldi var slegið upp, krakka- hundasýning haldin þar sem allir þátttakendur fengu verðlaunapening, grillað saman og farið í leiki.

Á tvöföldu sumarsýningu HRFÍ var partýtjaldið sett upp fyrir schnauzereigendur og kom það sér vel í rigningunni. Á laugardeginum varð svart/silfur dvergschnauzerinn, Sasquehanna Listek í 2.sæti í tegundahópi 2 og svarta dvergschnauzertikin, Dimma besti hvolpur sýningar í aldursflokknum 4-6 mánaða. Helguhlíðar-ræktun varð svo í 3. sæti sem besti ræktunarhópur sýningar. Á sunnudeginum varð standard schnauzertikin, Thelma Black Grand Calvera í 4.sæti í tegundahópi 2 og pipar og salt tikin, Icenice Lilo í 3. sæti sem besti hvolpur sýningar í aldursflokknum 6-9 mánaða. Risaschnauzertikin, Mir-Jan's Campari varð í 4. sæti ásamt afkvæmum sínum um besta afkvæmahóp sýningar og Helguhlíðar-ræktun varð aftur í 3. sæti sem besti ræktunarhópur sýningar. Við óskum eigendum og ræktendum innilega til hamingju með flottan árangur síðustu þriggja sýninga.

Göngur á vegum deildarinnar hafa verið reglulegar og gengið er að minnsta kosti einu sinni í mánuði á mismunandi

stöðum. Gengið hefur verið í Geldinganesfjör, Paradísardal, um miðbæinn og fleiri staði.

Á döfinni

Þann 13. september verður nýliðadagur þar sem öllum eigendum hvolpa innan við eins árs er boðið að koma, hittast og spjalla saman ásamt því að hlusta á stutta fræðslu um tjáningu hunda og feldhirðu á schnauzer. Einnig er stefnt að því að boða til félagsfundar með haustinu þar sem öllum schnauzereigendum verður boðið. Nánari upplýsingar um alla viðburði deildarinnar er að finna á www.schnauzerdeild.is og á facebook-síðunni.

Stjórn vill þakka öllum þeim sem hafa lagt lið við undirbúning og frágang hinna ýmsu viðburða. En það hefur alltaf verið hægt að húa saman fólk sem er tilbúið að hjálpa til og ekki hægt að segja annað en að innan deildarinnar sé öflugt og samheldið fólk.

Fyrir hönd stjórnar, Líný Björk Ívarsdóttir.

Shih tzu-deild



Gin Gin von Savaredo sigraði tegundahóp 9 á sunnudeginum. Ljós. Sóley Ragna Ragnarsdóttir.

20. janúar fæddust 5 hvolpar hjá Gullroðaræktun, 3 rakkar og 2 tíkur.

Febrúarsýning

BOB: Gin Gin Von Savaredo
BOS: Paradise Passion Chris Rene
Hvolpar 4-6 mánaða: Íseldar Mangó
Hvolpar 6-9 mánaða: Artelino Cloudberry Passion

Aðalfundur deildarinnar var haldinn í mars á þessu ári og stjórnin var endurkosin.

Deildin stóð fyrir sýningarþjálfun og snyrtinámskeiði í vikunni fyrir sumarsýninguna og fengu til sín Ankki Hals frá Noregi sem er shih tzu ræktandi og hundasnyrtir. Einnig hefur hún ræktað papillon og silky terrier. Viðburðurinn var vel sóttur og heppnaðist vel. Deildin stóð fyrir þremur sýningarþjálfunum fyrir þessa

sýningu og var góð mæting.

Á tvöföldu afmællissýningu HRFÍ helgina 21.-22. júní tóku 16 hundar þátt á laugardag og 17 á sunnudag.

Á laugardeginum var ISCh RW-14 ISCh Ta maria Wot A Bee besti hundur tegundar og varð í 4. sæti í tegundahópi 9. ISCh RW-14 Paradise Passion Chris Rene varð besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni.

Á sunnudag var Gin Gin von Savaredo besti hundur tegundar og sigraði tegundahóp 9 en fékk því miður ekki sæti í keppninni um besta hund sýningar. Þetta er í fyrsta skipti í mörg ár þar sem shih tzu er í sæti í tegundahópi 9 og hvað þá að sigra hann! Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni var ISCh RW-14 Paradise Passion Chris Rene og fékk hann sitt síðasta CACIB og er því orðinn alþjóðlegur meistari. Besti hvolpur tegundar með heiðursverðlaun var Íseldar Morgana en hún missti af úrslitunum.

Gaman er að segja frá því að það fæddust hvolpar fyrri dag sýningarinnar undan Íseldar Sif og Zyss Ghosthunter, tveir rakkar og ein tík.

Deildin hefur pantað salinn fyrir sýningaþjálfanir út árið og verða því tvær sýningaþjálfanir í viku fyrir september- og nóvembersýningu.

Kveðja, stjórn.

Siberian husky-deild



ISCh RW-14 Múla Hríma

Alþjóðleg sýning 22.-23. febrúar 2014

BOB BIG BIS: ISCh Múla Hríma
BOS: C.I.B. AMCh DKCh ISCh Destiny's Fox in Socks
BOB hvolpur (6-9 mán.): Múla Duchess
BIS afkvæmahópur-2: Múla Hríma og afkvæmi BIS ræktunarhópur: Miðnætur-ræktun

Reykjavík Winner sýning 21. júní 2014

BOB BIG-2: ISCh Múla Hríma
BOS: C.I.B. AMCh DKCh ISCh Destiny's Fox in Socks
BOB hvolpur (6-9 mán.): Akrafjallshnjúkur Hyrrokkína

Mollý

BOB BIS-2 öldungur: C.I.B. ISCh
Anyka Bootylicious Babe

Alþjóðleg sýning 22. júní 2014

BOB BIG: ISCh RW-14 Múla
Hríma

BOS: C.I.B. AMCh DKCh AMCh
Destiny's Fox in Socks

BOB BIS-4 hvolpur (6-9 mán.):
Akrafjallshnjúkur Hyrrokkína
Mollý

BOB afkvæmahópur: C.I.B. AMCh
DKCh ISCh RW-14 Destiny's Fox
in Socks

BOB ræktunarhópur:
Miðnætur-ræktun

Grillhittingur

Þann 14. júní s.l. boðaði deildin
hitting fyrir siberian husky
eigendur í Þjóðháttíðarlundi í
Heiðmörk. Hundar og eigendur
áttu góðan tíma saman og
var genginn ágætur hringur
og svo grillaðar pylsur í boði
deildarinnar. Það var fin
mæting og ætlar deildin að
reyna að halda annan svona
hitting áður en sumri lýkur.

Fjölmíðlafulltrúi

Stjórnin auglýsir eftir
einstaklingi sem væri til í að vera
fjölmíðlafulltrúi fyrir tegundina.
Hlutverk fjölmíðlafulltrúa má
sjá á heimasíðu deildarinnar,
www.huskydeild.com.

Á döfni

Helgína 29.-30. nóvember
mun hin virta Pat Hastings
koma til landsins og vera með
námskeið fyrir hundaeigendur.
Námskeiðið mun fjalla um
byggingu hunda og leið Pat til að
meta hvolpa. Frekari upplýsingar
um námskeiðið má sjá á
heimasíðu deildarinnar, www.huskydeild.com. Allir velkomnir.
Vonumst til að sjá sem flesta!

F.h. stjórnar Siberian husky
deildar,
Ólóf Gyða Risten
Svansdóttir, ritari.

Tíbet spanieldeild



ISCh RW-13 RW-14 Tíbráar Tinda Pink
Lotus varð í 2. sæti í tegundahópi 9.
Ljósm. Agúst Agústsson.

Sýningar

Í tilefni af 45 ára afmæli HRF
voru haldnar tvær sýningar
helgina 21.-22. júní. Fyrri
daginn var Reykjavík Winner
- 14 sýning og seinni daginn
var alþjóðleg (CACIB) sýning.
Sýningarnar voru haldnar á
útsvæði í Víðidal í frekar votu
veðri en tókust samt mjög vel.

Á Reykjavík Winner (RW- 14)
sýninguna 21. júní voru skráðir
17 tíbet spaniel og enginn
hvolpur að þessu sinni. Dómari
fyrir okkar tegund var Ann-
Marie Mæland frá Svíþjóð.

Úrslit urðu eftirfarandi:

BOB og RW-14 var valinn
RW-14 RW-13 C.I.B. ISCh
Tíbráar Tinda Prayer Wheel
Spinner „Rúbín“. Eigandi
hans er Kolbrún Jónsdóttir.
Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BR 2 var valinn Tíbráar Tinda Red
Snap Dragon „Dragon“. Hann
fékk sitt 5. meistarastig. Eigandi
og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BR 3 var valinn Toyway Tim-
Bu „Tímú“. Eigandi Kolbrún
Jónsdóttir. Ræktandi Jouko
Leiviskä.

BR 4 var valinn Lilileian Yankee
Doodle „Topaz“. Eigendur Auður
Valgeirsdóttir og Berglind B.
Jónsdóttir. Ræktandi Tiina Rämö.

BR 5 var valinn C.I.B. ISCh. Tíbráar
Tinda Monastery's Guardian
„Buddha“. Eigendur Auður
Valgeirsdóttir og Rannveig Rúna
Viggósdóttir. Ræktandi Auður
Valgeirsdóttir.

BOS og RW-14 var valinn RW-
14 RW-13 ISCh.Tíbráar Tinda
Pink Lotus „Lotus“. Eigandi og
ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BT 2 var valin Hnota. Hún fékk
sitt 1. meistarastig. Eigandi
Guðrún Guðmundsdóttir.
Ræktandi. Dagný Egilsdóttir.

BT 3 var valin Frostrósar

Hrafna. Eigandi hennar er
Kristín Anna Toft. Ræktendur
Jo-Ann Önnudóttir og
Brynjar Gunnarsson.

BT 4 var valin C.I.B. Tíbráar
Tinda Tibet's Pride N Glory
„Glory“. Eigandi og ræktandi
Auður Valgeirsdóttir.

BOB ræktunarhópur var
valinn Tíbráar Tinda-
ræktun. Hópurinn fékk
heiðursverðlaun og endaði
sem BIS 2 ræktunarhópur
sýningar. Ræktandi Auður
Valgeirsdóttir. Dómari fyrir
BIS ræktunarhóp dagsins var
Birgitta Svarstad frá Svíþjóð.

Farandbikara fyrir BOB og
BOS gaf Perlu-Lindar-ræktun
Berglindar Bjarkar Jónsdóttur.
Gjafabikara fyrir fullorðna
gaf JRJ (Kolbrún Jónsdóttir)

Á alþjóðlegu sýninguna 22.
júní voru 18 tíbet spaniel skráðir.
Dómari fyrir okkar tegund var
Gunnar Nymann frá Danmörku.

BOB var valin RW-14 RW-13
ISChTíbráar Tinda Pink Lotus
„Lotus“. Hún fékk sitt 5. CACIB
og þar með rétt til að sækja
um C.I.B. titilinn til FCI. Hún
gerði líka enn betur og var valin
í annað sæti í tegundahópi 9.

BT 2 var valin Ronja. Hún fékk
sitt 1. meistarastig. Eigandi og
ræktandi Dagný Egilsdóttir
BT 3 var valin Hnota.

BT 4 var valin Tíbráar Tinda
Tourmaline „Lotta“. Eigandi
Kristín Elfa Guðnarsdóttir.
Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BOS var valinn RW-14 RW-
13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda
Prayer Wheel Spinner
„Rúbín“. Hann fékk CACIB.

BR 2 var valinn Tíbráar Tinda
Red Snap Dragon „Dragon“.
Hann fékk sitt 6. meistarastig
og hefur nú rétt til að sækja
um ISCh meistarastig, hann
fékk líka vara CACIB.

BOB ræktunarhópur var
valinn Tíbráar Tinda-ræktun.
Hópurinn fékk heiðursverðlaun
og endaði sem BIS 1
ræktunarhópur sýningar. Dómari
fyrir BIS ræktunarhóp dagsins
var Malgorzata Supronowicz
frá Póllandi. Dómari fyrir
tegundahóp 9 var Birgitta
Svarstad frá Svíþjóð.
Gjafabikara fyrir BOB og
BOS gaf Tíbet spaniel deildin.

Stjórn deildarinnar óskar
eigendum og ræktendum
hjartanlega til hamingju
með hundana sína.

Fjölgun

Þann 22. apríl s.l. fæddust
5 hvolpar, 2 tikur og 3
rakkar, undan Toyway
Tim-Bu og ISCh Mónu.

Hvolparnir eru allir
komnir með eigendur.

Ræktandi er Guðrún Helga
Harðardóttir, Demetriu-ræktun.

Hjartanlegar hamingjuóskir til
ræktanda og eigenda hvolpanna.

Deildarviðburðir

Stjórn deildarinnar stóð fyrir
snrtnámskeiði undir stjórn
Ástu Maríu Guðbersdóttur
hundasnrtis hjá Dekurdýrum.
Það var farið yfir almenna
feldhirðu, það, blástur og aðra
umhirðu tíbet spaniel hunda.

Mæting var mjög góð.
Þökkum Ástu Maríu kærlega
fyrir frábæra kennslu og
deildarmeðlimum fyrir komuna.

Við hittumst tvísvar
sinnum fyrir sýningahelgina á
sýningarsvæðinu og þjálfuðum
tíbbana okkar undir stjórn
Auðar Valgeirsdóttur.

DNA test fyrir PRA3
Frá því í júlí 2013 hefur verið
hægt að DNA-prófa tíbet
spaniel við augnsjúkdómnum
PRA 3. Þess má geta að þessi
sjúkdómur er einn af PRA
sjúkdómum sem finnast
í tegundinni og er jafnframt
sá sjúkdómur sem leggst á
hundana mjög unga og verða
þeir blindir mjög ungir. Allar
uppýsingar um prófið má lesa um
á rannsóknarstofu The Animal
Health Trust í Englandi sem er sú
eina sem framkvæmir þetta DNA-
próf. Slóðin er <http://www.aht.org.uk/> Einnig er velkomið að
hafa samband við undirritaða um
prófið.

Þegar þetta er skrifað hafa 9 tíbet
spaniel hundar á Íslandi verið
prófaðir og voru allir greindir
frír af sjúkdómnum. Þess má
geta að nýinnfluttu tíbet spaniel
hundarnir eru frír af PRA 3
vegna þess að foreldrar þeirra
eru DNA-prófaðir og frír. Einn var
prófaður áður en hann kom til
landsins og greindur frír. Þess má
geta að áfram er nauðsynlegt að
halda áfram að láta augnskoða
hundana því fleiri augnsjúkdómar
finnast sem ekki er enn hægt að
DNA-prófa fyrir.
Við viljum minna tíbet spaniel-
eigendur á að láta augnskoða
hundana sína reglulega til
að hægt sé að fylgjast með
stofninum. Skráning og allar
upplýsingar á skrifstofu HRF.
Þeir sem ætla að rækta undan

tíkunum sínum og eigendur undaneldishunda verða að vera með gild augnottorð þegar parað er og má vottorðið ekki vera eldra en 13 mánaða við þörun (sjá reglur um undaneldi á heimasíðu HRFÍ).

Ræktun

Kröfur ræktunarstjórnar til undaneldis eru þær að ræktunardýrin séu ræktunardæmd á sýningum HRFÍ eða öðrum sýningum viðurkenndum af HRFÍ oftar en einu sinni með lágmarkseinkunnina „very good“. Einnig verða undaneldisdýrin að vera með gild augskoðunartottorð (viðurkennd af HRFÍ). Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við þörun. Ef ræktendur óska eftir ráðleggingum ræktunarstjórnar um val á undaneldishundum skal senda skriflega beiðni til stjórnar að minnsta kosti 2 mánuðum fyrir áætlað lóðarí títar til að öruggt sé að hún verði tekin fyrir og afgreidd í tæka tíð fyrir þörun.

Heimasíðan okkar er undir stjórn Helgu Kolbeinsdóttur. Slóðin er tibetspaniel.weebly.com Deildin heldur líka úti Facebook-síðu með fréttum og tilkynningum undir nafninu „Tibetan spaniel á Íslandi innan HRFÍ- Tibetan spaniel in Iceland“. Tölvupóstur er sendur til allra sem eru á póstlistanum okkar um þær upptökur og tilkynningar sem deildin stendur fyrir. Endilega látið okkur vita ef þið fáið ekki tölvupóst frá okkur og einnig ef breytingar verða á netfangi. Endilega fylgist með síðunum okkar, þar er allt sett inn um starf deildarinnar og upptökur, eins og göngur og fleira ásamt upplýsingum um tegundina.

Með bestu kveðju til ykkar allra, bæði tví- og fjórfættra. Vonumst eftir að sjá ykkur sem flest í haust og vetur á upptökum félagsins og deildarinnar.

*F.h. stjórnar Tibet spanieldeildar HRFÍ,
Auður Valgeirsdóttir formaður.*

Unglingadeild



Helga Þöll Guðjónsdóttir og vorsteh-tíkin Ary á góðri stundu áður en þær sigrðu eldri flokk. Ljós. Ágúst Ágústsson.

Crufts

Í ár keppti Theodóra Róbertsdóttir fyrir hönd Íslands á Crufts sem haldin er árlega í Bretlandi og var að þessu sinni haldin 6.-9. mars sl. Alþjóðleg keppni ungra sýnenda var haldin á laugardegnum 8. mars og keppti Theodóra með samoyed-rakkann, Norsk. Dómarinn var Dr. Tamas Jakkal frá Ungverjalandi. Theodóra og Norsk komust í 10 sýnenda úrslit af 46 keppendum frá jafnmörgum löndum. Við óskum Theodóru til hamingju með árangurinn á Crufts en þetta var hennar seinasta sýning sem ungur sýnandi.

Æfingasýning 5. apríl

Fyrsta æfingasýning Unglingadeildar HRFÍ var haldin 5. apríl sl. í húsnæði Gæludýr. is og heppnaðist einstaklega vel. Að þessu sinni voru 37 ungmenni skráð til leiks en skipt var í þrjá aldursflokka þar sem Unglingadeildin bauð í fyrsta skipti upp á barnaflokk sem er fyrir krakka á aldrinum 5-8 ára. Sá flokkur er ætlaður til æfingar og gamans fyrir krakkana sem eru ekki enn orðin nógu gömul til að taka þátt í yngri flokki. Við buðum einnig upp á hefðbundnu flokkana, yngri og eldri, en yngri var fyrir 9-12 ára í þetta skiptið. Dómarar voru tveir að þessu sinni en Sóley Ragna Ragnarsdóttir dæmdi barnaflokk og Sóley Halla Möller yngri og eldri flokk. Þessi keppni gildi ekki til stiga í lok árs.

Yngri flokkur:

1. sæti- Stefánía Stella Baldursdóttir
2. sæti- Elena Mist Theodórsdóttir
3. sæti- Agatha Elín Steinþórsdóttir
4. sæti- Vaka Víðisdóttir

Eldri flokkur:

1. sæti- Hilda Björk Friðriksdóttir
2. sæti- Hafdís Jóna Þórarinsdóttir
3. sæti- Ingunn Birta Ómarsdóttir
4. sæti- Sigrún Sandra Valdimarsdóttir

Stjórn Unglingadeildar þakkar eftirtöldum aðilum stuðninginn á

sýningunni:

Bed Head, Dýrabær, Dýralíf.is, Dýrheimar, Gæludýr.is, Lífland og Royal Canin

Sýnendanámskeið með Pernillu Lindström

Unglingadeild HRFÍ fékk Pernillu Lindström, sem er fyrrverandi sænskur ungur sýnandi, til að koma til landsins og dæma unga sýnendur á sumarsýningu HRFÍ og halda námskeið fyrir hinn almenna sýnanda. Boðið var upp á tvo hópa, vana og óvana. Fullt var í báða hópana og gekk námskeiðið mjög vel fyrir sig. Námskeiðið var haldið í Gæludýr.is á Korputorgi.

Sumarsýning HRFÍ

Keppni ungra sýnenda var að þessu sinni haldin fimmtudaginn 19. júní sl. og var ákveðið að hafa keppnina úti í Víðidalnum eins og sjálfa sýninguna. Dómarar að þessu sinni var Pernilla Lindström frá Svíþjóð.

Yngri flokkur:

1. sæti- Stefánía Stella Baldursdóttir
2. sæti- Vaka Víðisdóttir
3. sæti- Glódís Rún Sigurðardóttir
4. sæti- Elena Mist Theodórsdóttir

Eldri flokkur:

1. sæti- Helga Þöll Guðjónsdóttir
2. sæti- Hafdís Jóna Þórarinsdóttir
3. sæti- Hilda Björk Friðriksdóttir
4. sæti- Margrét Hauksdóttir

Tilkynning frá stjórn

Unglingadeildar

Í ár mun stigatalningin breytast örlítið þar sem Nordic Winner sýningin í Noregi verður haldin helgina 14.-16. nóvember sem er helgin eftir nóvembersýningu HRFÍ og því þarf að ákveða landsliðið fyrir nóvembersýningu HRFÍ. Í ár munu því fyrstu þrjár sýningar HRFÍ gilda til stiga inn í landsliðið, þ.e. stigahæstu fjórir keppendurnir í eldri flokki eftir septembersýningu HRFÍ munu mynda landslið Íslands á Nordic Winner 2014. Allar fjórar sýningar HRFÍ munu hins vegar ákvarða stigahæstu sýnendurna yfir árið og hverjir munu verða fulltrúar á Crufts, heimssýningunni og Evrópusýningunni. Stigatalning í yngri flokki mun haldast óbreytt.

*F.h. Unglingadeildar HRFÍ,
Erna Sigríður Ómarsdóttir.
www.unglingadeild.weebly.com*

Yorkshire terrierdeild



FINCh ISCh Narcissus Majesty of Rock „Leevi“.

Haldin var ganga í Sólheimakoti þar sem mæting var sú besta hingað til og endaði með kaffi í boði deildarinnar, öllum til ánægju.

Í maí á þessu ári var fluttur inn lánshundur frá Finnlandi, FINCh ISCh Narcissus Majesty of Rock „Leevi“. Verður hann hjá eiganda sínum hér á landi, Kristine Erlu Olson, vel fram á næsta ár.

Á tvöfaldrí útisýningu HRFÍ í júní s.l. eignuðumst við tvo nýja Reykjavík Winner-a, þau Gulltoppa Daða og Gulltoppa Frostrós. Óskum við eigendum/ræktendum, Sigrúnu Grétu og Tóta, til hamingju með það. Daginn eftir fór Leevi á sína fyrstu sýningu hér á landi og varð BOB en Gulltoppa Frostrós varð BOS. Leevi fór áfram og sigraði tegundahóp 3 og fékk sinn íslenska meistaratitil á þeim degi. Þótti þessi útisýning vera til fyrirmyndar í alla staði.

Íslenskur hundur, sem býr erlendis, ISCh C.I.B. RW-13 Rosetopps Icran, fékk sænskt meistaratig í Malmö í apríl s.l. Óskum við ræktanda og eigendum til hamingju.

Lítið hefur verið um got undanfarið en fyrsta got ársins fæddist hjá Lindu Jónsdóttur. Foreldrar eru Swedetop's More is Less og Bonsai A Silver Dollar en 3 tikur og 2 rakkar fæddust.

Enn sem komið er vitum við af tveimur ræktendum, Swedetop's og Gulltoppa, sem hafa parað og mun það koma í ljós fljótlega hvernig það hefur gengið. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu deildarinnar: www.yorkshireterrier.is

*Kær kveðja,
stjórnin.*



ROYAL CANIN

Junior fóður fyrir hvolpinn og hann býr að því alla ævi





Björn og Lára hafa í áratugi helgað sig ræktun og þjálfun hunda. Heimsendaræktun þeirra hefur náð frábærum árangri og meðal annars gefið af sér tugi alþjóðlega og íslenskra meistara.

Á þessum árum hafa þau prófað flesta valkosti sem bjóðast í fóðrun. Undanfarin 10 ár hafa þau eingöngu fóðrað sína hunda á Pedigree hundafóðri. Pedigree Vital protection sem er fagleg næring á góðu verði

Björn og Lára eru ræktendur árssins hjá Hundaræktarfélagi Íslands

Notaðu skynsemina - **Pedigree fyrir hundinn þinn!**



Adult healthy vitality



Pedigree® Adult Vitality er framleitt úr sérvöldum hráefnum sem fullnægja næringarþörf hundsins þíns í hverri máltíð.

www.pedigree.is



Enginn viðbættur sykur



Þróað af dýralæknum



Engin tilbúin bragðefni



Öll næring sem hundurinn þinn þarfnast:
Réttu blandan af næringarefnum sem heldur hundinum þínum heilbrigðum og fullum af orku.



Heilbrigð húð og glansandi feldur:
Réttu blandan af Omega 3 og 6 fitusýrum gagnast hundinum þannig að honum líði vel og liti vel út.



Styrkir náttúrulegar varnir: Vítamín E, andoxunarefni og valin steinefni stuðla að verndun náttúrulegra mótefna hundsins þíns.



Sterkar tennur og heilbriggt tannhold:
Sér mótaðir stökkir bitar sem halda tönnunum sterkum. Án viðbættis sykurs.



Vöðvabygging:
Úrvals kjötprótein styrkir vöðva.

Pedigree hvetur alla hundeigendur til að virða lög og reglur um hundahald.